





OFKEYRSLUTÓNLEIKAR
LAUGARDALSHÖLL 06.01.2006 kl. 18.00
ÓKEYPIS MIÐAR:
Náðu þér í ókeypis miða í Aygo hjólhýsinu á Lækjartorgi milli fimm og átta alla daga fram að tónleikum.
www.aygo.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. janúar 2006 — 3. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## Frjósemi í Borgarleikhúsinu

Sýningum á Sölku Völku lýkur fyrr en gert var ráð fyrir því mæðgurnar Salka og Sigurlína eru báðar með barni. Frjósemin virðist elta Eddu Heiðrúnu Backman leikstjóra á röndum.



FÓLK 30

## Stóra sagan

„Umræða um ört vaxandi launamun á sér nú stað um öll Vesturlönd. Best væri ef hún vekti athygli á lykilhlutverki menntunar sem felst í því að búa til ný tækifæri í hnattvæddum heimi,“ segir Jón Ormur Halldórsson.



Í DAG 16

## Lætur sér aldrei leiðast

Ólafur Sigurðsson lætur af störfum eftir áratuga starf hjá RÚV.



TÍMAMÓT 18

## Flaug utan með einkaþotu

Íþróttamaður ársins 2005, Eiður Smári Guðjohnsen, staldraði stutt við á Íslandi en hann flaug utan til London snemma í morgun í einkaþotu í boði Baugs.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**MIKIL RIGNING SUÐAUSTANTIL** og rigning sunnan og vestan til en úrkomulítið norðan- og austanlands og gæti rofað nokkuð til. Hiti 7-14 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Chelsea og fyrirliði karlalandsliðsins í knattspyrnu, var í gær útnefndur íþróttamaður ársins 2005. Eiður Smári hlaut fullt hús atkvæða í kjörinu sem Samtök íþróttafréttamanna stóðu fyrir. Þetta var í fimmtugasta skipti sem íþróttamaður ársins á Íslandi er útnefndur og í síðasta skipti sem bikarinn glæsilegi er afhentur en hann verður varðveittur á Þjóðminjasafninu að ári liðnu. Þetta var annað skiptið í röð sem Eiður Smári er valinn íþróttamaður ársins. **Sjá síðu 26** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppkaup á hesthúsum rædd á stjórnarfundi Gusts í kvöld:

# Grunur um falsað kaupverð

**VIÐSKIPTI** Grunsemdir eru uppi um að hesthús, í hesthúsahverfi Gusts í Kópavogi, hafi verið keypt fyrir hærra verð en gefið hefur verið upp í kaupsamningum. Kaupendur hafi séð sér sérstakan hag í að ekki kæmi fullt kaupverð fram í opinberum gögnum. Stjórn Gusts kemur saman til fundar í kvöld til að ræða þessar grunsemdir og einnig til að ákveða hvort forkaupsréttar skuli neytt á fjórum hesthúsum í hverfinu sem ella verða seld verktökum.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá hafa verið talsverð viðskipti með hesthús á svæði Gusts en það stendur fyrir ofan Reykjanesbraut, nærri Smáralind. Þegar hefur þriðjungur hesthúsanna verið seldur verktökum sem hafa augastað á byggingarlandinu sem hesthúshverfið stendur nú á.

Stjórn Gusts mun hitta verktaka, eða fulltrúa verktaka, að máli á fundi í kvöld en ekki fékkst staðfest í gær um hvaða verktaka var að ræða.

Engilbert Runólfsson, sem verið hefur umsvifamikill í fasteignakaupum í gegnum fyrirtæki sitt Stafna á milli, hefur ítrekað verið bendlaður við kaup á hesthúsum á Gustssvæðinu.

Kristján Ríkharðsson sem verið hefur talsmaður þeirra sem staðið hafa að hesthúsakaupunum kvaðst ekki kannast við að eiga bókaðan fund með stjórn Gusts. „Ég er með þetta,“ sagði hann þegar Fréttablaðið spurði hann um hverjir stæðu að uppkaupunum á hesthúsunum. Guðbjartur Ingibergsson verktaki var upphaflega með Kristjáni í viðskiptunum en er genginn út úr þeim, að sögn Kristjáns. Hann aftók með öllu að eiga í samstarfi við Engilbert Runólfsson en sagði að öllum væri velkomið að kaupa sem vildu það.

Sjálfur var Engilbert spurður hvort hann eða einhver á hans vegum hefði farið fram á fund með stjórn Gusts. „Ég hef bara ekki hugmynd um það,“ svaraði hann og bætti við: „Ég hef ekki tíma til að tala við þig,“ og sleit samtalinu. - jss



**TJÓNIÐ ER MIKIÐ** Mörg smáþorp hafa farið á bólakaf í flóðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð á Súmötru:

## Tugir manna taldir látnir

**INDÓNESÍA, AP** Í það minnsta 57 hafa týnt lífi í flóðum á Súmötru í Indónesíu undanfarna daga. Björgunarsveitir eiga eftir að ná til fjölmargra þorpa og því er búist við að fleiri lík eigi eftir að finnast.

Úrhellisrigning gekk yfir eyjuna um helgina. Í kjölfarið tóku ár að flæða yfir bakka sína og aurskriður að falla. Yfirvöld á svæðinu reyna nú að koma mat, lyfjum og skjólfatnaði til 5.400 manna sem misst hafa heimili sín.

Flóð á borð við þessi eru fremur algeng í Indónesíu og er talið að umfangsmikið skógarhögg sé ein orsök þeirra. ■

Nýsköpun vegna innflytjenda:

## Úlfaldar skapi vinnu í Noregi

**NOREGUR** Forsvarsmenn innflytjendamála í héraðinu Løten á Heiðmörku í Noregi hafa óskað eftir leyfi til að flytja inn úlfalda. Að sögn norska sjónvarpsins er tilgangurinn að skapa fjölmörgum innflytjendum á svæðinu atvinnu en margir þeirra koma frá Norður-Afríku. Með þessum innflutningi hyggjast yfirvöld slá tvær flugur í einu höggi; skapa atvinnu og svara eftirspurn í Noregi eftir afurðum úr úlfaldamjólk.

Fáist heimild til innflutningsins gera yfirvöld í Løten ráð fyrir að 25 til 30 úlfaldar verði komnir þangað í haust. - ssal



Framtíðin er í okkar höndum
Stefnumót stjórnmálamanna, háskólanema og starfsfólks hátæknifyrirtækja 16. janúar.
Sjá nánar á www.si.is
SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Geir Jón, eru þetta skotheld kaup?*

„Það ætla ég að vona.“

Lögreglan í Reykjavík nýtti 25 milljóna króna tekjuafgang til að kaupa tæki og búnað, þar á meðal skotheld vesti. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn.

Nauðlending flugvélar Atlanta rannsökuð í Sádi-Arabíu:

# Flugvirki varð fyrir reykeitrun

**FLUGÖRYGGISMÁL** Flugvirki um borð í Boeing 767 farþegaþotu Air Atlanta Icelandic varð fyrir eitrun vegna reyks sem upp kom í flugstjórnarklefa vélarinnar 14. desember síðastliðinn. Nauðlenda varð vélinni í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, en hún var á leið til Indónesíu frá Jeddah í Sádi-Arabíu.

Dögg Hjaltalín, upplýsingafulltrúi Avion Group, segir að vélin, sem tekur um 300 farþega í sæti, hafi verið tóm, utan áhafnar. „Verið var að ferja hana til Indónesíu vegna pílagrímaflugs og ákveðið að lenda henni í Dubai vegna þess að þar erum við með starfsstöð og hentugast að lenda þar.“ Hún segir flugvirkjann, sem fékk snert af reykeitrun, hafa náð fullri heilsu eftir atvikið en hann naut aðhlynningar á sjúkrastöð flugvallarins. Dögg taldi ekki að atvikið kallaði á mikil viðbrögð eða skoðun á öðrum vélum í flugflota fyrirtækisins enda hafi um minniháttar bilun verið að ræða.

Upptök reyksins voru í spennubreyti sem staðsettur er undir flugstjórnarklefanum, svokölluðu static inverter-boxi, en hann brann yfir. Þorkell Ágústsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa, segir atvikið sem leiddi til nauðlendingar Atlantavélarinnar í Dubai mjög hliðstætt öðru sem varð um borð í Flugleiðavél síðasta sumar. Þeirri vél var snúið aftur til Keflavíkur vegna reyks í flugstjórnarklefanum, en sama tæki hafði brunnið yfir.

„Við höfum verið í sambandi við bæði Sádana, Boeing og Atlanta vegna málsins,“ segir Þorkell, en strax í kjölfar atviksins voru tilnefndir fulltrúar beggja ríkja sem koma skyldu að rannsókn málsins. Rannsóknin er þó í höndum rannsóknarnefndar flugslysa í Sádi-Arabíu. „Þeir eru með rannsókn í gangi og við aðstoðum meðal annars við öflun gagna.“

**olikr@frettabladid.is**



**ALÞJÓÐAFLUGVÖLLURINN Í DUBAI** Farþegavél Atlanta nauðlenti á þessum velli hinn 14. síðasta mánaðar. MYND/AFP

Íslendingur lést í Kólumbíu:

# Lést í svifflugi

**ANDLÁT** Íslendingur lést þegar svifvængur sem hann flaug féll til jarðar í Kólumbíu á gamlársdag. Maðurinn hét Rúnar V. Jensson og var 32 ára Kópavogsbúi. Hann var ókvæntur og barnlaus.



**RÚNAR V. JENSSON**

Hann var á ferð ásamt fimm öðrum félögum sínum úr Fisfélagi Reykjavíkur. Slysið bar að með þeim hætti að vængurinn féll saman þar sem ókyrrð var í lofti. Svo virðist sem hann hafi hvorki náð að setja út varafallhlíf né ná stjórn á vængnum aftur áður en hann lenti. Hann lést samstundis.

Tveir ferðafélagar hans eru komnir heim en þrír eru enn úti í Kólumbíu og er kistunar að vænta hingað til lands á næstu dögum.

Fisfélags Reykjavíkur var stofnað árið 1978 og er þetta fyrsta banaslysið í sögu þess. **- jse**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Harmar að Björk fari yfir í Samfylkinguna

**Árni Þór Sigurðsson hjá vinstri grænum harmar að Björk Vilhelmsdóttir hafi ákveðið að yfirgefa hreyfinguna en kveðst virða ákvörðun hennar. Björk keppir við að minnsta kosti þrjá karla um fjórða sætið á lista Samfylkingarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans hefur sagt skilið við Vinstri hreyfinguna - grænt framboð og ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar 11. og 12. febrúar næstkomandi í nafni óháðra.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON BORGARFULLTRÚI R-LISTANS** Harmar brotthvarf Bjarkar en virðir ákvörðun hennar.

„Tilkynning Bjarkar um að segja skilið við vinstri græna kemur vissulega á óvart, enda hafði hún áður sagt á félagsfundi í Reykjavík að hún myndi virða niðurstöðu félagsins í framboðsmálum,“ segir Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans. Árni Þór er í öðru sæti á lista vinstri græna fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor, en Svandís Svavarsdóttir er í því fyrsta.

„Þetta er hennar ákvörðun sem ég virði, þótt ég harmi hana að sjálfsögðu,“ segir Árni Þór.

Björk var á sínum tíma ósátt við þann hátt sem hafður var á við val í efstu sæti lista vinstri græna og lýsti því yfir að hún tæki ekki þátt í valinu.

Hún keppir nú um fjórða sætið á lista Samfylkingarinnar við Andrés Jónsson, Stefán Jóhann Stefánsson og Þóri Karl Jónasson sem stefnir á fjórða til fimmta sæti. Kjartan Valgarðsson gefur einnig kost á sér í eitthvert efstu sætanna.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri kveðst ánægð með að Björk skuli gefa kost á sér og býður hana velkomna á listann. „Það styrkir okkur að hún skuli koma inn óflokksbundin en sem yfirlýst R-listamanneskja,“ segir Steinunn Valdís, sem gefur kost á sér í efsta sætið.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI R-LISTANS** Var ósátt við slit R-listans og framboðsmál VG.

„Það er fagnaðarefni að Björk gefur áfram kost á sér til borgarstjórnar. Hún hefur reynst traustur liðsmaður Reykjavíkurlistans og ég á ekki von á öðru en að samstarf innan hans verði áfram gott til vors,“ segir Stefán Jón Hafstein sem stefnir á efsta sæti listans.

„Lykillinn að sigri í vor er listi með góðu fólki með breiða skírskotun. Þess vegna er mikill fengur að Björk því hún er bæði góður liðsmaður og eykur auk þess breiddina,“ segir Dagur B. Eggertsson, en hann gekk nýverið í Samfylkinguna og gefur kost á sér í efsta sæti listans í prófkjörinu í febrúar.

**johannh@frettabladid.is**



STEFÁN JÓN STEINUNN VALDÍS DAGUR B.



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Eina veitan ásamt Orkuveitu Vestfjarða sem ekki lækkar raforkuverð að svo stöddu.

Nýju raforkulögin:

# Húsvíkingar bjóða best

**RAFORKA** Söluhluti raforkureiknings heimilanna lækkar mest hjá Orkuveitu Húsavíkur, nú þegar heimilin geta valið sér þann raforkusala sem þau kjósa að eiga viðskipti við.

Samkvæmt töflu sem birtist á vef Alþýðusambandsins lækka gjaldskrár fyrir raforkusölu hjá öllum veitum nema hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubúi Vestfjarða.

Þar má jafnframt sjá að fyrir meðalheimili sem notar um 400 kílóvattsstundir af raforku á ári, er ódýrast að kaupa raforkuna af Orkuveitu Húsavíkur þar sem kostnaðurinn á ári er rétt rúmlega sextán þúsund krónur. Dýrust er raforkan hjá Norðurorku eða á 17.699 krónur fyrir sama magn.

Ótalinn er kostnaður vegna flutnings og dreifingar á raforku sem er háð sérleyfissamningi dreifiveitunnar á landsvæði viðkomandi heimilis. **- æþe**

## RÚMENÍA

**Banvæn flugeldahríð** Lögreglustjóri í Búkarest hefur hvatt til að sala á flugeldum til almennings verði bönnuð eftir að tveir létust og hundruð slösuðust í flugeldaslysum á gamlárskvöld. Kona á sextugsaldri beið bana þegar raketta flaug upp í munn hennar og sprakk þar og þrítugur maður dó eftir að heimatilbúinn kínverji sprakk í höndum hans.





**Viltu hætta að reykja? Ókeypis aðstoð**

**Reyksíminn 800 6030**


Gasdeila Rússa og Úkraínumanna enn í hnút:

# Lítill sáttavilji af hálfu Rússa

**ÚKRAÍNA, AP** Fulltrúar orkumálayfirvalda í Úkraínu og Rússlandi hugðust í gær hefja á ný viðræður um lausn á deilunni um verð á jarðgasi sem Úkraínumenn kaupa af Rússum. Rússnesku fulltrúarnir gáfu þó skýrt til kynna að viljinn til málamiðlunar væri lítill af þeirra hálfu.

Rússneska gasútflutnings-einokunarfyrirtækið Gazprom skrúfaði fyrir gasflutninga til Úkraínu um áramótin þar sem úkraínsk yfirvöld féllust ekki á að greiða hátt í fimmfalt hærra verð eftir áramótin en það var á síðasta ári. Talsmenn Gazprom segja hækkunina nauðsynlega til að færa verðið að heimsmarkaðsverði en Úkraínumenn telja eðlilegt að hún komi til framkvæmda í minni áföngum.

Deilan hefur valdið áhyggjum um alla Evrópu þar sem mörg lönd álfunnar eru háð gaskaupum frá Rússlandi og um 80 prósent þess gass er flutt um leiðslur sem liggja um Úkraínu. Gaskaupendur í Evrópusambandslöndum sögðu á mánudag að mun minna gas bærist um leiðslurnar að austan en áður. Eftir það jók Gazprom aftur gasstreymið um Úkraínuleiðslurnar og virtist það ætla að duga til að fullnægjandi magn bærist vestur. Talsmenn Gazprom halda því fram að Úkraínumenn steli gasi úr leiðslunum. Úkraínskir ráðamenn neita því hins vegar staðfastlega.

Talsmenn Evrópusambandsins skoruðu á deiluaðila að ná sáttum sem allra fyrst. Júststjenkó Úkraínuforseti og kollegi hans frá Moldóvu, Alexander Voronin, föluðust eftir því að fulltrúar ESB reyndu að gegna sáttasemjarahlutverki í deilunni. **- aa**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SKRÚFAÐ FYRIR** Úkraínskur verkamaður að störfum í gasdælustöð í Boyarka utan við Kíev í gær.

# JANÚAR tilboð

**ODDI**

## SKRIFSTOFUVÖRUR

Náðu í 12 síðna JANÚARTILBOÐ Odda á www.oddi.is

### Kúlupennar
10 pennar í pakka.

**149 kr./pk.**
Verð áður: 298kr.

50% afsláttur

### Plastmöppur A4
Með glærri forsíðu, 10 litir.

**19 kr./stk.**
Verð áður: 29kr.

34% afsláttur

### Talnaborð fyrir fartölvur
Tvö aukatengi fyrir USB.

**1.990 kr.**
Verð áður: 3.990kr.

50% afsláttur

## 20% afsláttur af öllum blek- og dufthylkjum út janúar

hp invent · Canon · EPSON · LEXMARK · KYOCERA mita · OKI · brother · XEROX · DELL · RICOH · MINOLTA

Gott úrval af bréfabindum á frábæru verði.

Allt að 35% afsláttur

## Brettatilboð

Ef þú kaupir eitt bretti af hvítum 80 g fjölnotapappír færðu geislaprentara að verðmæti 60.000 kr. í kaupbæti.*

60.000 kr. kaupauki

Verð aðeins **64.950 kr.**

*á meðan birgðir endast

Á hverju bretti eru 40 kassar eða 200 pakkningar

ODDI HÖNNUN M9723



### Söludeild/fyrirtækjaþjónusta
Sími 515 5100 • Fax 515 5101
Grænt númer 800 5150
sala@oddi.is
Opið virka daga 8–17

Pantaðu fyrir 15.000 kr. eða meira í janúar og fáðu pakka af Anthon Berg molum með sendingunni.



### Verslun Borgartúni 29
Opið virka daga 8–18 • laugardaga 11-16
Sími 515 5170




### Verslun Höfðabakka 3
Opið virka daga 8–18 • Sími 515 5105

## SKRIFSTOFUVÖRU MARKAÐUR
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR 2.–15. JAN.

Aðeins á Suðurlandsbraut 14

netverslun • www.oddi.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.01.2005

| | KAUP | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,64 | 62,94 |
| Sterlingspund | 108,34 | 108,86 |
| Evra | 74,43 | 74,85 |
| Dönsk króna | 9,973 | 10,031 |
| Norsk króna | 9,333 | 9,387 |
| Sænsk króna | 7,935 | 7,981 |
| Japanskt jen | 0,5342 | 0,5374 |
| SDR | 89,87 | 90,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,6979

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ari Edwald, stjórnarformaður lífeyrissjóðs í hópi hluthafa FL Group:

# Aðeins horft á ávöxtunina

**KJARAMÁL** „Okkar afstaða til félaga og fjárfestinga kemur fram í aðgerðum á markaði,“ segir Ari Edwald, formaður stjórnar Gildis lífeyrissjóðs, sem er einn af tíu stærstu hluthöfunum í FL Group. Sjóðurinn á um 1,6 prósenta hlut í félaginu.

Fjöldi þingmanna og forystumenn samtaka launafólks hafa fordæmt ofurlaun og hundruð milljóna króna starfslokasamninga við Sigurð Helgason og Ragnhildi Geirsdóttur fyrrverandi forstjóra FL-group og Icelandair.

„Við einbeitum okkur aðeins að ávöxtunarmöguleikum. Um 20 prósent af eignum sjóðsins er til ávöxtunar erlendis og við höfum ekki farið út á þá braut að hafa afskipti af þessum hlutum,“ segir Ari.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Hannes Smárason, Jón Karl Ólafsson, Ragnhildur Geirsdóttir og Sigurður Helgason þegar breytingarnar á forystu flugfélagsins voru tilkynntar í fyrra.

Haft var eftir Helga Laxdal varaformanni stjórnar Gildis í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær að umræddir starfslokasamningar væru út úr öllu korti.

„Hinir betur launuðu gefa skít í samhljóminn og skynsemina,“ segir í ályktun sem stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði hefur sent frá sér vegna málsins.

„Bilið eykst stöðugt milli þeirra sem vinna að umsömdum launatöxtum og hinna sem taka laun eftir ákvörðunum stjórna fyrirtækja eða fá laun sín ákvörðuð eftir öðrum leiðum,“ segir einnig í ályktuninni. **- jh**

Lögreglan í Vestmannaeyjum:

# Fann kíló af hassi í viðbót

**LÖGREGLA** Við húsleit í Vestmannaeyjum á mánudagskvöld fann lögregla rúmt kíló af hassi. Leitin var hluti af rannsókn fíkniefnamáls sem upp kom á gamlársdag. Einn situr í gæsluvarðhaldi og kona hefur játað umfangsmikla fíkniefnasölu.

Aðsögnlögregluhefurveriðleitað í fjölmörgum húsum í bænum með fíkniefnahundi. Nýjasti fundurinn var í húsnæði tengdu manninum sem situr í gæsluvarðhaldi. Síðan á gamlársdag hafa fundist um 1,3 kíló af hassi og 20 grömm af amfetamíni.

Maðurinn hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. **- óká**



**VAKTIN STAÐIN** Franska lögreglan hafði í nógu að snúast í haust þegar reið ungmenni brutu allt og brömluðu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franska stjórnin:

## Neyðarlögin numin úr gildi

**PARÍS, AP** Ríkisstjórn Frakklands ákvað í gær að aflýsa neyðarástandi sem lýst var yfir eftir að óeirðir brutust út í hverfum innflytjenda víðs vegar um landið í haust.

Upphaflega var áætlað að neyðarlögin giltu til febrúarloka en að sögn Jacques Chirac forseta hefur ástandið batnað svo mikið að ástæðulaust væri að halda lögunum til streitu.

Neyðarlögin heimiluðu yfirvöldum að setja á útgöngubann og gera umfangsmiklar húsleitir en fá sveitarfélög nýttu sér þær heimildir. ■

### NOREGUR

**Eldur í borpalli** Rúmlega eitt hundrað menn þurftu að yfirgefa norska olíuborpallinn Snorra B undan ströndum Noregs vegna eldsvoða í fyrrinótt. Eldurinn kom upp í rafmagnstöflu og var öllum starfsmönnum umsvifalaust skipað að fara um borð í björgunarbáta. Ekki kom til þess að þyrfti að sjósetja bátana því öryggisvörðum tókst að ráða niðurlögum eldsins á skömmum tíma.

### PÓLLAND

**Afsögn ráðherra** Fjármálaráðherra Póllands, Andrzej Mikosz, hefur sagt af sér vegna ásakana um að hann hafi verið viðriðinn fjármálamisferli. Forsætisráðherrann, Kazimierz Marcinkiewicz, greindi frá þessu í gær.

# Fjárveitingum til Íraks hætt

**Bandaríkjastjórn ætlar ekki að fara fram á frekari fjárveitingar frá þinginu til uppbyggingarstarfs í Írak. Þá ætla Bandaríkjamenn einnig að rifa seglin í Afganistan og láta Atlantshafsbandalagið taka að sér fleiri verkefni.**

**BANDARÍKIN** Enda þótt uppbyggingin í Írak sé skammt á veg komin ætlar Bandaríkjastjórn ekki að fara fram á frekari fjárveitingar til hennar. Helmingur þess fjárs sem ætlað var til uppbyggingar fór í baráttuna við uppreisnarmenn og réttarhöldin yfir Saddam Hussein.

Þegar fjárlög næsta árs verða rædd á bandaríska þinginu í febrúar ætlar ríkisstjórn George W. Bush ekki að fara fram á neitt fé til viðbótar við þá 18,4 milljarða dala, eða 1.158 milljarða íslenskra króna, sem þegar hefur verið úthlutað til uppbyggingarstarfs í Írak. Að því er stórblaðið Washington Post hermir á enn eftir að ráðstafa fimmtungi þess fjár en búist er við að það klárist í lok þessa árs. Bandarískir embættismenn í Bagdad segja að þá verði írösk yfirvöld, í samvinnu við erlendar ríkisstjórnir, að sjá um þá uppbyggingu sem eftir er. „Bandaríkin ætluðu aldrei að reisa Írak algerlega upp úr rústum sínum,“ sagði William McCoy, undirhershöfðingi og umsjónarmaður uppbyggingarinnar í landinu, á blaðamannafundi á dögunum. Þessi ummæli eru reyndar í mótsögn við orð Bush forseta frá því í ágúst 2003 þegar hann sagðist ætla að gera innviði íraska samfélagsins að þeim traustustu í Mið-Austurlöndum, en þá var uppreisnin í landinu varla hafin.

Síðan uppbyggingin hófst eftir innrásina 2003 hafa hundruð milljarða króna sem átti að verja til endurbóta á úr sér gengnu veitukerfi landsins, svo og á skólum, sjúkrahúsum og opinberum byggingum, verið sett í staðinn í verkefni sem tengjast löggæslu og hernaðarmálum, til dæmis uppbyggingu öryggissveita og fangelsa. Auk þess hefur drjúgur skildingur runnið til rannsóknar á máli Saddams Hussein og réttarhaldanna yfir honum.

Fyrir þá peninga sem eftir eru á að reisa 900 skóla, 160 heilsugæslustöðvar og lagfæra götur og vegi um allt land. Aftur á móti er talið að það muni kosta tugi milljarða Bandaríkjadala að koma innviðum Íraks í eðlilegt horf en þeir voru nánast í molum eftir þrjú stríð og tólf ára viðskiptaþvinganir. Olíuframleiðsla er enn víða minni en hún var fyrir innrásina og að meðaltali njóta íbúar Bagdad rafmagns í einungis sex klukkustundir á sólarhring.

Í annarri grein Washington Post frá því í gær er svo greint frá því að bandarísk stjórnvöld hyggist á árinu draga verulega úr umsvifum sínum í Afganistan. Mestu munar þar um fækkun um 2.500 manns í herliði Bandaríkjamanna í suðurhluta landsins þar sem uppreisnin gegn hersetunni hefur verið hvað mest. Áformað er að hermenn á vegum Atlantshafsbandalagsins komi í stað þeirra.

Afganskir embættismenn sem blaðið ræddi við hafa af því áhyggjur að brottflutningur bandarísku hermannanna sé ótímabær og ákvörðunin ráðist frekar af pólitískum þrýstingi heima fyrir en aðstæðum á vettvangi. Lið NATO hefur einkum séð um friðargæslu á þeim svæðum þar sem rósturnar hafa verið minni og því er ekki víst að það sé í stakk búið til að eiga í átökum við talibana og aðra hópa uppreisnarmanna sem þar hafast við. Því eru ríki á borð við Holland sögð vera að velta því alvarlega fyrir sér hvort þau eigi að senda hermenn sína í svo hættuleg verkefni.

**sveinng@frettabladid.is**



**FYRIRBOÐI** Írakskur hermaður horfir á eftir bandarískri herþyrlu í bænum Baqouba.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VATNSVEÐUR HIÐ MESTA**

Það er mikið rigningarbelti yfir sunnan- og vestanverðu landinu. Mest verður rigningin suðaustan til og samfelld en rigning vestan til af og til í dag. Dagurinn einkennist af talsverðum vindi. Sýnu hvassast verður með ströndinni suðaustan og austan til og verður svo til kvölds og jafnvel fram á nóttina.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Sunnan strekkingur. Rigning af og til. Hiti 6-8 stig. Lægir í kvöld.

*um hádegi »*




*» fimmtudagur*




Vindur fremur hægur síst austan til . Heldur kólnandi.

*» föstudagur*




Strekkingur með ströndum syðra.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 5°C hálfskýjað | Alicante | 14°C heiðskírt |
| Osló | -4°C hálfskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílanó | 6°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -1°C hálfskýjað | Frankfurt | 3°C alskýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | -3°C alskýjað | Madríd | 11°C heiðskírt | San Francisco | 16 °C hálfskýjað |
| London | 9°C alskýjað | Barcelona | 10°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 24°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



*Gleðilegt hvítt ár*

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## KJÖRKASSINN

*Eru starfslokagreiðslur til fyrrum forstjóra FL Group ásættanlegar?*

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á hluti hækkana á niðurgreiðslum til dagforeldra að renna til foreldranna sjálfra?*

Segðu skoðun þína á Vísir

Drífa Snædal segir konur meðvitaðri en áður um þjónustu Kvennaathvarfsins:

# Aldrei hafa fleiri sótt athvarfið

**SAMFÉLAGSMÁL** „Aldrei hafa komur, það er að segja viðtöl og dvöl í athvarfinu, verið jafn margar á og á nýafstöðnu ári," segir Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Alls voru komurnar 557 á síðasta ári. Einnig dvöldu mun fleiri konur og börn í athvarfinu á síðasta ári en árið þar á undan. Þær voru 92 en 88 árið þar á undan. Þá voru börnin 74 sem komu til dvalar á síðasta ári en 55 árið 2004.

Dvalardögum hefur einnig fjölgað á milli þessara ára því árið 2005 voru þeir 2.422 en 1.568 árið þar á undan.



Drífa segir að þessi aukna aðsókn í athvarfið sé líklegast tilkomin vegna þess að umræða um ofbeldi gagnvart konum og börnum hafi verið fyrirferðarmikil að undanförnu. Einnig telur hún að konur séu nú meðvitaðri um það úrræði sem kvennaathvarfið sé.

Kvennaathvarfið var stofnað árið 1982. Ársskýrsla samtakanna mun liggja fyrir í febrúar eða mars en þar verður gerð ítarleg grein fyrir tölfræðinni. **- jse**

**DRÍFA SNÆDAL** Drífa segir að komur í Kvennaathvarfið hafi aldrei verið fleiri en á síðasta ári. Kvennaathvarfið var opnað árið 1982.

Viðbótarlífeyrissparnaður:

# Skerðir ekki grunnlífeyri

**LÍFEYRISSPARNAÐUR** Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að allar greiðslur vegna viðbótalífeyrissparnaðar skerði ekki grunnlífeyri almannatrygginga, en af fréttum fjölmiðla að undanförnu hefði mátt skilja hið gagnstæða.

Hann segir að samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins séu allar greiðslur vegna viðbótar lífeyrissparnaðar meðhöndlaðar með sama hætti og greiðslur úr lífeyrissjóðum við útreikning bóta og því skerða þær ekki grunnlífeyri almannatrygginga. **- jse**



**VOSBÚÐ** Khurasida Bibi hélt á dóttur sinni fyrir utan tjald þeirra mæðgna í þorpinu Charruta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vetur á skjálftasvæðunum:

# Vosbúð hrjáir fórnarlömbin

**MUZAFFARABAD, AP** Hundruð fórnarlamba jarðskjálftans í Kasmír urðu í gær að leita sér lækninga við lungnabólgu og öðrum skyldum sjúkdómum eftir mikla snjókomu síðustu daga.

Um sextíu sentimetra snjór er víða í Kasmír en stærstur hluti þeirra 3,5 milljóna sem misstu heimili sín býr enn í tjöldum.

Í gær hafði veður skánað nokkuð og þá gátu þyrlur sætt lagi og flogið með hjálpargögn til bágstaddra. Að sögn starfsmanna Matvælahjálpar Sameinuðu þjóðanna eiga allir að hafa nóg að bíta og brenna næsta hálfa mánuðinn hið minnsta. ■

# Hrekja sjóræningja á brott

**Sjávarútvegsráðherra og Landhelgisgæslan taka höndum saman um að gera sjóræningjum veiðar á Reykjaneshrygg óbærilegar. Eftirlit flugvéla verður aukið og efnt til samstarfs við nágrannaþjóðir um eftirlit á sjó.**

**FISKVEIÐAR** Landhelgisgæslan hyggst auka eftirlit á þessu ári með ólöglegum og óábyrgum veiðum á úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

Veiðarnar eru einkum stundaðar af hentifánaskipum og ráðgera íslensk stjórnvöld meðal annars að koma í veg fyrir viðskipti með afla þeirra.

Stjórn veiðanna á Reykjaneshrygg utan íslensku lögsögunnar er í höndum Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar NEAFC og hafa nokkur ríki rétt til að stunda þar veiðar.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði á blaðamannafundi í gær að reynt yrði



**EINAR K. GUÐFINNSSON OG GEORG LÁRUSSON** Sjávarútvegsráðherra segir þýðingarlaust að bíða með hendur í skauti en eftir sé að sjá hver árangur aðgerðanna verður.

með tiltækum ráðum að sigrast á þessum ólöglegu veiðum. Viðskipti skipanna yrðu kortlögð og efnt til samvinnu við önnur ríki og fyrirtæki um að torvelda viðskipti við umræddar útgerðir, bæði varðandi kaup á olíu og vistum og slíkri þjónustu en einnig að því er varðar sölu á afurðum.

„Þannig getum við stuðlað að því að kostnaður við veiðarnar aukist svo að þær verði óarðbærar og að okkur takist þannig að hrekja þessa sjóræningja af miðunum," sagði Einar á fundinum í gær.

Liður í herferðinni gegn ólöglegum veiðum á Reykjaneshrygg verður fólginn í því að senda bréf til stjórnvalda og sjávarútvegsfyrirtækja víða um heim þar sem vakin verður athygli á vandanum og óskað eftir samvinnu um að koma í veg fyrir veiðarnar. Í bréfinu er listi yfir 18 hentifánaskip sem staðin hafa verið að ólögmætum veiðum á Reykjaneshrygg.

Á fundinum í gær kom fram að tekist hefði í fyrra að hrekja skip, lestað afurðum af Reykjaneshrygg, til hafnar í Afríku þegar það fékk ekki afgreiðslu í höfnum í Evrópu að undirlagi Íslendinga.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að einna best gefist að fylgjast með



**SJÓRÆNINGJASKIP Á REYKJANESHRYGG** Togarinn Okhotino, skráður í Dóminíska lýðveldinu, lestar fiski af Reykjaneshrygg í maí síðastliðnum um borð í hentifánaskipið Sunny Jane frá Belize.

umskipun á afla á miðunum. „Við ætlum að auka eftirlit flugvéla og jafnframt höfum við verið í sambandi við strandgæslu í nágrannalöndum okkar um einhvers konar skipulag á viðveru skipa. Það eigum við eftir að útfæra nánar."

Georg telur að með góðu skipulagi og hagkvæmni geti aukin eftirlitsstörf rúmast innan fjárhags Landhelgisgæslunnar.

**johannh@frettabladid.is**




Beint flug: **Pétursborg eða Tallinn**

**Páskar í apríl - 5 nætur, einungis 59500 kr. til Pétursborgar og 57500 kr. til Tallinn**

**Beint flug:** Pétursborg í Rússlandi eða Tallinn í Eistlandi. Páskar í apríl 2006.
Frá Akureyri og Keflavík. Hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi eða miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi. Flogið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar.

**Tallinn**

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimsminjalista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörugt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni

**Pétursborg**

Pétursborg er borg mikilfengleika og glæsileika, borg með glæsta fortíð, einskonar minnismerki um liðna tíð. Borgin hefur verið kölluð Feneyjar norðursins vegna margra síkja sem í henni eru. Rúmlega þrjá aldir eru liðnar síðan Pétur mikli byrjaði á því að reisa þessa stórkostlegu borg. Borgin hefur ævinlega fallegustu byggingar Evrópu. Fyrir áhugafólk um sögu og menningu er Pétursborg gullnáma.

| **Frá Keflavík:** | Pétursborg | Tallinn | **Frá Akureyri:** | Pétursborg | Tallinn |
|---|---|---|---|---|---|
| 8-15. apríl | uppselt | uppselt | 12-16. apríl | 57.700 kr. | 55.500 kr. |
| 15-20. apríl | 59.050 kr. | 57.500 kr. | 13-17. apríl | uppselt | uppselt |

*Innifalið: Flug, skattar, hótel, rúta og íslenskur fararstjóri*
*Öll hótel eru 4 stjörnur og morgunmatur innifalinn*



Trans-Atlantic
Ráðhústorg 7, Akureyri
Sími 5888900 www.transatlantic.is




**TÍMINN ER NAUMUR** Borað var niður í námugöngin og loftskynjarar sendir niður. Sú athugun varð ekki til að auka bjartsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrettán verkamenn fastir í námu í Vestur-Virginíu:

# Veik von um björgun

**BANDARÍKIN** Óttast er að þrettán verkamenn hafi farist þegar sprenging varð í kolanámu nærri Tallmansville í Vestur-Virginíuríki í Bandaríkjunum í fyrradag.

Að sögn CNN er ekki vitað hvað olli sprengingunni en þá voru verkamennirnir rúma þrjá kílómetra inni í námunni, hundrað metra undir yfirborði jarðar.

Í gærmorgun tókst björgunarmönnum að bora niður í námuna og var þá útbúnaður látinn síga niður til að greina andrúmsloftið. Sú athugun leiddi í ljós að magn eitraðs kolmónoxíðs var margfalt meira en óhætt gat talist. „Við erum því mjög vonlítil eftir að hafa fengið þessar niðurstöður," sagði Ben Hatfield, forstjóri fyrirtækisins sem á og rekur námuna. Engu að síður var aðgerðum haldið áfram, loftop voru boruð og lítið könnunarvélmenni látið síga niður í göngin. Engar ályktanir var hægt að draga af myndum þess.

Ættingjar verkamannanna söfnuðust saman í gær í kirkju nærri námunni og báðu fyrir ástvinum sínum. Þeir voru örvilnaðir en sögðust vona það besta. **- shg**

Þakið sem brast í Þýskalandi:

# Á annan tug manna fórst

**ÞÝSKALAND, AP** Björgunarsveitarmenn unnu enn að því í gær að grafa snjó og brak ofan af fólki sem grófst undir er þak á skautahöll í bænum Bad Reichenhall syðst í Þýskalandi hrundi í fyrradag. Að minnsta kosti ellefu manns biðu bana, þar af sex börn. Átján manns slösuðust og nokkurra til viðbótar var saknað.

Hlé þurfti að gera á björgunarstarfinu í gærkvöld vegna hættu á frekara hruni. Um 50 manns voru í húsinu þegar ósköpin dundu yfir. Svo virðist sem þakið hafi brostið undan snjóþunga. ■



**ERFITT BJÖRGUNARSTARF** Björgunarsveitarmenn bera einn hinna látnu út úr rústum skautahallarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## BÍLSLYS

**Bílvelta við Reykjanesbraut** Ökumaður misstí stjórn á bifreið sinni þegar hann var að beygja af Reykjanesbraut og inn á Fífuhvammsveg í Kópavogi um klukkan níu í gærkvöldi með þeim afleiðingum að bifreiðin valt utan vegar. Ökumaðurinn var fluttur á slysadeild en meiðsl hans eru ekki talin alvarleg.

# Janúartilboð

Tilboðin gilda í janúar 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.

**Aðeins 1 kr.**

Hámark 12 pennar á mann!

uni

## Kúlupennar

**Frábærir Uni Ball Fusion kúlupennar**

Vörunúmer: 920UB160...



ÓTRÚLEGT VERÐ

## Ljósritunarpappír

Vörunúmer: 812103187

**A4 - 500 blöð í pakka 80 g.**

**1 pakki 199,-***

* ef þú kaupir 1 kassa

**1 kassi 995,-**





**25% afsláttur af blek- og dufthylkjum**

## Bréfaraðari

Vörunúmer: 4153700

**Durable raðari.**



39% afsláttur!

**1.495,-**

*verð áður 2.450.-*



ÓTRÚLEGT VERÐ

## Pennar með indexmiðum

Vörunúmer: 001689hl og 001689pen

**Áherslu- eða kúlupenni með indexmiðum.**

**299,-**

## Klemmubretti

Vörunúmer: 4152357

**Tvöföld klemmubretti.**



67% afsláttur!

**199,-**

*verð áður 595.-*

## Létt og nett borðtölva og skjár

Vörunúmer: df465a

**HP Compaq D530 USDT lítil borðvél.**
**Ultra Slim Desk Top.**

hp

- **Örgjörvi: Intel Pentium 4 3.0GHz, Intel 865G**
- Hyper Thread tækni
- Minni: 512MB 333MHz DDRAM (mest 2GB)
- 40GB SMART III Ultra ATA/100 (7200rpm)
- Drif: MultiBay DVD
- Skjákort: Intel Extreme II
- Hljóðkort: SoundMax Digital Ac97
- Innbyggt Broadcom NetXtreme 10/100/1000
- Tengi: 6 USB (2 að framan)
- Raufar: 1 PCI
- Mús: USB skrunmús
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Pro
- Ábyrgð: 3ja ára (3-3-3)
- Einnig fylgir standur, þannig að vélin geti staðið upprétt
- **Stærð: 17" L1740 TFT flatur skjár**
- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Sjónarhorn: 150ølárétt, 135ølóðrétt
- Punktastærð: 0.264mm
- Birta í nits: allt að 300 nits
- Skerpa: allt að 500:1
- Viðbragðstími: 13ms (rise + fall)
- Innbyggður 2ja porta USB2 hub
- Landscape/Portrait snúningur og hæðarstilling
- Anti-Glare/Anti-Static • Plug and play
- Tengi: Dual input VGA, Analog/DVI
- Ábyrgð: 3ja ára (3-3-3)



**99.999,-**

Peach

## Pappírstætari

Vörunúmer: 707ps500-02

**Peach 1000x.**
**Krosstætir. 10 blöð og 22 lítra tunna.**



ÓTRÚLEGT VERÐ

**7.990,-**

**Afgreiðslutímar verslana!**

**Office 1 Smáralind**
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

**Office 1 Skeifunni 17**
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

**Office 1 Akureyri og Ísafirði**
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17

**Egilsstöðum**
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
sunnudaga 12-16

Gleðilegt nýtt ár!

# Office 1 Superstore

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvaða orðu hlaut Tom Jones á dögunum?

2 Hver er formaður verkalýðsfélagsins Hlífar?

3 Hvaða þjóð sér um varnir lofthelgi Eystrasaltslanda?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Viðbragðstími sjúkraflugs fyrir norðanvert landið breyttist um áramót:

# Styttist um tíu mínútur í vor

**SJÚKRAFLUG** Mæling á viðbragðstíma sjúkraflugs tók þeim breytingum nú um áramót að viðbragðstími útkalls er nú mældur frá því að beiðni berst og þangað til flugvél er komin í loftið frá þeim flugvelli sem flugvélin er staðsett. Áður hafði viðbragðstíminn verið skilgreindur sem sá tími frá því að boð barst og þar til að sjúkraflugvélin lenti á flugvellinum þar sem sækja átti sjúklinginn.

Sveinbjörn Dúason sjúkraflutningamaður segir viðbragðstíma áður fyrr hafa verið gríðarlega mismunandi. Hann hafi farið eftir því hvernig viðraði og hvert förinni var heitið. Hann segir jafnframt að oftast hafi verið reynt að notast við Metro-flugvél fyrir sjúkraflug Norðanlands, hún sé hraðfleyg og útbúin jafnþrýstibúnaði. Oft hafi þó þurft að notast við hægfleyga Twin Otter-flugvél við sérstakar veðuraðstæður. Sú vél hafi þó ekki verið með jafnþrýstibúnað en verið betur til þess fallin að lenda við erfiðar aðstæður. „Þetta er eins og að bera saman flottan sjúkrabíl og björgunarsveitarbíl. Við vissar aðstæður þarf að nota björgunarsveitarbílinn,“ segir Sveinbjörn.



**FLUGVÉL FLUGMÁLASTJÓRNAR** Flugvél sömu gerðar, sérbúin til sjúkraflutninga, er að vænta til Akureyrar í vor.

Meðaltími sem líður frá útkalli og þar til vélin er farin í loftið hefur verið um 45 mínútur að sögn Sveinbjörns og því var ákveðið sá tími yrði hámarksviðbragðstími fyrir bráðaútkall.

Fyrirhugað er að taka í notkun sérútbúna Beechcraft 200C-vél sem verður staðsett á Akureyri. Hún mun stytta viðbragðstíma um tíu mínútur því hún verður ávallt til taks. - æþe

Ók of hratt um Hellisheiði:

# Dæmdur til fangelsisvistar

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í héraðsdómi í hálfs árs fangelsi fyrir að aka á 118 kílómetra hraða á Hellisheiði þar sem leyfilegur hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

„Ákærði á að baki langan sakaferil og hefur hann hlotið 26 refsidóma fyrir margvísleg brot, aðallega hegningar- og umferðarlagabrot en einnig fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf,“ segir í dómnum. Fram kemur að maðurinn hafi þrívegis verið dæmdur fyrir rán, árin 1991, 1992 og svo í októberlok árið 2004. Í mars dæmdi Hæstiréttur manninn í tveggja og hálfs árs fangelsi. - óká

## VESTMANNAEYJAR

**Bók skilað** Andrés Sigmundsson, fulltrúi framsóknarmanna í bæjarstjórn Vestmanneyja, hefur skilað bókagjöf sem hann fékk senda frá bæjarstjórninni um jólin. Hann kallar gjöfina bruðl en bæjarstjóri segir skilin sýndarmennsku og kjánaskap.

## SAMGÖNGUR

**Ósátt um verðhækkun** Stjórn Ungra vinstri grænna í Reykjavík mótmælir gjaldskrárbreytingu Strætó bs. sem varð um áramótin. Þau hvetja ennfremur til þess að ungmenni yngri en átján ára, námsmenn, eldri borgarar og öryrkjar fái að nýta sér þjónustu strætisvagnanna sér að kostnaðarlausu.

## PRÓFKJÖR

**Þorsteinn í framboð í Kópavogi** Þorsteinn Ingimarsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í 4. til 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna bæjarstjórnarkosninganna í Kópavogi. Hann hyggst beita sér fyrir skipulagsmálum, gjaldfrjálsum leikskóla og lausnar á launamálum leikskólakennara.

Hjálparsveit skáta fékk brotvél frá Húsasmiðjunni:

# Auðveldar rústaleit

**GÓÐGERÐAMÁL** Hjálparsveit skáta í Kópavogi fékk í síðustu viku brotvél að verðmæti 100.000 krónur að gjöf frá Húsasmiðjunni.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Auður Auðunsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar í Skútuvogi, Ari J. Hauksson frá Hjálparsveit skáta í Kópavogi og Jón Viðar Stefánsson, markaðstjóri Húsasmiðjunnar.

Innan hjálparsveitarinnar hefur verið starfræktur rústahópur, sem hefur hlotið sérstaka þjálfun meðal annars í Bandaríkjunum og sérhæfir sig í rústaleit.

Ari J. Hauksson er hópstjóri rústahópsins og segir hann gjöf Húsasmiðjunnar hafa mikla þýðingu fyrir hópinn, því brotvélin mun auðvelda til muna leit að fórnarlömbum í rústum á hamfarasvæðum.

Ari tekur fram að stuðningur af þessu tagi sé starfi hjálparsveitarinnar afar mikilvægur sér í lagi vegna þess að meðlimir hennar vinna nær eingöngu í sjálfboðavinnu. Þó gjöfin sé afar kærkomin að sögn Ara, er gjöfin þeirrar tegundar að hann vonar að hjálparsveitin komi aldrei til með að þurfa að nota hana. - æþe



**Í NETKAFFIHÚSI Í SENEGAL** Samkvæmt fyrsta uppkasti að reglum um nýja símaþjónustu hafa notendur eigið símanúmer og geta notað það til hringinga hvar sem þeir eru staddir og komist í netsamband. MYND/AFP

# Símar fluttir á internetið

**Síminn og Og Vodafone bíða reglubreytinga svo fyrirtækin geti boðið síma tengdan netinu. Síminn verður millistig milli farsíma og fastlínukerfis.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur framlengt til níunda þessa mánaðar fresti til að koma að athugasemdum við reglur sem á að setja um nýja tegund símaþjónustu sem væntanlega kemst í gagnið á nýja árinu.

Um er að ræða netsímaþjónustu, sem er nokkurs konar millistig milli gamla heimilissímans og farsímans. Fólk fær símanúmer sem það getur haft með sér og notað hvar sem það kemst í internetsamband.

Samkvæmt nýju reglunum sem stofnunin kynnti fyrir áramót verður hægt að flytja símanúmer með sér úr fastlínukerfinu yfir í nýja kerfið, en ljóst þótti að það yrði því nokkur þrándur í götu að fólk flytti sig ef það þýddi að skipta þyrfti um símanúmer.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir nær öruggt að nýju tækninni fylgi stóraukin samkeppni á sviði símaþjónustu. „Ég geri ráð fyrir að okkur berist athugasemdir og það fer aðeins eftir umfangi þeirra hvenær hægt verður að opna fyrir númeraflutning,“ segir hann og áréttar að við breytinguna verði til ný tegund símaþjónustu. „Á öðrum endanum er heimilissíminn og svo á hinum er farsíminn sem fólk getur haft með sér nánast út um heim allan. Síðan er komin þessi nýja tegund sem er ákveðið millistig. Hægt er að vera með hann heima hjá sér, auk þess að hann tekur upp þann eiginleika úr GSM-tækninni að fólk getur verið með persónulegt númer. Það getur maður tekið með sér í vinnuna og notað í gegnum tölvuna, í stað símalínunnar heima og svo getur maður tekið það með sér til útlanda. Þetta er ekki bara nýr heimilissími heldur er þetta ný tegund af símaþjónustu.“

Síminn leggur áherslu á mikilvægi þess að Póst- og fjarskiptastofnun setji skýrar reglur um nýju tæknina, að því er Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, segir. „Síminn er að meta þær upplýsingar sem komið hafa frá Póst- og fjarskiptastofnun og mun gera sínar athugasemdir,“ segir hún og áréttar að Síminn veiti hágæða talsímaþjónustu með miklu rekstraröryggi og muni leggja áherslu á gæði og öryggismál við innleiðingu á nýju tækninni. Gísli Þorsteinsson á almannatengslasviði Og Vodafone sagði þessi mál einnig til skoðunar á þeim bænum og ljóst að fyrirtækið yrði ekki eftirbátur annarra í að bjóða nýja tækni.

olikr@frettabladid.is




NISSAN PATROL

SKIPT_um væntingar




LENGI MÁ GOTT BÆTA

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 3.990.000,- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.090.000,- |
| Patrol Elegance beinskiptur | 4.390.000,- |
| Patrol Elegance sjálfskiptur | 4.490.000,- |

Nýárstilboð – 250.000,- kaupauki

33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.

Veiðikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Fíton/SÍA



NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Nicotinell®
Gott bragð til að hætta að reykja!
Stökkt að utan
Mjúkt að innan
Nicotinell Mint NICOTIN 4mg
Nicotinell Fruit NICOTIN 2mg
Nicotinell Lakrids NICOTIN 4mg
Nicotinell Classic NICOTIN 2mg
Reyklaus
með Nicotinell
ARNARSON.TK · 1403
Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



**ÞOKA Í ÞESSALÓNÍKU** Vegfarendur í grísku borginni Þessalóníku létu ekki þokumóðu á sig fá í gær heldur nutu þeir göngunnar meðfram strandlengjunni. Regnhlífar Georgs Zongolopoulos speglast í pollinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar Zapatistahreyfingarinnar í hringferð um Mexíkó:

# Fagnað sem áfanga að sátt

**MEXÍKÓ, AP** Leiðtogar Zapatista-uppreisnarhreyfingarinnar í Mexíkó hittu á mánudag forsvarsmenn hagsmunasamtaka fátækra og indíána á opnum fundi í bænum San Cristobal de las Casas við upphaf hringferðar zapatistaforingja um landið sem þeir vonast til að marki upphafið að nýjum tímum í mexíkóskum stjórnmálum.

Aðaltalsmaður hreyfingarinnar, hinn ævinlega lambhúshettuklæddi Marcos, mætti á mótorhjóli í broddi fylkingar sinna manna á jeppum og pallbílum. Kvöldið áður hafði Marcos formlega hafið hringferðina með eldheitri ræðu gegn kapítalisma, fríverslun og Mexíkóstjórn. Á hann hlýddu um 15.000 fylgismenn.

Talsmenn Vicente Fox Mexíkóforseta sendu frá sér yfirlýsingu af þessu tilefni þar sem hringferð zapatista var fagnað sem áfanga sem gæti styrkt lýðræðið í landinu; að Zapatistahreyfingin reyni að koma pólitískum boðskap sínum á framfæri með friðsamlegum hætti væri framför. - aa



**„SUBCOMANDANTE" MARCOS** Aðaltalsmaður Zapatista-uppreisnarhreyfingarinnar leggur af stað í hringferð um Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP

Skoðanakönnun Gallup:

## Landsmenn bjartsýnni

**SKOÐANAKÖNNUN** 35 prósent Íslendinga telja að persónulegir hagir þeirra verði betri á þessu ári en í fyrra og er þetta fjölgun um sex prósentustig frá því á síðasta ári. Þetta kemur fram í skoðanakönnun Gallup.

55 prósent telja að hagur þeirra verði svipaður og í fyrra og sex prósent telja að persónulegur hagur verði verri. Íslendingar eru aðeins svartsýnni þegar spurt var út í afstöðu til efnahagsástandsins og telja níu prósent að það verði betra en í fyrra. Fyrir ári töldu 14 prósent að efnahagsástandið yrði betra á árinu. - ss



**Í ALÞJÓÐAHÚSI** Viðurkenningar veittar fyrir gott starf í málefnum innflytjenda.

Viðurkenning Alþjóðahúss:

## Vöktu athygli á innflytjendum

**VIÐURKENNINGAR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Jónu Hrönn Bolladóttur, Bjarna Karlssyni, Hope Knútsson og Kramhúsinu viðurkenningu Alþjóðahúss fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda.

Viðurkenningarnar, sem nú eru veittar í þriðja skiptið, þjóna þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. - æþe

Stjórnarandstaða í Úganda:

# Segir forsetann einræðisherra

**ÚGANDA, AP** Helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úganda, Kizza Besigye, kallaði í gær forseta landsins einræðisherra sem ætti að leiða fyrir rétt fyrir hryðjuverk. Hann lét þessi hörðu ummæli falla daginn eftir að hann var látinn laus úr fangelsi uns ákærur á hendur honum sjálfum verða teknar fyrir dóm, en ákærurnar segir Besigye að séu allar uppspuni frá rótum, ætlaðar til að hindra sig í að etja kappi um forsetaembættið í kosningum í febrúar. Hryðjuverk og landráð eru meðal ákæruatriða á hendur Besigye.

Á blaðamannafundi í höfuðborginni Kampala í gær sagði hann handtöku sína hafa verið pólitíska. Hann hafði verið í gæsluvarðhaldi síðan 14. nóvember. Besigye er fyrrverandi samherji Yoweri Museveni forseta, sem setið hefur við völd í landinu í 19 ár, en er nú talinn skeinuhættasti mótherji hans. ■



**KIZZA BESIGYE** Stjórnarandstöðuleiðtoginn ásamt eiginkonu sinni, Winnie Byanyima, á blaðamannafundi í Kampala í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KOSNINGABARÁTTAN HAFIN** Palestínsk ungmenni sleppa blöðrum í palestínsku fánalitunum á kosningafundi Fatah-hreyfingarinnar í Ramallah í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Spenna vex milli fylkinga

**Stjórnmálaflokkar í Palestínu hófu í gær formlega kosningabaráttu fyrir þingkosningar sem boðaðar hafa verið 25. janúar. Spenna fer vaxandi milli fylkinga og auknar líkur virðast á frestun kosninganna.**

**PALESTÍNA, AP** Stjórnmálaflokkar Palestínumanna hófu í gær formlega kosningabaráttuna fyrir boðaðar þingkosningar þann 25. janúar. Spenna fer vaxandi milli fylkinga Fatah-hreyfingar Mahmouds Abbas Palestínuleiðtoga og Hamas-hreyfingarinnar herskáu.

Abbas vakti í fyrradag í fyrsta sinn máls á því að til greina kæmi að fresta kosningunum, en áður hafði miðstjórn Fatah skorað á hann að fresta kosningunum, annars vegar vegna ólgunnar á Gazasvæðinu og hins vegar vegna áforma Ísraela um að banna palestínskum íbúum Jerúsalem að kjósa. Tilgreindi Abbas sérstaklega að ekki væri hægt að una því síðarnefnda.

Róstursamt hefur verið á herteknu svæðunum að undanförnu, sérstaklega á Gaza eftir að Ísraelar höfðu sig þaðan á brott í september síðastliðnum. Uppþot og mannrán hafa færst mjög í vöxt og í síðustu viku var lögregluþjónn skotinn til bana.

Á mánudag gerðu um tvö hundruð palestínskir lögreglumenn stutta uppreisn og lögðu undir sig nokkrar opinberar byggingar í Rafah á Gaza til að mótmæla getuleysi stjórnvalda við að halda uppi lögum og reglu.

Rósturnar eru taldar veikja stöðu Fatah verulega og óttast liðsmenn hreyfingarinnar að það muni gagnast erkikeppinautunum í Hamas vel, en þeim hefur verið spáð góðu gengi í kosningunum. Talsmenn Hamas kröfðust þess í gær að ekki yrði hvikað frá því að kosningarnar færu fram samkvæmt áætlun. Ólíklegt þykir að Abbas muni fyrirskipa frestun þeirra án samþykkis Hamas.

Yfirmaður Shin Bet-öryggislögreglunnar í Ísrael tjáði þingnefnd á Ísraelsþingi í gær að gangi það eftir að Hamas fái góða kosningu boði það „mikil vandræði" fyrir Ísrael. - aa / -sg






Tíunda starfsárið hafið í Byrginu:

## Rokk og ráðherraterta

**HÁTÍÐ** Um áramótin hófst tíunda starfsár Byrgisins og af því tilefni var blásið til veislu á Ljósafossi þar sem starfsemin fer fram. Fyrrverandi og núverandi vistmenn stigu á stokk og léku tónlist sem yfirleitt er í harðari kantinum í Byrginu.

Fluttur var leikþáttur og Guðmundur Jónsson forstöðumaður rakti sögu Byrgisins. Um kvöldið var svo kaffihlaðborð þar sem meðal annars var boðið upp á ráðherratertu og vífilengju með sultu og rjóma. - jse



**ROKKARAR Í BYRGINU** Jósep og Sigurjón Ingi úr hljómsveitinni Parsonsband rokkuðu feitt í Byrginu.

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# ÓDÝRAR, ÓSAMSETTAR INNRÉTTINGAR

eldhús • bað • fataskápar • þvottahús



## 15% AFSLÁTTUR

### AF HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT

Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvítri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar. **Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.**

Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.
~~299.400~~
**254.490**

***Líttu inn í HTH Smáralind og sjáðu úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***



Dekor Hvid Bøg/0600
VERÐ FRÁ KR.
**91.080**



Dekor Kastanie/0800
VERÐ FRÁ KR.
**186.100**



**FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR**
*Settu það saman* línan okkar hefur einnig að geyma frístandandi fataskápa í mörgum breiddum sem auðvelt er að setja saman á margvíslegan hátt. Þannig finnur þú ávallt það sem hentar þér.

Model 0600
VERÐ KR.
**18.811**



Smekklegt og hvítt.
VERÐ FRÁ KR.
**189.900**



VERÐ FRÁ KR.
**156.020**



VERÐ KR.
**68.736**



VERÐ KR.
**59.330**

## BJÓÐUM FRÁBÆRT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM INNRÉTTINGUM Í ELDHÚSIÐ OG BAÐHERBERGIÐ ÁSAMT FATASKÁPUM Í SVEFNHERBERGI OG GEYMSLUR.

Enginn (eða mjög stuttur) afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



Átta gerðir af skápahurðum á lager.
ATH!! Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: **www.gds-hth.dk**



Baðinnrétting
**36.696**

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu: Skápar, borðplötur með vaski, spegill, og handföng. Verð á handklæðahengi, blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið. Öll verð eru með vsk.

***Settu það saman*** **og notaðu afganginn í AEG eldhústækin!**
AEG heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.




**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

**ORMSSON**

ORMSSON · SMÁRALIND

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




Hlutverk ferðamálaráðs breytist um áramót og ný stofnun fær aukið hlutverk:

# Ferðamálastofa hefur störf

**FERÐAMÁL** Ferðamálastofa tók til starfa um áramótin í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í maí síðastliðnum.

Ferðamálastofa tekur við verkefnum og rekstri skrifstofu sem áður var í höndum Ferðamálaráðs Íslands. Auk þess færast leyfisveitingar innan ferðaþjónustunnar frá samgönguráðuneytinu til Ferðamálastofu. Þar er meðal annars um að ræða leyfi sem ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur eru háðir. Þeir sem hafa gild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu eiga að sækja um leyfi á ný til Ferðamálastofu fyrir 30. júní á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir að Ferðamálastofa sinni skráningu bókunarmiðstöðva og upplýsingamiðstöðva sem skylt er að skrá samkvæmt nýju lögunum.

Ferðamálastofu er ennfremur ætlað að hafa umsjón með framkvæmd ferðamálastefnu.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur verið skipaður formaður Ferðamálaráðs, en samgönguráðherra skipaði nýtt ráð nú um áramótin til næstu fjögurra ára. Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, verður varaformaður, en tíu eiga sæti í ráðinu auk þeirra tveggja. **- jh**



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** Alþingismaðurinn Einar Oddur hefur verið skipaður formaður Ferðamálastofu.

Sveitarstjórinn í Súðavík segir bæinn í mikilli sókn:

# Vantar íbúðir í Súðavík

**BYGGÐAMÁL** Þótt Súðvíkingar hafi ekki farið varhluta af þrengingunum í sjávarútvegi á síðasta ári og fólksfækkuninni á Vestfjörðum á undanförnum árum er bærinn í mikilli sókn að sögn sveitarstjórans Ómars Más Jónssonar.



**ÓMAR MÁR JÓNSSON SVEITARSTJÓRI**

„Nú er íbúðaskortur helsta vandamálið í bænum,“ segir hann en bætir við að það standi til bóta.

Á síðasta ári misstu um 20 manns vinnuna þegar rækjuverksmiðjan Frosti lagði niður starfsemi sína. „Hér eru farin af stað eða eru að fara af stað ýmis verkefni sem munu hafa mikil áhrif á atvinnulífið. Má þar nefna vinnslu á afskurði sem fellur til af frystitogurum víða af landinu, þorskeldi, beituverksmiðju og niðursuðu á þorsklifur. Svo er bílasprautun að hefja starfsemi hér í bæ þannig að á þessu ári má eiga von á því að 30 til 40 ný störf hafi skapast frá því að við misstum þessi tuttugu síðasta ári,“ segir sveitarstjórinn.

„Hvað fólksfjölgun áhrærir virðist hún ekki svo mikil af tölum Hagstofu að dæma enda held ég að það hafi fækkað í sveitum við Ísafjarðardjúp sem tilheyra hreppnum. En íbúum hefur fjölgað hér í Súðavíkurbæ, það er alveg klárt,“ segir hann að lokum. **- jse**



**SÚÐAVÍK** Átak sveitarfélagsins um að fjölga íbúum og atvinnutækifærum hefur borið tilætlaðan árangur þrátt fyrir viss bakslög á síðasta ári segir Ómar Már sveitarstjóri.





**Sóley Rut Ísleifsdóttir,**
**þjónustufulltrúi hjá VÍS.**
**Hún vinnur þar við uppgjör**
**og öll almenn skrifstofustörf.**

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvu- og skrifstofunámið í Tölvuskólanum Þekkingu hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt og fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla. Takk fyrir mig!"

# Tölvu- og skrifstofunám

**Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bókhald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum.**

Sérlega viðamikið og hagnýtt 260 stunda nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvugreinar:** Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word ritvinnsla, Excel, Internetið, spjallrásir, MSN ofl. og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

**Margmiðlun:** PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, CD - DVD vinnsla ofl.

**Persónuleg færni:** Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf, sölutækni og markaðsmál.

**Viðskiptagreinar:** Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhaldsgrunnur, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Mikið er lagt uppúr sameiningu kennslugreina til að spara tíma - „Learn by doing"- PowerPoint glærukynningar sameinaðar tjáningu, framkomu og sölutækninni, Word ritvinnslan að hluta til tekin fyrir á ensku ásamt ensku verslunarbréfunum og gerð ferilskráa. Tollskýrslur að hluta til sameinaðar tölvubókhaldinu. Verslunarreikningur og VSK útreikningar teknir saman svo eitthvað sé nefnt. Framhaldsþjálfun í Excel í bókhaldshlutanum.

**Boðið er upp á morgun og kvöldhópa. Hefst 25. janúar og lýkur 24. maí.**

## NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST Í JANÚAR

### Byrjendanámskeið

Vinsælt 60 std. námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum.
Á þessu námskeiði er allt sem byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi á sérlega hagstæðu verði.

Windows tölvugrunnur
Word ritvinnsla
Excel kynning
Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum og hægt er að velja um morgunnámskeið kl. 9 - 12 eða kvöldnámskeið kl. 18 - 21. Kennsla hefst 25. janúar. Verð kr. 38.000,- Allt kennsluefni innifalið.

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst 63 std. námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

Windows XP og skjalavarsla
Word
Excel
Internet
Outlook tölvupóstur og dagbók.

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og hægt er að velja um morgunnámskeið kl. 9 - 12 eða kvöldnámskeið kl. 18 - 21. Kennsla hefst 26. janúar. Verð kr. 39.900,- Allt kennsluefni innifalið.

### Grafísk hönnun

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og bæklinga sjálfir.
Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign auk frágangs í Acrobat Distiller (PDF)
Lokaverkefni er hönnun auglýsingar í ofangreindum forritum fyrir dagblöð eða tímarit ásamt hönnun bæklings t.d. í ferðamannabroti.
Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

### Vefsíðugerð - grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn.
Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar. Jafnframt er námskeiðið góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði. Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu í samráði við kennara.
Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

## Sýnishorn af námskeiðum í boði hjá Tölvuskólanum Þekkingu:

| Almennir notendur | Std | Eldri borgarar | | Grafík, umbrot og myndvinnsla | | Vefsmíðar | | Microsoft kerfis- og netstjórnun | | Viðskiptagreinar | | Ýmis námskeið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byrjendanámskeið | 60 | Eldri borgarar 60+ grunnur | 30 | Grafísk hönnun | 84 | Vefsíðugerð grunnur | 42 | MCP XP | 60 | Tölvu og skrifstofunám | 260 | Kennaranámskeið I | 36 |
| Almennt tölvunám | 63 | Eldri borgarar 60+ frh. I | 30 | Photoshop | 21 | Vefsíðugerð framhald | 31 | MCP XP og MCDST | 108 | Tölvu og bókhaldsnám | 200 | Kennaranámskeið II | 36 |
| TÖK tölvunám | 100 | Eldri borgarar 60+ frh. II | 30 | Illustrator | 21 | FrontPage | 21 | MCP Server og netkerfi | 72 | Hagnýtt bókhald grunnur | 110 | Tölvuviðgerðir | 18 |
| Word | 22 | | | InDesign | 21 | Dreamweaver MX 2004 | 31 | MCSA & MCDST | 180 | Tollskýrslugerð | 18 | Öryggi og vírusvarnir | 9 |
| Excel | 22 | | | Acrobat Distiller PDF | 10 | ASP.NET vefforritun | 31 | | | Tölvubókhald í Navision | 21 | | |
| Excel í stjórnun og rekstri | 21 | | | Stafrænar myndavélar | 14 | | | | | Tölvubókhald í dkRetis | 21 | | |
| Outlook | 9 | | | | | | | | | | | | |
| PowerPoint | 14 | | | | | | | | | | | | |

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

**Faxafen 10 • 108 Reykjavík**
**Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215**
**www.tsk.is • skoli@tsk.is**



FERSKUR Bónus trönuberjasafi
TRÖNUBERJASAFI
259
1 LÍTRI KR.
Florida
Ferskur trönuberjasafi
25%
BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
APPELSÍNUSAFI
149
1 LÍTRI KR.
Florida
Ferskur appelsínusafi
FERSKUR Bónus appelsínusafi
Rjómaveislunni er lokið...
Nú er allt á léttu
Gæðabrauð!
ORKUKUBBUR 600g
169
KR.
ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ
FROSNIR ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
NORÐANFISKUR ÞORSKBITAR
599
kg KR.
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
ES MÚSLÍ
159
1 KÍLÓ KR.
EURO SHOPPER
Kíló af múslí- klikkar ekki í skápnum
AMERÍSKAR HÁGÆÐARÚSÍNUR
Frábær orkukostur
SUN-MAID
HÁLFT KÍLÓ
105
KR.
Hafragrautur er einhver albesta og ódýrasta aðhaldsfæðan
1 kg
Havregryn
HAFRAMJÖL
79
1 KÍLÓ KR.
BRAGÐMINNA LÝSI
359
500 ml KR.
bragðminna LÝSI
BÆTANDI
BÓNUS
Gott milli mála
TREFJARÍKAR og sykurlausar Pågen bruður
KRISPROLLS naturell
Rice cakes • Rijstwafels
Riskakor • Riisikakku
HRÍSKÖKUR
59
100g KR.


Tilboð í viku 1 - 2006
nótunum
SJÓFRYST OG
ROÐFLETT ÝSA
EKKERT BRUÐL
SJÓFRYST ROÐFLETT ÝSA
489 kg KR.
MERKT VERÐ 699 KR.
-nema hákarlinn
VESTFIRSKUR HÁKARL
399 100g KR.
HANN RÍFUR Í!
Dreifing Fisksöluskrifstofan
Pöntunarsími 899-4629
bonus.is
BÓNUS
Fullsteiktar fiskibollur
- aðeins 1% fita!
Fiskibollur steiktar
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 430g KR.
BITAFISKUR FRÁ
GULLFISKI: 83%
PRÓTÍNINNIHALD
- AÐEINS 1% SALT
Prótín bomba!
EKKERT BRUÐL
BITAFISKUR
999 200g KR.
GULLFISKS ÝSA MEÐ ROÐI
1299 400g KR.
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
Gott með aðhaldsfæðinu!
1.5 lítri
toppur
-og megrunar
bragðið mikla...
Vatnsmelóna
95 kg KR.
www.bonus.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Moskvustjórnin ræður yfir miklum olíu og gaslindum.

## Gasdeilan og pólitík Rússa

Deila Rússa og Úkraínumanna um verð á gasi frá Rússlandi hefur opnað augu marga fyrir því hve það er mikilvægt að ábyrg stjórnvöld hafi stjórn á orkulindum jarðar. Með því að skrúfa fyrir gasstreymið til landa í Vestur-Evrópu gætu óábyrg stjórnvöld í Moskvu valdið miklum usla hjá tugmilljónum manna, stór framleiðslufyrirtæki gætu stöðvast, auk þess að gasþurrð yrði á heimilum og þar væri hvorki hægt að elda mat né hita upp húsakynni.

Þótt látið sé í veðri vaka hjá Rússum að deilan snúist fyrst og fremst um verð á gasi til Úkraínu, þá fer ekki hjá því að töluverður pólitískur keimur er af þessu máli. Hvers vegna var skrúfað fyrir gasið einmitt nú um áramótin, þegar vetur konungur ríkir á meginlandi Evrópu í öllu sínu veldi? Eru Rússar að skapa sér betri stöðu í alþjóðamálum og sýna fyrrverandi Sovétlýðveldum að þau skuli halda sig á mottunni, annars hafi þau verra af? Þá má líka vera að Rússar séu að minna bæði þjóðir Evrópusambandins og Atlantshafsbandalagsins á það að þeim hugnast ekki að þessi samtök teygi sig sífellt lengra og lengra í austurátt, og innlimi fleiri og fleiri lönd í raðir sínar. Það var stór biti fyrir Rússa að kyngja því að Eystrasaltslöndin þrjú gengju í ESB og Nató, og nú gæti verið að þeir ætluðu ekki að láta Úkraínu að fara sömu leið.

*Rússneska gasið getur því verið mjög beitt pólitískt vopn, sem auðvelt er að beita eða misbeita, eftir því hvernig á það er litið. Efnahagslegur ávinningur Rússa af sölu á gasi til Vesturlanda er líka gífurlegur og getur átt stóran þátt í því að rétta við efnahag landsins og bæta lífskjör þegnanna.*

Rússneska gasið getur því verið mjög beitt pólitískt vopn, sem auðvelt er að beita eða misbeita, eftir því hvernig á það er litið. Efnahagslegur ávinningur Rússa af sölu á gasi til Vesturlanda er líka gífurlegur og getur átt stóran þátt í því að rétta við efnahags landsins og bæta lífskjör þegnanna. En það er ekki aðeins gasið í iðrum Rússlands sem getur haft mikið að segja varðandi völd og stöðu Rússa í heiminum, heldur eiga þeir líka gífurlegar olíulindir, sem duga munu í mörg ár í framtíðinni. Hátt verð á olíumörkuðum heimsins hefur líka orðið þess valdandi að olíufyrirtæki Rússa hafa hagnast um milljarðatugi og átt sinn þátt í því að bæta efnahag landsins.

Fram til þessa hafa Úkraínumenn notið mjög góðra kjara á gasi frá Rússum, svo segja má að það sé sanngirniskrafa að verðið hækki eitthvað. Það er nú um 50 bandaríkjadalir á hverja 1000 rúmmetra, en á að hækka í 230 dali að kröfu Rússa. Verðið verður þá nánast það sama og til landa Evrópusambandsins. Langmest af gasinu sem fer þangað er leitt í leiðslum um Úkraínu. Því hefur verið haldið fram að Úkraínumenn taki sinn hluta af gasinu úr leiðslunum sem liggja um land þeirra og það er kannski þess vegna sem Rússar hafa uppi áætlanir um að leggja nýja leiðslu á botni Eystrasaltsins beint til Þýskalands.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bætir kjörin

Í jólablaði breska vikuritsins *The Economist* birtast gjarnan greinar þar sem mál eru skoðuð frá frumlegum og óvæntum sjónarhornum. Í síðasta tölublaði var meðal annars sagt frá hagfræðikenningu um að kirkjusókn bæti lífskjör fólks. Beint samhengi sé á milli þess að fólk sæki kirkju reglulega og að það fái hærri laun en hinir sem ekki iðka trú. „Wealth from worship“ nefnist greinin og hana má einnig lesa á vefsíðu tímaritsins, *economist.com*. Segir þar frá kenningum bandarísks hagfræðings við MIT-háskólann, Jonathans Gruber, sem beitir stærðfræðilegum útreikningum til að rökstyðja tengsl kirkjusóknar manna og hagsældar þeirra.



### Borgar sig

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ræðir þetta í pistli á vefsíðu sinni, ekg.is. „Niðurstaðan er sú að með því að auka kirkjusókn manns um helming sé hægt að bæta launin um 10%! Og ekki bara það. Góð kirkjusókn stuðlar einnig að betri menntun og minni líkum á hjónaskilnaði. Þetta eru góðar fréttir.“ Einar bætir við: „Við sem alin erum upp í guðsótta og góðum siðum töldum kirkjusókn góða í sjálfu sér. Við kristið fólk sóttum og sækjum kirkjur, án þess að meta slíkt til þeirra verðmæta sem mölur og ryð fá grandað. En í veröld aukinnar efnishyggju og auðsdýrkunar hljómar það ábyggilega lokkandi að vita að kirkjusókn borgi sig, í bókstaflegri merkingu þess orðs.“



### Ýmsar orsakir

Hvert gæti orsakasamhengið verið ef kenning Grubers er rétt? Í *Economist* er meðal annars stungið upp á eftirfarandi: gagnlegt tengslanet byggt á trausti myndast milli kirkjugesta; trúarsannfæring gerir fólki auðveldara að takast á við mótbyr í lífinu; hinir kirkjuræknu afla sér frekar menntunar en aðrir sem aftur bætir tekjurnar og loks getur trúin aukið festu og jafnvægi í lífi fólks og þannig greitt götu manna í hinum daglegu verkefnum lífsins.

**gm@frettabladid.is**

## Minnkandi munur og vaxandi

Í DAG
LAUNAMUNUR



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Umræða um ört vaxandi launamun á sér nú stað um öll Vesturlönd. Best væri ef hún vekti athygli á lykilhlutverki menntunar í að búa til ný tækifæri í hnattvæddum heimi.*

Menn fara ekki langt í leigubíl í Reykjavík fyrir þúsund krónur. Þó eru bílstjórar ekki í hópi vel launaðra manna á Íslandi. Ég þekki hins vegar persónulega til eins starfsbróður þeirra austur á Filippseyjum sem þyrfti að vinna frá morgni til kvölds í heila viku til þess að eiga fyrir stuttum rúnti í Reykjavík. Þetta er þó vaskur maður og bílinn hans oftast yfirfullur af fólki því þarna tíðkast að taka marga farþega í einu sem eiga leið í sömu átt. Fyrir vinnudag sem þætti bæði of langur og erfiður hér vestar í heiminum fær þessi ágæti fjölskyldufaðir venjulega innan við 200 krónur. Fyrir þann pening fæst meira þar eystra en í reykvískri búð en þó ekki nánda nærri nóg til þess að gera lífið viðunandi. Þessi kunningi minn er í hópi milljarðs manna sem lifir af tekjum af þessu tagi. Hann er betur settur en flestir menn í Afríku og nær bjargálnum en þorri þess fólks sem býr í þorpum á Indlandsskaga. Á tímum hnattvæðingar skiptir enn mestu máli fyrir efnahag flestra manna á jörðinni hvar forsjónin réði þeim fæðingarstað.

Þetta er hægt að breytast og í þeim breytingum er að finna stærstu sögu okkar tíma. Heimurinn hefur ört verið að opnast og því fylgja byltingarkenndar breytingar í atvinnulífi, þjóðlífi og stjórnmálum. Bílstjórar á Vesturlöndum þurfa ekki að óttast samkeppni frá Filippseyjum en stór hluti fólks í Evrópu vinnur störf sem allt eins má vinna annars staðar á hnettinum þar sem laun eru öllu lægri. Fólk sem kunningi minn keyrir í vinnu á morgnana svarar í símann fyrir verslanir í Bandaríkjunum, aðrir skrifa sjúkraskýrslur fyrir breska spítala, enn aðrir sýsla með tjónaskýrslur fyrir evrópsk tryggingafyrirtæki eða vinna við rekstur tölvukerfa sem eru einhvers staðar hinum megin á hnettinum. Það er ekki aðeins að stór hluti af iðnaði heimsins sé kominn til Kína eða á leiðinni þangað, þjónustustarfsemi og vöruþróun streymir til Asíu.

Margt það mikilvægasta í samtímanum er hluti af þessari sögu. Eins og til dæmis ört vaxandi ójöfnuður innan samfélaga á Vesturlöndum. Ástæðu fyrir stórauknum launamun er að finna í tveimur hliðum þessa sama máls. Annars vegar í því að stór hluti íbúa Vesturlanda er kominn í samkeppni við vinnuafl í löndum þar sem laun eru lág vegna pólitískra og tæknilegra breytinga sem hafa breytt rökum um staðsetningu á atvinnustarfsemi. Þetta þrýstir niður launum þess vaxandi fjölda fólks sem er í störfum sem unnt er að vinna annars staðar. Hins vegar hafa ný og áður óþekkt tækifæri opnast fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem geta litið á heiminn í heild sem sitt athafnasvæði. Þetta hækkar tekjur þeirra sem kunna sæmilega vel að nýta sér nýjar aðstæður í atvinnulífi heimsins. Þeir eru miklu færri en hinir sem eru lentir í samkeppni við fólk í Asíu. Aukin og bætt menntun getur hins vegar breytt því.

Á Íslandi hafa menn lítið fundið fyrir áhrifum samkeppni við vinnuafl í Asíu. Við höfum hins vegar notið mikils ábata vegna lækkunar á framleiðslukostnaði varnings sem við flytjum inn í miklum mæli. Nú finnum við fyrir þeirri alþjóðlegu þróun að laun stjórnenda fyrirtækja hækka miklu mun hraðar en laun annarra manna í samfélaginu. Í sumum tilvikum eru þessar hækkanir beinlínis vegna árangurs fyrirtækjanna á alþjóðlegum markaði. Umbun stjórnenda KB banka fyrir að margfalda hagnað bankans þættu til dæmis ekki umtalsverð vestan hafs eða austan enda greinilega um að ræða eftirtektarverða snilld við að nýta nýjar aðstæður í alþjóðlegum viðskiptum. Annað sem athygli hefur vakið á Íslandi að undanförnu virðist hins vegar frekar eiga rætur í ábyrgðarleysi en lögmálum markaðarins. Umræða um ört vaxandi launamun á sér nú stað um öll Vesturlönd. Best væri ef hún vekti athygli á lykilhlutverki menntunar í að búa til ný tækifæri í hnattvæddum heimi. Umræðan hefur þó orðið til þess að draga úr áhuga manna á auknu frjálsræði í alþjóðlegum viðskiptum. Það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar á næstu árum. Ekki síst fyrir menn eins og kunningja minn á Filippseyjum.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.15 | 13.33 | 15.50 |
| Akureyri | 11.27 | 13.17 | 15.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ


# allt

**nám o.fl.** — **Konur**: Sjálfsstyrkingarnámskeið í Fljótshlíð bls. 2

**börn o.fl.** — **Skírn**: Ný verslun með skírnarkjóla bls. 5

**tíska o.fl.** — **Chanel No 5**: Elsta og þekktasta ilmvatn í heimi bls. 6



*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagurinn 4. janúar, 4. dagur ársins 2006.**

KRÍLIN




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Ingunn kveðst að minnsta kosti kunna betur til verka heima hjá sér eftir námið í Köbenhavns dag-og aftenseminarium. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Sló margar flugur í einu höggi

***Um leið og Ingunn Gylfadóttir aflaði sér kennsluréttinda lét hún drauminn rætast og dreif sig til Köben.***

„Æ, það er búið að gera svo mikið grín að mér. Meðan allir fóru í MBA nám þá fór ég í heimilisfræði,“ segir Ingunn hlæjandi þegar hún er innt eftir viðfangsefnum sínum á haustönninni. „Þetta var þannig að ég er kennari með BA próf og var að taka uppeldis- og kennslufræði til að ná í kennsluréttindin en hef alltaf haft áhuga á heimilisfræði.

Ég fór því sem skiptinemi frá Kennaraháskólanum hér í stóran skóla í Kaupmannahöfn sem heitir Köbenhavns dag- og aftenseminarium, kláraði uppeldis- og kennslufræðina og fór jafnhliða í heimilisfræði. Þar lærði ég næringarfræði, örverufræði og verklega matargerð auk þess sem ég tók einn kúrs við heimilisfræðideild Kennaraháskólans hér í fjarnámi. Þetta er kannski ekki mjög hagnýtt en maður ætti alla vega að kunna betur til verka heima hjá sér!“ Ingunn er dönskukennari og kveðst hafa hugsað Danmerkurferðina sem góða leið til upprifjunar á dönskunni og endurnæringar fyrir sig sem kennara enda hafi hún keypt fullt af námsefni.

Hún var heldur ekki ein. „Við vorum þarna þrjár vinkonur í þrjá mánuði, allar komnar á fertugsaldur og þetta var bara frábært. Skólinn er stór en skiptinemarnir voru ekki margir því auk okkar voru þrjár stúlkur frá Frakklandi,“ segir Ingunn og bætir við hlæjandi. „Við vorum aðeins í eldri kantinum. Það verður að segjast eins og er!“ Þótt skólinn sé ekki í miðborginni segir hún þær vinkonurnar hafa ákveðið að búa í nánd við Ráðhústorgið og Strikið og taka vel á móti gestum og gangandi. „Við vorum barnlausar því börnin okkar eiga svo góða feður að þeim var algerlega treystandi. En þarna rættist langþráður draumur að búa bara með vinkonum sínum og þetta var ævintýri fyrir eldri konur!“


**Kom skemmtilega á óvart. Mjög vel skipulögð og góð kennsla. Frábær kennari og gott námsefni!**

***Óskum nemendum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári, þökkum viðskiptin á árinu.***

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta, frábært, markvisst, hnitmiðað.
(sjá umsagnir nemenda á www.h.is)

**Erum byrjuð að bóka á fyrstu námskeið 2006:**
Hraðlestrarnámskeið 10. janúar 2006 (nokkur sæti laus)
Hraðlestrarnámskeið 30. janúar 2006 (skráning hafin)
**Skráning fer fram á www.h.is eða í síma 586-9400.**

HRAÐLESTRARSKÓLINN



fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

# Skráning í fjarnám

## á vorönn 2006 fer fram 6. – 15. janúar á heimasíðu skólans. Slóðin er www.fa.is

***Fjarnám allt árið! Þitt nám þegar þér hentar!***



**Skrautlegir pennar** geta gert heimanámið meira spennandi fyrir þá sem yngri eru. Litríkir pennar gera glósur þeirra sem eldri eru aðgengilegri og auðveldari yfirferðar.




5 Rhythms™ námskeið
20.-22. janúar
Með Alain Allard

Rythmarnir 5 eru dans, þar sem líkamleg hreyfing og öndun eru notuð til að hreyfa við hjarta og sál. Þetta er tækifæri til að finna fyrir því að við erum lifandi og að uppgötva okkur sjálf. Námskeiðið verður haldið á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar og skráning:
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, s. 866 5527,
netfang skrh@islandia.is
Verð kr. 19.500 en 17.500 ef staðfest fyrir 10. janúar.
Sjá einnig www.5rhythms.co.uk

**Enskuskóli Erlu Ara**

Enska fyrir Alla

**Enskunám í Hafnarfirði**
- Enska fyrir fullorðna
- 10 getustig
- Áhersla á tal

**Kennsla hefst 9. janúar**

**Enskunám í Englandi**
- Fyrir fullorðna og unglinga
- Hópar og einstaklingar

***Skráning hafin***
**enskafyriralla.is**
**elcyork.com**
**kentschoolofenglish.com**



**Ath skráning er hafin í vinsælu námsferðirnar fyrir 12-15 ára**
**Uppl. og skráning í síma 8917576 og erlaara@simnet.is**

**NÝI ÖKUSKÓLINN**

**Öll vinnuvélaréttindi**
**Öll ökuréttindi**
**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**



Nýi ökuskólinn ET húsinu Klettagörðum 11
S: 588-4500 www.et.is




Bergþóra Reynisdóttir hefur séð mikinn árangur af námskeiðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tungumál sem allir skilja

***Bergþóra Reynisdóttir býður upp á sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur austur í Fljótshlíð. Námskeiðið tekur eina helgi og styrkir bæði líkama og sál.***



Konurnar gista heila helgi í Fögruhlíð í Fljótshlíðinni.

„Námskeiðið gengur fyrst og fremst út á að kenna konum grunnþekkingu í sjálfsstyrkingu og sjálfsþekkingu,“ segir Bergþóra Reynisdóttir geðhjúkrunarfræðingur. „Námskeiðin standa yfir heila helgi, frá föstudegi til sunnudags, og eru haldin austur í Fögruhlíð í Fljótshlíð. Þarna eiga konurnar heima meðan á námskeiðinu stendur og er boðið upp á notalega gistingu og grænmetisfæði.“

Námskeiðin byggjast fyrst og fremst á fyrirlestrum. „Konurnar setja sér ákveðin markmið, til dæmis að vera öruggari í samskiptum, reyna að staðsetja sig sem einstaklinga eða leysa ágreiningsmál við vinnuveitanda, eiginmann eða börn. Síðan eru þær að vinna að þessum verkefnum alla helgina undir minni leiðsögn ásamt fyrirlestrum.“

Bergþóra segir konurnar ekki fela neitt hver fyrir annari. „Ég ræði við konurnar í einrúmi ef þær óska eftir því en það hefur aðeins gerst í undantekningartilfellum. Konurnar eru aðeins sex til átta talsins og fara strax að treysta hver annarri. Samstaða myndast í hópnum og frá konunum stafar óskaplega mikill kraftur.“

Bergþóra segir þátttakendurna vera á aldrinum 18 til 70 ára. „Þeir eru í raun þverskurður af flórunni á Íslandi, koma alls staðar að af landinu og eru af öllum stéttum og stigum. Það er svo skemmtilegt að þrátt fyrir að konurnar séu svo ólíkar eiga þær sameiginlegt tungumál sem allar skilja.“

Bergþóra kveðst hafa séð mikinn árangur. „Ég hef séð konur hætta að nota róandi lyf og þunglyndislyf. Þær hafa losnað gjörsamlega við kvíða, eru sterkari og ákveðnari í samskiptum og fá stöðuhækkanir á vinnustöðum vegna þess að þær hafa getað fylgt þeim eftir. Ennfremur hefur sumum þeirra tekist að skapa alveg nýtt andrúmsloft á heimilinu enda er konan mikill áhrifavaldur innan fjölskyldunnar, hún er svo mikill klettur,“ segir Bergþóra hlæjandi.

Annar þáttur í námskeiðunum er útivist og hreyfing. „Við förum í léttar gönguferðir milli fyrirlestra og höfum gengið allt að 20 kílómetra yfir eina helgi. Hreyfing, næring og hvíld eru náttúrlega þessir grundvallarþættir fyrir andlega og líkamlega heilsu. Ef þáttunum er fullnægt er fólk oft í þokkalega andlegu og líkamlegu jafnvægi.

Karlmenn verða ekki alveg útundan á námskeiðunum. „Í mars verð ég með hjónanámskeið og fæ Halldór Reynisson með mér sem leiðbeinanda. Þar verður áhersla lögð á siðfræði og samskipti milli hjóna.“

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á vefsíðunni www.liljan.is eða í síma 863 6669.

mariathora@frettabladid.is


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

birta



Margrét S. Björnsdóttir er forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.

# Býr fólk undir fjölbreytt störf

*Umsóknarfrestur um diplómanám í alþjóðasamskiptum og opinberri stjórnsýslu á vorönn rennur út 8. janúar hjá Háskóla Íslands. Kennsla hefst 17. janúar.*

Þetta er ræða fimmtán eininga nám á meistarastigi og forkrafa er BA-próf í einhverri grein. Báðar námsleiðirnar eru hluti meistaranáms við stjórnmálafræðiskor skólans. Meistara- og diplómanámið í alþjóðasamskiptum hófst síðastliðið haust og stunda það tæplega fimmtíu manns, en meistaranámið í opinberri stjórnsýslu á sér lengri sögu og stunda það um 150 manns. Reynt er að haga kennslu þannig að auðvelt sé að stunda námið samhliða starfi. Diplómanámið í opinberri stjórnsýslu er einnig í boði sem fjarnám og stunda það um 30 nemendur víðs vegar um landið. Diplómanemar geta sótt um fullt meistaranám og fengið einingar sínar metnar inn í það. Einnig geta nemendur tekið hluta meistaranámsins við erlenda háskóla sem bjóða meistaranám á þessum sviðum.

Markmið alþjóðasamskiptanámsins er að mæta vaxandi þörf fyrir menntað starfsfólk með þekkingu á alþjóðasamskiptum. Í tímum er meðal annars fjallað um utanríkismál Íslands, hlutverk alþjóðastofnana og skipulag og samningatækni í alþjóðasamskiptum, fjölmenningu og margt fleira.

Meistaranám í opinberri stjórnsýslu býr fólk undir fjölbreytt störf á vettvangi ríkis, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana, ráðgjafarfyrirtækja og einkafyrirtækja sem starfa náið með opinberum aðilum. Nemendur fræðast um sérstöðu opinbera geirans, hvernig lagaumhverfi er háttað og um áhrif nálægðarinnar við hið pólitíska vald. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu félagsvísindadeildar http://www. hi.is/ undir stjórnmálafræðiskor, en auk þess er hægt að fá upplýsingar hjá Margréti S. Björnsdóttur forstöðumanni í síma 525-4928 og Kolbrúnu Eggertsdóttur deildarstjóra framhaldsnáms félagsvísindadeildar í síma 525-4253.


British Embassy
Reykjavík

## STYRKIR TIL NÁMS

**Breska sendiráðið býður íslenskum námsmönnum að sækja um Chevening skólastyrkinn til framhaldsnáms við breska háskóla skólaárið 2006-2007.**

Umsækjendur þurfa annað hvort að hafa tryggt sér skólavist eða hyggja á Masters- eða Doktorsnám við breskan háskóla. Styrkirnir eru eingöngu veittir til greiðslu á hluta af skólagjöldum.

Í samvinnu við sendiráðið mun fyrirtækið GlaxoSmithKline á Íslandi einnig bjóða styrk til náms í einhverri heilbrigðisgrein og KB banki býður tvo styrki.

Umsóknareyðublöð fást í breska sendiráðinu, Laufásvegi 31, 101 Reykjavík, sími 550-5100, virka daga frá 9.00-12.00. Eyðublöðin fást einnig á vefsíðunni **www.britishembassy.is**.

**Umsóknum ber að skila í sendiráðið ekki seinna en 10.febrúar 2006.**
**Umsóknir sem berast eftir þann dag fá ekki afgreiðslu.**



## Öldungadeild MH

## Nýja stokkakerfið

| Tími | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 16.45-17.45 | A | B | C | D |
| 17.55-18.55 | C | D | A | B |
| XXX | XXX | XXX | XXX | XXX |
| 19.10-20.10 | E | F | G | H |
| 20.15-21.15 | E | F | G | H |

Skástokkar A – D: tvisvar í viku; klukkustund í senn (aðallega stærðfræði, raungreinar, þriðja mál)

Langstokkar E – H: einu sinni í viku; tvær klukkustundir í senn (aðallega enska, íslenska, saga, landafræði, félagsfræði, lesfög)

**Stundatafla vorannar 2006**

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16.45 - 17.45 | EDL103-VRE-23<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-LÓA-25<br>SÁL103-HAF-20<br>STÆ103-HEJ-13<br>STÆ403-GAR-12<br>STÆ503-GAR-12 | FRA203–ALA-33<br>ÍSL103-BAB-15<br>JAR203–PIM-18<br>SPÆ203–APS-41<br>ÞÝS203–BEH-14<br>STÆ313–NN-13 | EFN103 –LÓA-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>RÚS103–IRM-40<br>SÁL103–HAF-20<br>STÆ203–HEJ-13<br>ÞÝS403-VAB-14 | ÍSL393-GAS-16<br>FÉL303–SKA-20<br>FRA403–ALA-33<br>LÍF103 RUT/VAK-26<br>NÁT113–PIM-18<br>SPÆ403–ÍST-41<br>STÆSTO–RAB-13 |
| 17.55 - 18.55 | EFN103 –LÓA-25<br>ÍTA303-JOG-41<br>NÁT133–VRE-23<br>RÚS103–IRM-40<br>SÁL103–HAF-20<br>STÆ203–HEJ-13<br>ÞÝS403-VAB-14 | ÍSL393-GAS-16<br>FRA403-ALA-33<br>LÍF103 RUT/VAK-26<br>NÁT113–PIM-18<br>SPÆ403-ÍST-41<br>STÆSTO–RAB-13 | EDL103-VRE-23<br>ÍTA203-JOG-41<br>NÁT123-LÓA-25<br>SÁL103-HAF-20<br>STÆ103-HEJ-13<br>STÆ403-GAR-12<br>STÆ503-GAR-12 | FRA203–ALA-33<br>ÍSL103-BAB-15<br>JAR203–PIM-18<br>SPÆ203–APS-41<br>ÞÝS203–BEH-14<br>STÆ313–NN-13 |
| XXX | XXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXX |
| 19.10 - 20.10 | DAN203-ANO-38<br>FÉL 103-ADA-36<br>HEI103 – BAL-32<br>KÍN103-41<br>UPP103-HAF-20 | FÉL203-ADA-36<br>ÍSL303-GAS-16<br>ÍSL403-GUL-15<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203 – SIG-26<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203-GEG-45<br>ENS503-ÞÓR-30<br>FÉL113–ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÍSL503-BOL-16<br>ÞJÓ203–ÞOK-36 | FÉL3036-SKA-20<br>MYN153 –IDU-47<br>SAG193 – EDD-28<br>SPÆ603 – IDA-41<br>ÍSL203-BÖL-16 |
| 20.15 - 21.15 | DAN203-ANO-38<br>FÉL 103-ADA-36<br>HEI103 – BAL-32<br>KÍN103-41<br>UPP103-HAF-20 | FÉL203-ADA36<br>ÍSL303-GAS-16<br>ÍSL403-GUL-15<br>LAN103 –ÞOS-28<br>LÍF203-SIG-26<br>SAG203-ÞOS-28 | ENS203-GEG-45<br>ENS503-ÞÓR-30<br>FÉL113–ADA-20<br>SAG393–GAS-30<br>ÍSL503-BOL-16<br>ÞJÓ203–ÞOK-36 | FÉL3036-SKA-20<br>MYN153 –IDU-48<br>SAG193 – EDD-28<br>SPÆ603 – IDA-41<br>ÍSL203-BÖL-16 |

Í Öldungadeild eru nokkrir áfangar kenndir í dreifmennt. Dreifnám er sambland af fjarnámi og staðbundinni kennslu. Þannig aukast möguleikar á að stunda nám í fleiri áföngum í sama stokki. Áfangar sem eru kenndir í dreifnámi eru: UPP103, LAN103, SAG200, SAG393, ÍSL303, og SPÆ603.

**Innritun fer fram 4.-6. janúar nk. Sjá nánar www.mh.is. Sími 595-5200.**



Námsflokkar Reykjavíkur

## Vorönn 2006

## Viltu rifja upp grunnskólafögin?

**Í prófadeild Námsflokkanna er kennd enska, danska, íslenska og stærðfræði á grunnskólastigi. Grunnnám samsvarar 8. og 9. bekk og fornám samsvarar 10. bekk. Námið er ætlað þeim sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi eða vilja upprifjun frá grunni.**

**Vantar þig áfanga í heilbrigðisgreinum?**

Nokkrir áfangar í heilbrigðisgreinum verða kenndir á vorönn;
NÆR 103 • LYF 113 • ASU 104 • ÖLD 105 • SÁL 123

Áfangar á grunn- og framhaldsskólastigi eru kenndir er í Mjódd frá 16. jan. Skólagjöld miðast við kennslustundafjölda. Innritun fer fram frá 6. jan. kl. 9:00-16:00 í Mjódd, Þönglabakka 4 og í síma 567 7050.

**Viltu bæta lestrar- og skriftarkunnáttu þína?**

Námsflokkarnir veita greiningu í lestri og sérkennslu í lestri, ritun og stafsetningu þar sem hverjum og einum er mætt þar sem hann er staddur.

Upplýsingar veitir María I. Hannesdóttir lestarsérkennari í síma 551 2889 og Björg Árnadóttir forstöðumaður Námsflokkanna í síma 411 7000.

**Þarftu náms- og starfsráðgjöf?**

Um þessar mundir eru að taka til starfa náms- og starfsráðgjafar á vegum Námsflokkanna, en þeir verða staðsettir í þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þjónusta þeirra stendur Reykvíkingum eldri en sextán ára til boða, sem ekki eru þegar í námi þar sem námsráðgjöf býðst.

**Upplýsingar veitir Björg Árnadóttir forstöðumaður Námsflokkanna í síma 411 7000.**
**www.namsflokkar.is • nfr@namsflokkar.is**

Svo lengi lærir sem lifir

# Kínverski drekinn í Hafnarfirði

***Í Námsflokkum Hafnafjarðar er hægt að læra kínversku. Það er ekki það eina sem kínverskt er því Geir Sigurðsson ætla að fræða nemendur um kínverska samtímamenningu og Magnús Björnsson kynnir viðskiptahætti Kínverja.***

Kínverska efnahagsundrið er hvergi nærri hætt að vaxa og margir telja að þar séu mestu og bestu sóknarfærin sem. Íslendingar virðast hafa áttað sig á þessu. Til að mynda fór herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti ásamt fríðu föruneyti til Kína að efla og stuðla að auknum viðskiptum milli landanna. Þessa ferð gerði hann einnig að umfjöllunarefni í áramótaávarpi sínu og fullyrti að smæð okkar gæfi okkur yfirhöndina gagnvart alþjóðlegum stórfyrirtækjum í viðskiptum.

Námsflokkar Hafnarfjarðar bjóða í ár upp á námskeið sem kallast Viðskipti í Kína. Magnús Björnsson hefur umsjón með námskeiðinu en auk hans halda nokkrir einstaklingar með beina reynslu af viðskiptum í Kína fyrirlestra. Einkum er tekið á hagnýtum úrlausnarefnum eins og hvers ber að gæta, hverjar áhætturnar séu og hvers kyns hegðun er líklegust til árangurs.

Það þykir gott að þekkja þann menningarheim sem stunda á viðskipti í og því er einnig boðið upp á kynningu á kínverskri samtímamenningu. Þeir Geir Sigurðsson, Ralph Weber og Mads Holsten Jensen fjalla um menningarkima rauða drekans og veita innsýn inn í helstu hliðar kínverskrar nútímamenningar, forsendur hennar og þær breytingar sem þar hafa átt og eiga sér stað um þessar mundir.

Einnig er hægt að læra kínversku fyrir byrjendur hjá Námsflokkunum. Hvert námskeið kostar 40 til 45 þúsund krónur en ókeypis er fyrir nemendur Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar.



Kínverski markaðurinn er gríðarstór. Ef nýta á þau tækifæri sem þar bjóðast er betra að kynna sér kínverska viðskiptasiði. Myndin er af einu af bælum drekans, Hong Kong.



Árni Heimir hlakkar til að fara í gegnum helstu meistarverk Mozarts.

# Heimur Mozarts

***Fimm kvölda námskeið um meistarann Mozart verður haldið nú í ársbyrjun hjá Endurmenntun HÍ í tilefni þess að tvö hundruð og fimmtíu ár eru liðin frá fæðingu hans.***

„Ég ætla að opna gluggann inn í heim Mozarts og reyna að komast að því af hverju tónlist hans er eins og hún er," segir Árni Heimir Ingólfsson, umsjónarmaður Mozartnámskeiðsins sem haldið verður í sal Norræna hússins frá 23. þessa mánaðar til 20.febrúar. Auk þess að spila sjálfur á flygil og flytja tónlist af böndum ætlar Árni Heimir að fá til sín tónlistarmenn úr Sinfóníuhljómsveitinni til að leika úr verkum meistarans enda er námskeiðið haldið í samstarfi við hljómsveitina. Þess má geta að þátttakendur fá 50% afslátt á Mildi Títusar sem Sinfónían flytur í fyrsta sinn á Íslandi í lok janúar.

Á námskeiðinu verður skyggnst inn í hið klassíska tímabil tónlistarsögunnar og ferill Mozarts rakinn frá æskuárum til dánardags, auk þess sem nokkur af helstu verkum hans verða krufin. „Ég ætla að taka verkin í sundur, án þess að verða voðalega harðhentur, og púsla þeim saman aftur, reyna aðeins að skoða innviðina," segir Árni Heimir og hlakkar greinilega til, því eins og hann segir: „Það væri svo gaman að komast aðeins inn í höfuðið á þessum snillingi!"



Andrúmsloftið er mjög notalegt í vegaHÚSINU á Egilsstöðum og nota fjölmörg ungmenni á aldrinum 16 til 26 ára sér aðstöðuna.

# Aðstaða fyrir ungt fólk

***Það er alltaf eitthvað að gerast í vegaHÚSINU á Egilsstöðum. Þar er kaffihús fyrir ungt fólk, aðstaða til að horfa á boltann og hægt er að fara á námskeið í stuttmyndagerð og ljósmyndun.***

„Það er ferlega notaleg kaffihúsastemning hér. Strákarnir koma hingað til að horfa á boltann, stelpurnar til að horfa á myndir og svo er alls konar klúbbastarfsemi hér. Það er mjög margþætt notkun á þessu húsi," segir Kristín Scheving, forstöðumaður vegaHÚSSINS, sem er menningar- og kaffihús ungs fólks. Jafnframt eru tónleikar haldnir í húsinu, sem var opnað í fyrra og er ætlað ungu fólki á aldrinum 16 til 26 ára, en aðstaðan er byggð á breskri fyrirmynd.

Kaffihúsið býður upp á afar gott kaffi og léttar veitingar á vægu verði, en inni af því rými er minna herbergi, sem hefur hlotið nafnið vegaVinna. Þar er boðið upp á ýmis konar námskeið, svo sem í stuttmyndagerð, kvikmyndagerð, ljósmyndun, leiklist og fleiru, og

„Við erum með allt frá níu manns hér á kvöldi og upp í 40 manns, svo það er alltaf eitthvað í gangi," segir Kristín.

Opið er í vegaHÚSINU frá klukkan 14 til 23 á virkum dögum og frá 14 til 1 um helgar, en húsið er styrkt af Rauða krossinum og Fljótsdalshéraði.


**Fjarnám**
**með áherslu á starfstengt nám**

**Byggingagreinar**
Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

**Tækniteiknun**
Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

**Tölvubraut**
Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógrafía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

**Meistaraskóli**
Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

**Almennt nám**
Enska 212, ENS303, grunnteikning, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 15. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þáttöku.*

*Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.*

**Kvöldskóli**

**Bygginga- og mannvirkjagreinar**
Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

**Rafiðnanám**
Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

**Listnám**
Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar. Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

**Tækniteiknun**
Fjölbreyttir áfangar í AutoCad.

**Meistaraskóli**
Allar rekstrar- og stjórnunargreinar. Faggreinar byggingagreina.

**Almennt nám**
Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, fríhendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, tölvugreinar, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 4. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 3. og mið. 4. jan., frá kl. 16–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkorti). Kennsla hefst mán. 9. janúar 2006.*
*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

**Kennsla** hefst aftur í dag í flestum grunnskólum landsins. Vonandi eru allir nemendur búnir að hrista af sér jólaslenið og komnir aftur í námsgírinn.



# Eðla sem heyrir og sér

***Eitt nýjasta tæknileikfangið er 80 cm löng risaeðla sem gerir ýmsar kúnstir.***

„Það eru milljón skynjarar í þessu dýri,“ segir Steinar Sigurðsson í heildversluninni Item þegar hann byrjar að lýsa nýjasta tækniundri í leikfangadeild Dótabúðanna. Hann heldur áfram. „Risaeðlan bregst við hljóðum og snertingu og hún sér þannig að hún gengur ekki á neitt heldur stoppar eða beygir framhjá.

Þegar ekkert er að gerast og hún stendur á gólfinu þá fer hún í hvíld en ef einhver labbar framhjá þá skynjar hún hreyfinguna og gerir vart við sig. Sé gripið hastarlega í skottið á henni þá reynir hún að bíta en ef henni er klappað undir hökuna þá verður hún blíð og gælin og allt að því malar.“ Risaeðlan kom á markað í haust.



Risaeðlan ROBORAPTOR fæst í Dótabúðunum Kringlunni, Smáralind, Glæsibæ og Spönginni.

## bækur }

### Björninn Paddington

SÖGURNAR UM HINN SÆTA OG MANNLEGA BJÖRN, PADDINGTON, ERU HOLLAR ÖLLUM BÖRNUM

Höfundur Paddingtons var Bretinn Michael Bond og birtist fyrsta sagan um þenna geðþekka björn árið 1958 og fyrsta bókin í íslenskri þýðingu kom út árið 1971.

Í sögunni er sagt frá því að Brown-fjölskyldan finnur þennan sérstæða björn á Paddington-lestarstöðinni í London. Björninn segist koma frá Perú en að nafnið sé of flókið til þess að bera fram og því ákveður Brown-fjölskyldan að nefna björninn eftir lestarstöðinni.

Paddington reynist blíður og góður björn en virðist eiga létt með að koma sér í vandræði þótt hann reyni allt sem í hans valdi stendur til þess að gera hlutina rétt.




allt
tíska
Alla fimmtudaga



Drengirnir eru fínir í matrósafötum úr silki.

Matrósafötin fást líka í svörtu.

Blúndur setja svip á hvíta kjólana.

# Skírnarkjólar, sængurgjafir og vöggur

***Ný verslun með skírnarkjóla og sængurgjafir hefur verið opnuð í Listhúsinu í Laugardal. Anna Sigurjónsdóttir er eigandi hennar.***

Skírn heitir nýja verslunin og er trúlega með mesta úrval landsins af skírnarkjólum. Verslunarstjórinn Anna breiðir úr síðum og glæsilegustu kjólum sem hún fær frá Ameríku, Belgíu og Englandi. Þeir eru fáanlegir í nokkrum stærðum og nokkrum verðflokkum líka því verðið er frá 10.000 upp í 36.000. „Þetta eru satín- og silkikjólar,“ segir hún og sýnir líka svokallaðan eftirskírnarfatnað, bæði stutta kjóla og silkimatrósaföt á stráka. „Sumir vilja líka skíra börnin í svona fötum, ekki síst ef athöfnin er heima,“ bætir hún við.

Skírn selur líka amerískar vöggur, bæði með hefðbundnu lagi og líka kringlóttar. Þær eru fallega skreyttar og sumar eru með næturljósi, leikfangi og músík. „Það vantar ekkert nema fjarstýringu á snuðið,“ segir Anna hlæjandi þegar bent er á öll þægindin og segir vöggurnar kosta frá 11.500 til 29.000.

Meðal þess sem Anna er með til sængurgjafa eru svokallaðir startpakkar með fimm upp í fimmtán stykki. Það eru bolir, samfellur, teppi, handklæði og þvottastykki. Annar pakki er með fötum til að klæða barnið í þegar það fer heim af fæðingardeildinni, í honum eru teppi, húfa sokkar og galli. Nýja verslunin heitir Skírn og er opin frá 12-18 á virkum dögum og 11-15 á laugardögum.



Anna selur meðal annars vel búnar vöggur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Stuttur „eftirskírnarkjóll“ með tilheyrandi.



Hattar fylgja með. skírnarkjólunum.

Útsalan er hafin
IANA
Laugaveg 53 s. 552 3737
Opið mán. - föst. 10 -18 • Laugard. 10 -16

Útsalan hófst í morgun 40% afsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar
Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.
NFS



50% Afsláttur af öllum vörum

**Janúarútsölurnar** er hafnar víða um land. Um að gera að gefa sér góðan tíma til að grúska þegar á útsölurnar er komið. Ekki gera neitt í flýti, betra að vera skynsamur.



Munstruð svört mussa kr. 8.990. Stígvél kr. 28.990.

Fingravettlingar kr. 5.990.



Kjóll kr. 15.990.

Taska kr. 16.990.



Kjóll kr. 16.990.

Jakki kr. 19.990.

Græn peysa kr. 7.990. Trefill kr. 14.990. Munstrað pils kr. 13.990.

Pils kr. 10.990. Húfa kr. 5.990.

# Fjölbreyttar samsetningar

***Verslunin Whistles var ein þeirra sem hóf útsölu fyrir áramót.***

Útsölurnar hófust af fullum krafti um áramótin og sumar verslanir tóku meira að segja af skarið fyrir áramót. Verslunin Whistles í Kringlunni er tiltölulega ný af nálinni og var ein af fyrstu verslununum til að bjóða vörur sínar á útsöluverði þetta árið.

Strax var boðið upp á 30% afslátt af öllum vörum, og úr ýmsu að moða, peysur og pils í ýmsum litum, fallegir kjólar og kápur, skór og töskur í ótal útfærslum, belti, treflar og fleira og fleira.

Það er nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma ætli maður að gramsa á útsölunum og í Whistles er hægt að finna virkilega flottar samsetningar og gera góð kaup fyrir það sem eftir er af vetri vorið.






# Saga Chanel #5

***Ilmvatnið Chanel #5 er án alls vafa langfrægasta ilmvatn sem til er. Ekkert ilmvatn á sér eins langa og farsæla sögu og enn þann dag í dag selst það eins og heitar lummur.***



Coco Chanel hafði gríðarleg áhrif á tískustrauma 20. aldarinnar.

Hin goðsagnakennda Gabriella „Coco" Chanel opnaði sína fyrstu verslun í París árið 1910. Áhrif hennar og tískukeðju hennar á menningu og tísku eru slík að tímaritið Time taldi Coco vera eina af 100 áhrifamestu einstaklingum tuttugustu aldarinnar. Árið 1924 gerðist Pierre Wertheimer viðskiptafélagi Coco og í dag stjórna eftirlifendur Wertheimer fyrirtækinu. Coco Chanel lést árið 1971, þá 87 ára gömul.




Ilmvatnið Chanel #5 er tákn um kvenleika og glæsileika.

Ilmvatnið sjálft kom á markað í maí árið 1921. Nafnið fékk það vegna þess að gerðar voru nokkrar ilmvatnsblöndur sem Coco valdi svo á milli. Reyndist blanda númer fimm hlutskörpust eins og kannski frægt er orðið. Ilmvatnið var einstakt að mörgu leyti. Aldrei áður hafði til dæmis ilmvatnsflaska skartað nafni skapara ilmvatnsins á flöskunni. Efnasamsetning ilmvatnsins var einnig mjög óhefðbundin. Þessi efnasamsetning hefur gert það að verkum að þrátt fyrir aldur ilmvatnsins hefur það nær aldrei farið úr tísku og alltaf verið jafn vinsælt. Er til eitthvert ilmvatn sem vitað er að þrjár eða jafnvel fjórar kynslóðir hafa notað?

Fyrstu þrjátíu ár ilmvatnsins voru reyndar ekki eins gífurlega farsæl og seinna varð. Árið 1953 fékk ilmvatnið nefnilega bestu auglýsingu sem það hefði nokkru sinni getað fengið og það án þess að borga krónu fyrir. Þessi örlagavaldur Chanel #5 var leikkonan Marilyn Monroe. Hún var eitt sinn spurð að því hvaða ilmvatn hún notaði í rúminu og hún svaraði að bragði: „Nú, Chanel #5 að sjálfsögðu!"

Eftir þessi ummæli hefur Chanel #5 aldrei fallið af stallinum sem vinsælasta ilmvatn heims en þess má til gamans geta að að meðaltali selst ein flaska af ilmvatninu á 30 sekúndna fresti. Fjölmargar frægar leikkonur eins og Catherine Deneuve og Nicole Kidman hafa einnig verið frægir boðberar ilmvatnsins.

Von Coco var að konur notuðu ilmvatnið hvenær sem þær vonuðust eftir kossi. Sú ósk Coco hefur svo sannarlega ræst.

*steinthor@frettabladid.is*

# Tískugoð ársins 2005

***Þrjár leikkonur voru sérlega áberandi fyrir fatastíl sinn á árinu sem var að líða. Þær höfðu áhrif á tískuna og voru óaðfinnanlegar í útliti.***



Sienna Miller í febrúar.



Gwyneth Paltrow í júní.

**Bóhemið**

Frá því Sienna Miller kom fram á sjónarsviðið hefur hún ekki aðeins þótt aðdáunarverð fyrir fagra kærasta heldur einnig sérstakan og smekklegan fatastíl. Nú hefur hún látið klippa á sér hárið og þykir ekki síðri stutthærð.



Sienna Miller í júlí.



Gwyneth Paltrow í lok nóvember.

**Glamúrstúlka Hollywood**

Nýja gyðja Woody Allens, Scarlett Johanson, er þekkt fyrir glamúr. Fágaðir kjólarnir og lýtalaus málning minnir á leikkonur gamla tímans.



Sienna Miller í desember síðastliðnum.



Scarlett Johansson í janúar á síðasta ári.

**Náttúrulega konan**

Nýja andlit Estée Lauder, Gwyneth Paltrow, er með náttúrulegt útlit. Þröngar gallabuxur og stuttur, aðsniðinn jakki lýsa mínímalískum fatastíl hennar.



Gwyneth Paltrow í júní.



Scarlett Johansson í desember.


**Lokað í dag**

**Útsalan**

**hefst á morgun**

Jakkaföt, stakir jakkar, yfirhafnir, skyrtur, bolir og ótalmargt fleira.



ÍSLENSKIR KARLMENN

Laugavegi 74 • Sími 551 3033

**ÚTSALAN**

HEFST Í DAG KL.10

**40%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



InWear Matinique Part Two Saint Tropez SOAKED IN LUXURY

COMPANYS

Kringlunni s.512 1766

# Vivienne Westwood öðluð

***Tískuhönnuðurinn frægi Vivienne Westwood var nú um áramótin öðluð af drottningu Breta.***

Vivienne Westwood hefur frá því á tímum pönktímabilsins verið afar áberandi í tískuheiminum. Hún öðlaðist fyrst frægð sem einn af aðalforsprökkum pönksins og þeirrar tískubylgju sem því fylgdi. Hún stofnaði í London verslunina Sex ásamt þáverandi kærasta sínum, Malcolm McLaren, og þótti hönnun Westwood einhver sú mest sjokkerandi sem sést hafði.

Hún hefur síðan verið þekkt fyrir ýmis uppátæki, þó svo að hin sérstæða tískuhönnun hafi ávallt verið hennar helsta aðalsmerki. Westwood hefur alltaf leitast við að fara óhefðbundnar leiðir auk þess sem hún hefur leitað aftur til mið- og nýalda eftir ýmsum hugmyndum.


Vivienne Westwood ásamt söngkonunni Roisin Murphy. NORDICPHOTO/AP

Westwood fékk titilinn dame fyrir framlag sitt til tískuheimsins en hún hefur einnig beitt sér fyrir ýmsum mannréttindamálum og öðru slíku á undanförnum árum. Hún segir að það sé skylda hennar sem konu sem hlustað er á að huga að mannréttindum. Tók hún meðal annars þátt í hönnun á bolum sem á stóð: „I AM NOT A TERRORIST, please don't arrest me," sem myndi útleggjast á íslensku: „ÉG ER EKKI HRYÐJUVERKAMAÐUR, vinsamlegast handtakið mig ekki." Hefur gróðinn af sölu þessara bola runnið til mannréttindasamtaka.

# Sætar slaufur

***Samkvæmt tískuvefnum style.com eru tískuhönnuðir almennt sammála um að slaufur séu málið fyrir komandi sumar.***

Stóra slaufur, litlar slaufur, litskrúðugar slaufar og í raun bara allar gerðir slaufa eru áberandi í tískustraumum fyrir næstkomandi sumar. Samkvæmt þeim tískusýningum sem hafa verið að sýna komandi sumarlínu virðast stórar og jafnvel pínu óreglulegar slaufur á barmi bæði kjóla og bola vera mjög áberandi.

Ýmsir tískuhönnuðir segja að slaufur séu í senn bæði hugaðar, klassískar og kvenlegar. Margar stúlkur ættu því að fagna þessu og vera óhræddar við að bera bæði djarfar og óhefðbundnar slaufur þegar sólin byrjar að skína af einhverju viti næstkomandi vor og sumar.


Eitt af slaufu-dressum sem sáust nýlega á sýningu hjá Phi.






# Kvikmynd um líf Herzegovu?

***Ofurfyrirsætan Eva Herzigova hefur látið hafa það eftir sér að hún vilji láta gera kvikmynd um lífshlaup sitt.***

Hin tékkneska og fagurvaxna Herzegova segist sjálf vilja leikstýra myndinni, þrátt fyrir litla sem enga reynslu á því sviði. Hún segist ekki vilja gera dæmigerða kvikmynd heldur frekar mynd í heimildarmyndastíl.

Hún segir sjálf að saga sín sé algjör Öskubuskusaga því að hún hafi fengið mjög strangt og erfitt uppeldi. Hún varð síðan ein frægasta ofurfyrirsæta heims og var hvað þekktust fyrir að auglýsa Wonderbra brjóstahaldarana. Seinna giftist hún trommuleikara Bon Jovi, Tico Torres, en hjónaband þeirra var stormasamt og skammvinnt.

Þá er bara lítið annað að gera en að bíða og vona.


Eva Herzegova varð heimsfræg í Wonderbra-auglýsingum.

allt
matur
Alla föstudaga



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...
Miðvikudagur 4. janúar 2006 – 40. tölublað – 2. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa

Kínverjar í ferðahug
Kapphlaup til tunglsins







Concert
Tapaði á Alice Cooper




# Stjórnendur kaupa í Avion

True North Holding Group, félag í eigu lykilstjórnenda í Avion Group, hefur keypt fimmtán milljónir hluta í félaginu á genginu 38,3. Kaupverðið er um 574 milljónir króna. Meðal eigenda félagsins er Hafþór Hafsteinsson, forstjóri Atlanta.

Arngrímur Jóhannsson, stofnandi Atlanta, hefur selt um fimmtán milljónir hluta á sama gengi.

Jafnframt hafa Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Steingrímur Pétursson, fjármálastjóri Avion Group, fært um 51 milljón hluta í Avion Group á milli eignarhaldsfélaga sem eru í þeirra eigu. Topos Holding selur Fjárfestingarfélaginu Sjöfn bréfin. **- eþa**



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**
Eignarhaldsfélag Björgólfs, Novator, er umsvifamikið á finnskum fjarskiptamarkaði.

# Saunalahti og Sonera semja

Finnska fjarskiptafyrirtækið Saunalahti, sem er í meirihlutaeigu Novator, eignarhaldsfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur komist að samkomulagi við símarisann Sonera. Saunalahti var síðastliðið sumar tekið yfir af næststærsta fjarskiptafyrirtæki Finnlands, Elisa, og eru Björgólfur Thor og félagar í Novator nú þar stærstir hluthafa með rúm tíu prósent.

Eftir yfirtökuna sagði Sonera upp samningi Saunalahti um aðgang að dreifingarkerfi Sonera. Samkvæmt samkomulaginu mun Sonera greiða Saunalahti rúmar hundrað milljónir króna og Saunalahti í staðinn hætta við málsókn á hendur Sonera. **- jsk**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Stórir starfslokasamningar** | Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, og Ragnhildur Geirsdóttir, sem gegndi starfi forstjóra FL Group í rúma fimm mánuði á síðasta ári, gerðu starfslokasamninga. Sigurður fær 161 milljón króna í sinn hlut en Ragnhildur 130 milljónir.

**Icex yfir 5500 stig** | Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæp 65 prósent á árinu sem leið og endaði í 5.534,39 stigum. Frá ársbyrjun 1993 hefur Úrvalsvísitalan hækkað samtals um 1391,3 prósent.



**Hundrað prósenta hækkun** | Þrjú félög Kauphallarinnar hækkuðu um meira en hundrað prósent á árinu. Landsbankinn um rúm hundrað og tólf prósent, Bakkavör rúm hundrað og tíu og FL Group um tæp hundrað og tvö prósent.

**Fons selur farmiða** | Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, keypti tólf prósenta hlut í farmiðasölufyrirtækinu Ticket sem er með sölunet í Svíþjóð og Noregi.

**Avion bætir við** | Avion Group staðfesti kaup á fjórum Boeing 777 fraktvélum til viðbótar við þær fjórar sem félagið keypti fyrr á árinu. Heildarfjárfesting í þessum átta vélum nemur hátt í tveimur milljörðum Bandaríkjadala.

**Sigurjón í víking** | Sigurjón Sighvatsson keypti sjötíu og fimm prósenta hlut í norræna kvikmyndadreifingarfyrirtækinu Scanbox Entertainment Group. Það sem eftir stendur er í eigu fyrri aðaleiganda, Verner Bach Pedersen, og stjórnenda fyrirtækisins.

**Veðja á veðbanka** | Íslenska fjárfestingarfélagið RedSquare, sem er í eigu Húsasmiðjubræðra, keypti sjötíu prósenta hlut í breska veðbankanum Falconforce. Um þrjátíu prósenta hlutur er í eigu breska fjárfestingafélagsins Metro Racing Limited.

# Þrettán milljarða hagnaður af kaupum í KB banka

## Hlutafé Exista fjárfestingarfélags undir stjórn bræðranna í Bakkavör var aukið um tuttugu milljarða á dögunum. Hagnaður síðasta árs verður vart undir þrjátíu milljörðum.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hagnaður Exista á árinu 2005 verður vart undir þrjátíu milljörðum króna. Það gæti þýtt að félagið hafi hagnast meira en Íslandsbanki, Landsbankinn og Straumur - Burðarás á síðasta ári. Þessi gríðarlegi hagnaður er fyrst og fremst tilkominn vegna mikillar hækkunar hlutabréfa í KB banka á árinu 2005 en einnig tvöfaldaðist í virði stór eignarhlutur Exista í Bakkavör.

Exista festi kaup á fjögurra prósenta hlut í KB banka í nóvember sem margir telja að hafi losað um töluverða sölupressu á bréfum í bankanum og jafnframt styrkt stöðu félagsins sem stærsta hluthafans.

Voru öll sölutilboð á verðbilinu 600-650 „hreinsuð upp“ en fleiri fjárfestar voru á ferðinni um þetta leyti, þar á meðal Norvestia sem er í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO.

Félagið gaf út nýtt hlutafé að upphæð tuttugu milljarðar í desember og munu hluthafar hafa fengið mjög skamman tíma til að ganga frá innborgun, sem var notuð meðal annars til að fjármagna hlutafjárkaupin í KB banka.

Eigið fé Exista, sem stóð í tæpum þrjátíu milljörðum í byrjun síðasta árs, ætti að vera að nálgast áttatíu milljarðana.



**SIGURÐUR EINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR KB BANKA**
Kominn í hóp tuttugu stærstu hluthafa bankans.

Lokagengi KB banka í árslok stóð í 746 krónum á hlut. Óinnleystur gengishagnaður af 21 prósenta hlut Exista í KB banka er því kominn yfir þrettán milljarða króna frá kaupunum í nóvember.

Samþjöppun á eignarhaldi hefur einnig valdið því að Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, er kominn í hóp tuttugu stærstu hluthafa bankans. Hlutur hans er 2,7 milljarðar að markaðsvirði.

# Stýra yfir þúsund milljörðum

## Eignastýring KB banka hefur vaxið mikið á fjórum árum. Fjársterkir einstaklingar láta bankann ávaxta um 400 milljarða króna fyrir sig.

Í lok þriðja ársfjórðungs á síðasta ári var KB banki með meira en eitt þúsund milljarða króna í eignastýringu. Það þýðir að starfsmenn bankans taka ákvörðun um hvernig eigi að ávaxta þessa fjárhæð fyrir einstaklinga, fyrirtæki, lítil eignarhaldsfélög og lífeyrissjóði. Allar fjárfestingarákvarðanir varðandi þessar eignir eru í höndum bankans.

Til samanburðar kom fram í ársfjórðungsriti Seðlabankans, Peningamálum, í desember síðastliðnum að heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna í byrjun árs 2005 væru rétt tæplega þúsund milljarðar króna.

Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri eignastýringar KB banka, segir að árið 2001 hafi bankinn verið með 154 milljarða króna í eignastýringu. Síðan þá hafi sú upphæð hækkað um 381 milljarð vegna innri vaxtar, um 392 milljarða þegar breski bankinn Singer & Friedlander var keyptur og um 109 milljarða vegna yfirtöku á öðrum fyrirtækjum. Þetta sé því umtalsverður vöxtur á skömmum tíma. Innri vöxtur sé sérstaklega mikilvægur í þessu sambandi.

Þórarinn segir að 37 prósent þessara eigna séu í Bretlandi, 35 prósent á Íslandi, 14 prósent í Finnlandi en minna í öðrum löndum eins og í Svíþjóð og Lúxemborg. Fjársterkir einstaklingar og lítil eignarhaldsfélög eigi tæp 40 prósent af þessari upphæð, lífeyrissjóðir og fyrirtæki um 36 prósent og sjóðir 25 prósent.

Í þessum tölum eru sjóðir og sérgreind eignasöfn, sem KB banki stýrir, talin með segir Þórarinn. **- bg**

GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. des. 2005 - 3. jan. 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 0% | 0% |
| ATORKA GROUP | 5% | 0% |
| Bakkavör Group | -1% | 0% |
| DAGSBRÚN | 8% | 0% |
| Flaga Group | -6% | 0% |
| FL Group | -5% | 0% |
| Íslandsbanki | 2% | 0% |
| KB banki | 2% | 0% |
| Kögun | 1% | 0% |
| Landsbankinn | -1% | 0% |
| Marel | 2% | 0% |
| MOSAIC FASHIONS | 0% | 0% |
| SÍF | -2% | 0% |
| Straumur | 2% | 0% |
| Össur | 0% | 0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Exista selur í SPRON

Exista hefur selt öll stofnfjárbréf sín í SPRON en alls átti félagið um átta prósent stofnfjár og var þriðji stærsti stofnfjáreigandinn fyrir söluna. Kaupandi bréfanna er Tuscon Partners Corporation.

Gera má ráð fyrir að þessi ákvörðun hafi verið tekin þegar Exista fór yfir 20 prósent í KB banka. Eigendur Exista eru meðal annars SPRON og KB banki, sem eiga samtals yfir fjórðung hlutafjár, og þá hafi gagnkvæmt eignarhald verið orðið það hátt að kosið var að selja bréfin. Miðað við að hluturinn hafi verið seldur á genginu 4,5 nemur söluandvirðið um 1,4 milljörðum króna.



**EXISTA SELUR Í SPRON** Þriðji stærsti eigandinn hefur selt stofnfjárbréf fyrir 1,4 milljarða króna.

# Leitarvél FMV endurbætt

Leitarvél Fjölmiðlavaktarinnar hefur verið uppfærð sem gerir hana mun hraðvirkari en áður var. Leitarvél Fjölmiðlavaktarinnar gerir notendum meðal annars kleift að fletta upp umfjöllun úr öllum dagblöðum, tímaritum auk þess að geta nálgast orðrétt handrit úr fréttatímum útvarps og sjónvarps.

Orðrétt handrit úr ljósvakamiðlum standa til boða frá október 2004 en rafrænt efni fjölmiðla frá mars 2005.

Á Fjölmiðlavaktinni er gert ráð fyrir að hefja vöktun á netmiðlum á árinu og þá koma bæði til greina fréttamiðlar og einstaka bloggsíður.



**DAGBLÖÐ** Fjölmiðlavaktin hefur bætt þjónustu sína með uppfærslu á leitarvél sinni.



**SKRIFAÐ UNDIR KAUPSAMNING** Duldar eignir Avion í nýjum flugvélum af gerðinni Boeing 777 gætu numið fimm milljörðum króna.

# Duldar eignir í nýjum flugvélum

Avion Group hefur fest kaup á átta Boeing 777 fraktvélum eins og greint var frá í síðustu viku.

Það er ljóst að vélarnar hafa hækkað í verði en listaverð frá Boeing hefur hækkað um 3,5 prósent frá því að Avion Group lagði inn pöntun, að sögn Hafþórs Hafsteinssonar, forstjóra Air Atlanta Icelandic.

Heildarfjárfesting Avion Group, miðað við listaverð, nemur tveimur milljörðum Bandaríkjadala, sem samsvarar 126 milljörðum króna. Avion Group var meðal fyrstu kaupenda að þessari nýju framleiðslulínu og fékk því góðan afslátt. Stjórnendur félagsins gefa hins vegar ekki upp kaupverð vélanna. Talið er að dulinn hagnaður í þessum átta vélum sem Avion Group festir kaup á sé ekki undir fimm milljörðum króna.

Boeing hefur selt um 130 vélar af gerðinni 777 á árinu. **- eþa**

# Hætt við útgáfu íbúðabréfa á síðastu stundu

## Íbúðalánasjóður breytti útgáfuáætlun sinni á síðasta degi ársins. Hefur ekki mikil áhrif segja sérfræðingar.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Íbúðalánasjóður gat ekki staðið við útgáfuáætlun íbúðabréfa á síðasta ársfjórðungi 2005, sem birt var endurskoðuð 10. nóvember. Síðasta viðskiptadag ársins, 30. desember síðastliðinn, var tilkynnt að hætt yrði við áætlaða útgáfu íbúðabréfa fyrir tæpa fjóra milljarða króna. Flyst útgáfan yfir á fyrsta ársfjórðung þessa árs.

Íbúðalánasjóður fjármagnar útlán sín með útgáfu íbúðabréfa.

Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir að ekki hafi verið þörf á að gefa út þessi íbúðabréf sem að var stefnt. Meðal annars hefði átt að lána til verktaka sem eru að byggja leiguíbúðir en vegna seinkunar færist útlánin yfir á þetta ár. Einnig hafi dregið almennt úr útlánum á árinu og því ekki þörf á eins miklum peningum til að lána.

Hallur bendir líka á að markaðurinn sé dauflegur milli jóla og nýárs og því hætta á að kjör Íbúðalánasjóðs versni. Komi til þess þurfi að hækka vexti á íbúðalánum, en ekki nú.

Þrír sérfræðingar á greiningardeildum viðskiptabankanna segja það skipta ekki höfuðmáli máli að hætt var við útgáfu íbúðabréfa á síðasta viðskiptadegi. Þetta hafi verið lítil upphæð miðað við útgáfu allt árið. Fáir hafi gert ráð fyrir að áætlun fyrir síðasta ársfjórðung 2005 gengi eftir þegar leið á desember. Bæði hafi vextir íbúðalána farið upp og minni umsvif verið í fasteignaviðskiptum.

Aðspurður hvort það skipti ekki máli að Íbúðalánasjóður haldi útgáfuáætlun sinni, sem er tiltölulega nýlega endurskoðuð, segir Hallur það vissulega rétt. Íbúðalánasjóður hafi alltaf reynt að standa við áætlun sína og tekist það ágætlega þrátt fyrir miklar sviptingar á fasteignamarkaði.

Svava G. Sverrisdóttir hjá greiningu Íslandsbanka segist frekar setja fyrirvara við útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs á þessu ári, sérstaklega á fyrsta ársfjórðungi. Í sama streng tekur Lúðvík Elíasson hjá greiningardeild Landsbankans og Snorri Jakobsson hjá greiningu KB banka. Miðað við aðstæður á markaðnum sé ólíklegt að það gangi eftir að Íbúðalánasjóður auki útgáfu íbúðabréfa um tæpa fjóra milljarða. Heppilegra hefði verið að fella alveg niður áætlunina sem nemur þeirri upphæð.



**HALLUR MAGNÚSSON** Minna var um útlán á síðasta ársfjórðungi en sérfræðingar Íbúðalánasjóðs höfðu áætlað, meðal annars vegna tafa á framkvæmdum verktaka.
Fréttablaðið/Róbert

# Vill láta selja miða fyrir Flyme

Pálmi Haraldsson vill að sænski farmiðasalinn Ticket, sem hann er nú stærsti hluthafinn í, hefji á ný sölu á miðum fyrir flugfélagið Flyme sem er kjölfestueigandi.

Pálmi segir í viðtali við Dagens Nyheter að þetta sé ekki beiðni heldur krafa. Ticket hætti sölu miða Flyme vegna þess að flugfélagið stóð ekki á traustum fjárhagslegum fótum. Fons sem er í eigu Pálma og Jóhannesar Kristinssona hefur lagt Flyme til nýtt hlutafé og styrkt með því fjárhagslega stöðu þess. „Það er því ekki lengur nein ástæða fyrir því að vinna ekki með Flyme,“ sagði Pálmi í samtali við DN.

Pálmi vildi í samtali við sænska blaðið ekki segja neitt um hvort til stæði að auka hlutinn í Ticket, útilokaði það ekki. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Fons hug á að láta til sín taka frekar í félaginu. **- hh**



**PÁLMI HARALDSSON** Ætlar sér örugglega meira með kaupunum á hlut í Ticket.

# KB banki upp fyrir 500 milljarða

Markaðsverðmæti KB banka fór í gær í fyrsta sinn yfir 500 milljarða króna. Á einu ári hefur verðmæti bankans aukist um 210 milljarða króna. Hlutabréf í KB banka hækkuðu um 69 prósent á síðasta ári.

Landsbankinn er metinn á 285 milljarða, Íslandsbanki á 233 milljarða, Actavis á 168 milljarða og Straumur-Burðarás á 165 milljarða.

Hlutabréf í bönkunum hækkuðu mikið á fyrsta viðskiptadegi ársins. Þannig hækkaði Íslandsbanki um meira en fjögur prósent, Landsbankinn um tæp þrjú og KB banki um tvö prósent. **- eþa**



**RJÚFA 500 MILLJARÐA MÚRINN** Markaðsvirði KB banka er komið yfir 500 milljarða.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

„Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN


1 af 85
Veröldin er vinnustaður Avion Group. Á 85 starfsstöðvum, í öllum byggðum heimsálfum veraldar, vinna 4500 manns að því hörðum höndum að halda áfram uppbyggingu öflugasta fjárfestingafélags í heimi á sviði flutningastarfsemi.
Öflugir starfsmenn með sameiginlega framtíðarsýn eru lykillinn að áframhaldandi vexti og árangri Avion Group.
AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim
www.aviongroup.is
Himinn og haf / SÍA

# Lokun á NMT-kerfinu frestað

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt Símanum um heimild til að fresta lokun NMT-farsímakerfisins til 31. desember 2008. Ákvörðun PFS byggir á umsögnum frá aðilum sem hafa hagsmuna að gæta um hvort NMT-kerfinu verður lokað en meðal þeirra eru Neyðarlínan, LÍÚ og Samtök um ferðaþjónustu. Einnig hafa nokkrir aðilar sýnt því áhuga að byggja upp nýtt fjarskiptanet fyrir NMT-þjónustuna.

Í bréfi frá Póst- og fjarskiptastofnun segir að stefnt sé að því að ný stafræn farsímaþjónusta verði í boði frá lokum árs 2007 en ekki sé hægt að segja með vissu hvort þjónustan verði tilbúin þá. Einnig segir að hugsanlegt sé að til lokunar muni koma fyrr en í lok árs 2008 en ávörðun um það verði ekki tekin fyrr en öruggar heimildir liggi fyrir því hvenær ný farsímaþjónusta verði tekin í gagnið.

# Ellefu prósenta gengishækkun

**Sérfræðingar telja að hækkanir á gengi krónunnar gangi til baka á árinu.**

Gengi krónunnar var að meðaltali rúmlega ellefu prósentustigum hærra árið 2005 en árið á undan, segir í Markaðsyfirliti Greiningar Íslandsbanka. Gengið hefur ekki farið hærra frá því í upphafi níunda áratugarins.

Dalurinn fór undir sextíu krónur, evran í tæpar sjötíu krónur og pundið í rúmar hundrað og fimm krónur. Samkvæmt Íslandsbanka má rekja hækkunina til uppsveiflu í innlendu efnahagslífi á meðan stöðnun ríkti í mörgum helstu viðskiptalöndum Íslands.

Íslandsbanki spáir um ellefu prósenta lækkun krónunnar á komandi ári. Ingvar Arnarson, sérfræðingur í greiningardeild bankans, segir að krónan muni halda styrk sínum framan af ári en lækka þegar líða tekur á: „Við sjáum fram á lækkun stýrivaxta Seðlabankans þegar stóriðjuframkvæmdir hafa náð hápunkti, auk þess sem stór hluti erlendra krónubréfa er á gjalddaga á síðari hluta árs. Þessir þættir munu líklega valda lækkun krónunnar.“ - jsk

**BREYTINGAR Á HELSTU GJALDMIÐLUM**

| Gjaldmiðill | 31. des. 2004 | 30. des. 2005 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,190 | 63,130 | - 3,17 % |
| Evra | 83,510 | 74,700 | -10,55 % |
| Sterlingspund | 118,150 | 108,850 | - 7,87 % |
| Dönsk króna | 11,225 | 10,014 | - 10,79 % |
| Norsk króna | 10,135 | 9,344 | - 7,80 % |
| Sænsk króna | 9,258 | 7,945 | - 14,18 % |
| Svissneskur franki | 54,100 | 48,030 | - 11,22 % |
| Japanskt jen | 0,597 | 0,538 | - 9,93 % |

*Heimild: Seðlabanki Íslands.*

# Nýr framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

## Spennandi tímar eru fram undan í íslensku viðskiptalífi að mati Höllu Tómasdóttur, nýráðins framkvæmdastjóra VÍ.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Halla Tómasdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og tekur við af Þór Sigfússyni, sem nýlega var ráðinn forstjóri Sjóvá.

Halla hefur víðtæka reynslu af stjórnunarráðgjöf og kennslu. Hún stundaði nám í Bandaríkjunum og lauk BS-gráðu í viðskiptafræði frá Auburn-háskóla í Montgomery í Alabama og MBA-gráðu í alþjóðlegum viðskiptum frá Garvin Graduate School of International Management. Halla varð ung stjórnandi og árin 1994 til 1996 var hún starfsmannastjóri hjá Mars Inc. og 1996 til 1998 gegndi hún starfsmannastjórastöðu hjá Pepsi Cola. Árið 1998 fluttist Halla aftur til Íslands og gerðist starfsmannastjóri Íslenska útvarpsfélagsins þangað til hún gekk til liðs við Háskólann í Reykjavík árið 1999. Þar stýrði hún stjórnendaskólanum frá stofnun og gegndi framkvæmdastjórastöðu átaksins Auður í krafti kvenna, auk þess að vera lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Þessu til viðbótar hefur Halla setið í stjórn Vistor hf. og Calidris. ehf. frá árinu 2002 og sat í stjórn Sjóvá frá 2004 til 2005.



**HALLA TÓMASDÓTTIR** Tekur við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands 1. mars.

Að mati Höllu hafa tímarnir aldrei verið meira spennandi í íslensku viðskiptalífi en nú. Góð lífskjör hafi skapast í landinu en tryggja þurfi íslenskum sem erlendum fyrirtækjum góð starfsskilyrði hér á landi. Það er eitt af áhersluatriðum Viðskiptaráðs stuðla að því að Ísland verði sveigjanlegur vinnumarkaður til þess að hér verði áframhaldandi atvinnusköpun og hagsæld. Skapa þurfi það umhverfi sem tryggir að íslensk fyrirtæki vilji starfa hér á landi og það sé jafnframt best fyrir þau, meðal annars með því að einfalda og bæta skattkerfið. Auk þess þurfi að auka umræðuna um og leita leiða til að ná fram stöðugleika í gengi krónunnar. Viðskiptaráð er bakhjarl Háskólans í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands og Halla vill styðja enn frekar við uppbyggingu á íslensku háskólaumhverfi. Viðskiptaumhverfið sé að verða flóknara og þörfin fyrir hæfileikaríkt fólk með góða menntun sé að aukast í ljósi þess að verkefnin sem viðskiptalífið stendur frammi fyrir í framtíðinni verða sífellt flóknari.

Halla tekur til starfa 1. mars næstkomandi en verður fyrst um sinn búsett í London þar sem hún stundar doktorsnám. Í náminu leggur hún áherslu á leiðtogafræði þar sem hún er sérstaklega að skoða íslenska leiðtoga fyrirtækja í hröðum alþjóðlegum vexti.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

9,1%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli miðað við tímabilið 30.06 - 30.12 2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA

# Methækkun úrvalsvísitölunnar

**Þrjú félög Kauphallarinnar hækkuðu um hundrað prósent á árinu sem leið. Íslenska kauphöllin stenst þó ekki samanburð við þá egypsku.**

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 64,7 prósent á árinu sem leið og stóð í 5534,39 stigum við lokun á síðasta viðskiptadegi ársins. Vísitalan hefur aldrei hækkað meira á einu ári samkvæmt greiningardeild KB Banka.

Úrvalsvísitalan hefur hækkað um rúm þrjú hundruð og níu prósentustig frá ársbyrjun 2003 og til ársloka 2005 og samtals um tæp fjórtán hundruð stig frá því árið 1993. Til samanburðar má nefna að Dow Jones vísitalan bandaríska hefur frá árinu 1993 hækkað um tvö hundruð tuttugu og sjö prósent.

Þrjú félög hækkuðu um meira en hundrað prósent á árinu: Landsbankinn félaga mest, um rúm hundrað og tólf prósent, þá Bakkavör með litlu minni hækkun og loks FL Group sem hækkaði um hundrað og tvö prósent. Fimm félög til viðbótar hækkuðu um meira en fimmtíu prósent.

Þrjú félög Kauphallarinnar lækkuðu í verði á árinu: Fiskeldi Eyjafjarðar um áttatíu prósent, Flaga Group um 24 prósent og loks SÍF, en bréf í fyrirtækinu lækkuðu um sextán prósent.

Bandaríska Dow Jones vísitalan féll um rúm 0,6 prósent á árinu, NASDAQ-tæknivísitalan hækkaði um tæpt 1,4 prósent. Um sautján prósenta hækkun varð á bresku FTSE-vísitölunni, þýska DAX-ið hækkaði um tuttugu og sjö prósent og hin franska CAC-40 um tæp 24 prósent. Japanska Nikkei-vísitalan hækkaði um rúm fjörutíu prósent. Hvergi varð þó meiri ávöxtun en í egypsku kauphöllinni þar sem bréf hækkuðu að meðaltali um rúm hundrað og þrjátíu prósentustig. - jsk

**HELSTU VÍSITÖLUR ÁRIÐ 2005**

| | |
|---|---|
| Dow Jones (BNA) | -0,61% |
| NASDAQ (BNA) | 1,37% |
| FTSE (BRE) | 16,7% |
| DAX (ÞÝS) | 27,1% |
| CAC-40 (FRA) | 23,8% |
| Nikkei (JAP) | 40,2% |
| Icex-15 (ÍSL) | 64,7% |


Betra Form
ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan
Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á Betra form-námskeiðunum.
Vertu með!
Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is
Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla
Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku
• Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
• Fitumælingar og vigtun
• Matardagbók
• Vandað fræðsluefni
• Lögmálin 9 um megrun - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.
Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla
Hefst 9. jan.
HREYFING
Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

## Við lítum með stolti yfir árangur viðskiptavina okkar á árinu

Að eiga traustan bakhjarl er ómetanlegt í viðskiptum. Landsbankinn þakkar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu 2005.



**Samson**
10.000 milljónir
Umsjón með skuldabréfaútgáfu.
Apríl 2005

**Lýsi hf.**
900 milljónir
Fjármögnun vegna nýrrar verksmiðju við Fiskislóð.
Maí 2005

**Eimskipafélag Íslands**
28.000 milljónir
Sala á Eimskip til Avion Group fyrir Burðarás.
Júní 2005

**Mosaic Fashions**
6.000 milljónir
Umsjón með skuldabréfaútgáfu.
Júní 2005

**Avion Group**
23.200 milljónir
Lánsfjármögnun vegna kaupa á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands.
Júní 2005

**Áltak**
Ráðgjöf vegna kaupa stjórnenda Áltaks fyrir Húsasmiðjuna.
Júní 2005

**Kjötbankinn**
Ráðgjöf og kaup á Kjötbankanum fyrir Dreifingu ehf.
Ágúst 2005

**Office1**
Kaup á Office1 fyrir Egilsson ehf.
Ágúst 2005

**Tónleika- og ráðstefnumiðstöð**
12.000 milljónir
Samningur um fjármögnun framkvæmda.
September 2005

**Lánasjóður landbúnaðarins**
2.700 milljónir
Ráðgjöf vegna kaupa Landsbankans á eignum og skuldum Lánasjóðsins.
September 2005

**Landsvirkjun**
22.000 milljónir
Umsjón með skuldabréfaútgáfu.
Mars – október 2005

**FL Group**
44.000 milljónir
Hlutafjárútboð og ráðgjöf.
Nóvember 2005

**S-8**
Fjármögnun á Mýrargötu 8 (DeCode-húsið).
Nóvember 2005

**Avion Group**
10.000 milljónir
Hlutafjárútboð og ráðgjöf.
Desember 2005

**Bygg**
1.500 milljónir
Fjármögnun vegna kaupa og framkvæmda í Lundarreit í Fossvogsdal.
Desember 2005

**BYKO**
2.000 milljónir
Endurfjármögnun lána.
Desember 2005

**Landsvirkjun**
400 milljón dalir
Umsjón með alþjóðlegu sambankaláni ásamt fimm erlendum bönkum.
Desember 2005

**Sunnuhlíð byggingar**
890 milljónir
Fjármögnun á byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða við Kópavogstún.
Desember 2005

**Kraftvélar**
Fjármögnun vegna kaupa á félaginu.
Desember 2005

**More**
Ráðgjöf og hlutafjárútboð vegna kaupa á More fyrir Strax Holdings Inc.
Desember 2005

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

## Áratuga reynsla og þekking á Íslandi til sóknar á alþjóðlegum markaði

Landsbankinn lítur björtum augum til ársins 2006 og óskar viðskiptavinum sínum farsældar og velgengni á nýju ári - hvort sem er á innlendum eða erlendum vettvangi.

### Majestic
Miðlun

**Starfsemi:** Heildsala með vín.
**Velta:** ISK 19,8 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Miðlun á hlutabréfamarkað á vegum Teather & Greenwood, dótturfélags Landsbankans.
**Fjáhæð:** ISK 2,6 milljarðar.
**Dagsetning:** Janúar 2005.

### Iceland
Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Matvöruverslanakeðja með 750 verslanir.
**Velta:** ISK 168 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Fjármögnun Iceland vegna uppskipta á Big Food Group.
**Dagsetning:** Mars 2005.

### Carl Zeiss Vision
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Leiðandi fyrirtæki í framleiðslu sjónglerja.
**Velta:** ISK 57,9 milljarðar.
**Land:** Þýskaland og Bandaríkin.
**Verkefni:** Þátttaka í 65,8 milljarða króna sambankaláni.
**Fjárhæð:** ISK 1,25 milljarður.
**Dagsetning:** Apríl 2005.

### Sjóvík
Ráðgjöf

**Starfsemi:** Matvælafyrirtæki á sviði sjávarafurða.
**Velta:** ISK 81,5 milljarðar.
**Land:** Bandaríkin.
**Verkefni:** Ráðgjöf vegna sameiningar Sjóvíkur við Icelandic Group.
**Fjárhæð:** ISK 11 milljarða kaupverð.
**Dagsetning:** Apríl 2005.

### BTC
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Stærsta símafélag Búlgaríu.
**Velta:** ISK 42,8 milljarðar.
**Land:** Búlgaría.
**Verkefni:** Þátttaka í 30 milljarða króna sambankaláni vegna endurfjármögnunar.
**Fjárhæð:** ISK 1,8 milljarður.
**Dagsetning:** Apríl 2005.

### Red Football Limited
Miðlun

**Starfsemi:** Félag um eignarhald á knattspyrnufélaginu Manchester United.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Kaup Teather & Greenwood á hlutum í Manchester United fyrir Red Football Limited.
**Fjárhæð:** ISK 87 milljarðar.
**Dagsetning:** Apríl 2005.

### Shoe Studio Group
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Skó- og tískuverslanir með heimsþekkt merki.
**Velta:** ISK 40,5 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Þátttaka í 18,4 milljarða króna sambankaláni vegna yfirtöku á félaginu.
**Fjárhæð:** ISK 1,1 milljarður.
**Dagsetning:** Maí 2005.

### New Look
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Þriðja stærsta kvenfata-verslun Bretlands.
**Velta:** ISK 77 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Þátttaka í 82,5 milljarða króna sambankaláni vegna endurfjármögnunar.
**Fjárhæð:** ISK 2 milljarðar.
**Dagsetning:** Júní 2005.

### TDF
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Rekstraraðili um 4.400 sjónvarps-og útvarpsturna.
**Velta:** ISK 67 milljarðar.
**Land:** Frakkland.
**Verkefni:** Þátttaka í sambankaláni vegna 166 milljarða króna endurfjármögnunar.
**Fjárhæð:** ISK 2,1 milljarðar.
**Dagsetning:** Júní 2005.

### Amadeus
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Leiðandi bókunarþjónusta fyrir ferðaiðnað.
**Velta:** ISK 152,5 milljarðar.
**Land:** Spánn.
**Verkefni:** Þátttaka í 255 milljarða króna sambankaláni í tengslum við yfirtöku.
**Fjárhæð:** ISK 2,25 milljarðar.
**Dagsetning:** Júlí 2005.

### Sirona
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Framleiðsla á tækjum fyrir tannlæknastofur.
**Velta:** ISK 26,5 milljarðar.
**Land:** Þýskaland.
**Verkefni:** Þátttaka í 28,7 milljarða króna sambankaláni vegna kaupa á fyrirtækinu.
**Fjárhæð:** ISK 1,1 milljarður.
**Dagsetning:** Júlí 2005.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF. / SIA.IS - LBI 30730

## Promens
Fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Ein stærsta fyrirtækja-samsteypa heims á sviði hverfissteyptra plasteininga.
**Velta:** ISK 7,5 milljarðar.
**Land:** Ísland.
**Verkefni:** Heildarfjármögnun á kaupum Promens á Bonar Plastics.
**Fjárhæð:** ISK 2,8 milljarðar.
**Dagsetning:** Ágúst 2005.

## Basell
Sölutrygging

**Starfsemi:** Leiðandi framleiðandi á polypropylene og polyolefin.
**Velta:** ISK 540 milljarðar.
**Land:** Holland.
**Verkefni:** Sölutrygging á hluta af 188 milljarða króna sambankaláni.
**Fjárhæð:** ISK 3,8 milljarðar.
**Dagsetning:** September 2005.

## Kwik-Fit
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Leiðandi fyrirtæki í bifreiðaþjónustu.
**Velta:** ISK 89 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Þátttaka í 30,6 milljarða króna sambankaláni.
**Fjárhæð:** ISK 3,4 milljarðar.
**Dagsetning:** September 2005.

## Weetabix
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Framleiðsla á morgunkorni.
**Velta:** ISK 41 milljarður.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Þátttaka í 44 milljarða króna sambankaláni.
**Fjárhæð:** ISK 275 milljónir.
**Dagsetning:** September 2005.

## FL Group
Miðlun

**Starfsemi:** Fjárfestingafélag.
**Velta:** ISK 110 milljarðar.
**Land:** Ísland.
**Verkefni:** Kaup á hlutabréfum í Easy Jet fyrir FL Group á vegum Teather & Greenwood, dótturfélags Landsbankans.
**Fjárhæð:** 30,8 milljarðar.
**Dagsetning:** Júlí - október 2005.

## Mölnlycke Health Care Group
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Leiðandi framleiðandi á sótthreinsuðum læknavörum.
**Velta:** ISK 55 milljarðar.
**Land:** Svíþjóð.
**Verkefni:** Þátttaka í 85 milljarða króna sambankaláni og millilagsláni vegna kaupa á fyrirtækinu.
**Fjárhæð:** ISK 2,5 milljarðar.
**Dagsetning:** Nóvember 2005.

## Mappin & Webb
Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Sérverslanir með hágæða skartgripi og úr.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Kaup Baugs Group á fyrirtækinu.
**Fjárhæð:** ISK 2,3 milljarða kaupverð.
**Dagsetning:** Nóvember 2005.

## Acordis
Fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Framleiðsla á trefjum, m.a. fyrir flugvélar.
**Velta:** ISK 7,5 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Eignatryggðri fjármögnun stýrt af Commercial Finance einingu Landsbankans.
**Fjárhæð:** ISK 1,3 milljarður.
**Dagsetning:** Nóvember 2005.

## Petroplus
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Olíuhreinsunarstöðvar í Evrópu.
**Velta:** ISK 467,8 milljarðar.
**Land:** Holland.
**Verkefni:** Þátttaka í 20,5 milljarða króna sambankaláni.
**Fjárhæð:** ISK 1,9 milljarður.
**Dagsetning:** Nóvember 2005.

## Toys 'R' Us
Þátttaka í sambankaláni

**Starfsemi:** Alþjóðleg verslanakeðja með leikföng og barnavörur.
**Velta:** ISK 137 milljarðar.
**Land:** Evrópa.
**Verkefni:** Þátttaka í 21 milljarða króna rekstrarlánalínu.
**Fjárhæð:** ISK 1,9 milljarður.
**Dagsetning:** Nóvember 2005.

## Whittard of Chelsea
Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Keðja 128 sérverslana með kaffi, te og tengdar vörur.
**Velta:** ISK 4,6 milljarðar.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Ráðgjöf og brúarfjármögnun vegna kaupa Julian Graves á fyrirtækinu og afskráningar.
**Fjárhæð:** ISK 2,4 milljarða kaupverð.
**Dagsetning:** Desember 2005.

## IMS
Fjármögnun og sölutrygging

**Starfsemi:** Sérfræðiálit lækna og vitnisburður .
**Velta:** ISK 1.440 milljónir.
**Land:** Bretland.
**Verkefni:** Endurfjármögnun á vegum Commercial Finance einingar Landsbankans.
**Fjárhæð:** ISK 1.100 milljónir.
**Dagsetning:** Desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# Fjórföldun á þremur árum

**Úrvalsvísitalan hækkaði um 65 prósent í fyrra, sem var langt umfram væntingar. Bankarnir eru komnir yfir eina billjón að markaðsvirði, sem er meira en landsframleiðslan. Trú fjárfesta á ofurfjárfesta er rík á markaði og bjartsýni ríkjandi á framhaldið. *Eggert Þór Aðalsteinsson* fer yfir besta hlutabréfaár Íslandssögunnar.**



**LANDSBANKINN HÆKKAÐI MEST Í KAUPHÖLL** Landsbankinn hækkaði mest allra félaga í Kauphöll Íslands árið 2005, um 112 prósent. Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, Halldór J. Kristjánsson bankastjóri, Kjartan Gunnarsson bankaráðsmaður og Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri hafa ástæðu til að fagna góðum árangri bankans á síðasta ári.

Besta hlutabréfaár Íslandssögunnar er að baki en Úrvalsvísitalan hækkaði um tæp 65 prósent í fyrra. Enn og aftur sýndu íslensk hlutabréf langbestu ávöxtun í samanburði við erlend hlutabréf og aðra fjárfestingarkosti.

Þegar litið er eitt ár til baka verður að telja að þessi mikli kraftur markaðarins hafi komið öllum á óvart, enda var almennt álitið að íslensk hlutabréf ættu ekki svona mikið inni eftir gríðarlegar hækkanir á árunum 2003 og 2004.

Frá ársbyrjun 2003 til loka ársins 2005 hefur Úrvalsvísitalan hækkað um 303 prósent.

**BANKARNIR EIN BILLJÓN**

Bankar, fjárfestingarfélög og stór útrásarfyrirtæki ruku upp úr öllu valdi og náðu óþekktum stærðum. Tvö af þessum fyrirtækjum náðu 100 prósenta hækkun á árinu 2005; Bakkavör Group og Landsbankinn.

Í ársbyrjun 2005 voru aðeins þrjú félög í Kauphöll Íslands meira en eitt hundrað milljarða virði; Actavis, Íslandsbanki og KB banki, en um nýliðin áramót voru þau orðin sex. FL Group, Landsbanki Íslands og Straumur - Burðarás höfðu bæst í hópinn. KB banki, stærsta félagið í Kauphöllinni, vantar lítið upp á ná markaðsvirði upp á hálfa billjón.

Markaðsvirði viðskiptabankanna þriggja í Kauphöll Íslands er orðið meira en sem nemur landsframleiðslu síðasta árs. Tölur fyrir landsframleiðslu árið 2005 liggja ekki fyrir fyrir en í mars en áætluð landsframleiðsla ársins 2004 var um 870 milljarðar króna. Markaðsvirði bankanna er komið yfir eina billjón - eitt þúsund milljarða. Að viðbættum stóru fjárfestingarfélögunum;Straumi-Burðarási og FL Group, liggur heildarmarkaðsvirði banka og fjárfestingarfélaga í 1.270 milljörðum króna, sem er meira en hreinar eignir lífeyrissjóðanna. Þær voru 1.100 milljarðar í lok ágúst.

**STÖÐUGAR HÆKKANIR 2005**

Hlutabréfamarkaðurinn fór mjög vel af stað í janúar fyrir ári síðan, um sama leyti og fyrstu uppgjör bárust í hús. Hafði Úrvalsvísitalan hækkað um sex hundruð stig á fyrstu sex vikum ársins. Svona hélt þetta áfram að undanskildum fáeinum dögum í september þegar markaðurinn lækkaði.

Þegar litið er á hvern ársfjórðung fyrir sig sést að verðhækkanir á markaðnum voru svipaðar á fyrsta, þriðja og fjórða ársfjórðungi, um það bil 17-18 prósent. Annar ársfjórðungur skar sig úr en þá hækkaði vísitalan aðeins um 5,5 prósent, sem þykir samt sem áður góð ávöxtun á þriggja mánaða tímabili.

Þessi stöðugi stígandi kemur Jónasi G. Friðþjófssyni, hjá Greiningu Íslandsbanka, svolítið á óvart. „Þetta er meiri hækkun en við spáðum um þetta leyti í fyrra að yrði yfir árið 2005. Þá reiknuðum við með því að Úrvalsvísitalan myndi hækka um fimmtán prósent yfir árið og töldu margir það nokkuð bjartsýnt á þeim tíma. Annað hefur komið í ljós,“ segir Jónas. Hann bætir við að hækkunin hafi verið nær samfelld. „Við sáum ekkert raunverulegt tímabil lækkunar á síðasta ári, ólíkt því sem við sáum á árinu 2004, en í október það ár lækkaði markaðurinn um nær 18 prósent á nokkrum vikum.“

**ALLIR FÓRU ÞEIR Í VÍKING**

Eitt það helsta sem stendur upp úr á síðasta ári, að mati Jónasar, er kaup innlendra félaga á erlendum fyrirtækjum og vöxtur þessara félaga erlendis. Öll stóru fyrirtækin hafa stækkað með því að hasla sér völl á erlendri grundu. Innri vöxtur var einnig umtalsverður hjá þessum félögum á síðasta ári. Í öllu þessu breytingaferli á síðasta ári voru afkomutölur góðar. „Uppgjörin hafa almennt verið yfir væntingum og spám. Breytingarnar á félögunum hafa hins vegar verið svo örar að maður þarf að hafa sig allan við að endurskoða verðmat hvers félags.“

Tíðindi af útrásinni einkenndu viðskiptalífið á síðasta ári og átti hún mikinn þátt í þeirri spennu sem skapaðist í Kauphöllinni. Stórfyrirtæki sóttu hratt fram. Actavis skipaði sér í hóp fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims með kaupum á Amide og samheitalyfjahluta Alpharma.

Bakkavör Group gekk frá kaupum á breska matvælaframleiðandanum Geest fyrir tæpa 74 milljarða króna á vormánuðum. FL Group hélt uppteknum hætti í easyJet og jók við hlut sinn auk þess sem félagið festi kaup á lággjaldaflugfélaginu Sterling.

Icelandic Group (áður SH) keypti allt hlutafé í Pickenpack, þýsku framleiðslufyrirtæki á sviði sjávarafurða.

Íslandsbanki hélt áfram að styrkja starfsemi sína í Noregi með kaupum á verðbréfafyrirtækinu Norse Securities en KB banki, sem átti um fimmtungshlut í Singer&Friedlander um þarsíðustu áramót, eignaðist allan bankann.

Landsbankinn fékk fimmtungshlut í Carnegie þegar Burðarás var stokkaður upp. Bankinn festi kaup á fjármálafyrirtækjunum Teather & Greenwood, Kepler Equities og Merrion Capital á árinu sem er liðið og Össur stækkaði talsvert með kaupum á stuðningstækjaframleiðandanum Royce Medical fyrir fjórtán milljarða króna.

**MIKIL TRÚ Á OFURFJÁRFESTA**

Jónas segir að fjárfestar hafi mikla trú á sterkum einstaklingum og séu tilbúnir að greiða hátt verð fyrir hlutabréf í eigu þessara aðila til að vera í samfloti með þeim inn í komandi framtíð. Oft er talað um svokallað „Björgólfsálag“ í höfuðið á Björgólfsfeðgum og virðast fjárfestar hafa mikla trú á félögum sem þeir stýra. Þegar Burðarás sameinaðist Landsbankanum og Straumi hafi gengi sameinaðra félaga hækkað við það að skipta hlutabréfasjóði á milli tveggja banka. Björgólfur kom fram á sviðið og varð stjórnarformaður Straums - Burðaráss.

Annað dæmi er FL Group þar sem styrk staða Hannesar Smárasonar og Jóns Ásgeirs í hluthafahópnum mótar væntingar annarra fjárfesta um hvers sé að vænta af félaginu á næstu árum. Miklar hækkanir voru á gengi FL Group frá miðjum nóvember, er nýtt hlutafé var selt fyrir 44 milljarða, fram til áramóta.

Jónas segir að Greining Íslandsbanka muni seinna í vikunni birta spá um afkomu helstu félaganna í Kauphöllinni. Einnig mun deildin á sama tíma birta spá sína um þróun hlutabréfaverðs á árinu. Allar forsendur eru fyrir því að árið verði líkt og hið síðasta viðburðaríkt á innlendum hlutabréfamarkaði. Af hækkunum á bréfum í fjármálastofnunum má dæma að fjárfestar hafi trú á að endurskipulagning bankakerfisins heima fyrir og breytt eignarhald geti hækkað verðmæti þeirra meira.

**FÉLÖGUM FÆKKAR**

Jónas segist vera viss um að fækkunarhrinu félaga úr Kauphöll Íslands sé ekki lokið. Hann spáir því að félögum, sem eru undir 10-15 milljarðar að markaðsvirði, muni fækka á markaði á árinu en eitt og eitt stórt félag komi í þeirra stað. „Það er ekkert slæmt að félögum fækki í Kauphöllinni. Þegar maður horfir á fjölda viðskipta og veltuna þá eru það bara þessi stóru sem standa á bak við megnið af viðskiptunum. Það væri best að vera með 10-15 félög með mikla veltu og virka verðmyndun.“ Gríðarleg spurn var eftir hlutafé í nýju félögunum, Avion Group og Mosaic Fashions, í útboðum sem fram fóru á síðasta ári og þarna var um áhugaverð félög að ræða sem starfa í geirum sem ekki voru fyrir í Kauphöllinni.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
9,8%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


# Norður-Kórea hafnar aðstoð

Fyrir um áratug eyðilagðist uppskera í Norður-Kóreu tvö ár í röð vegna flóða. Síðan þá hafa Sameinuðu þjóðirnar sent matvæli til landsins fyrir meira en milljarð Bandaríkjadala. Nú hefur leiðtogi landsins bannað erlenda matvælaaðstoð og segir uppskeruna í ár nógu góða til að fæða 23 milljónir íbúa landsins en sérfræðingar efast um að þetta sé satt. Líklegri ástæða sé að Kim Jong-il vilji einangra landið enn meira til að koma í veg fyrir erlend afskipti. Norður-Kórea á nú í viðræðum við Suður-Kóreu, Kína, Japan, Rússland og Bandaríkin um að Norður-Kóreumenn hverfi frá kjarnorkuvopnaáætlun sinni en takmarkaður árangur hefur orðið af viðræðunum. Kínverjar og Suður-Kóreumenn óttast upplausn Norður-Kóreu sem myndi leiða til þess að flóttamenn flykktust yfir landamærin í milljónavís.

Það að Kim Jong-il hefur hafnað erlendri aðstoð mun líklega leiða til þess að íbúar landsins neyðist til að fara út í skóg í leit að hnetum og fræjum til að forðast að deyja úr sulti eins og gerðist fyrir áratug. Þá er talið að meira en milljón manns hafi dáið úr hungri í landinu.



**FORSETA N-KÓREU MÓTMÆLT** Kim Jong-il hefur líf milljóna samlanda sinna á samviskunni.

# Veikburða efnahagur

Síðan Verkamannaflokkurinn tók við völdum í Englandi hafa styrkir til Skotlands hækkað um helming. 4.500 milljarðar runnu til Skotlands á meðan skatttekjur ríkisins þaðan voru 3.700 milljarðar. Mismunurinn nemur 250 þúsund krónum á hvern íbúa í Skotlandi. Hlutfall ríkisútgjalda af heildarefnahag landsins er 52,2 prósent, sem er hærra en meðaltal Norðurlandanna og kemur Skotlandi í fjórða sæti yfir þau lönd sem hæstu ríkisútgjöldin hafa. Aðeins í Svíþjóð, Frakklandi og Danmörku er hlutfall ríkisútgjalda hærra.

Frá árinu 1997 hefur hagvöxtur í Skotlandi verið 1,7 prósent á ári að meðaltali á meðan vöxturinn hefur verið 2 prósent að meðaltali í Evrópusambandinu.



**ABERDEEN** Skotar þiggja háa styrki frá Englandi.



**OLÍUBORPALLUR**
Stutt er í að Brasilíumenn verði sjálfum sér nógir um olíu.

## Olía finnst í Brasilíu

Olíuvinnslufyrirtækið Petrobras, sem er í eigu brasilíska ríksins, hefur greint frá nýjum olíufundi. Olían fannst undan ströndum borgarinnar Rio de Janeiro á svipuðum slóðum og helsta olíuvinnslusvæði Brasilíu er á. Petrobras áætlar að þessi nýja olíulind hafi að geyma um 700 milljón tunnur af hráolíu, sem er einn tíundi af olíulindum landsins. Talið er að hægt verði að vinna olíu á nýja svæðinu árið 2011.

Ríkistjórn Brasilíu hefur gert áætlun um að gera landið sjálfu sér nægt um olíu og með þessum olíufundi aukast líkurnar til að það muni ganga eftir en síðan 2003 hefur 91 prósent af olíu landsins verið unnið innanlands. Á svæðinu þar sem olíulindin fannst eru nú þegar framleiddar 1,1 milljón tunna af olíu á dag.

Sérfræðingar telja að um 75 prósent olíubirgða landsins séu á yfir 400 metra djúpu vatni. Petrobras hefur því sérhæft sig í djúpvinnslu og hefur yfir flestum olíuborpöllum að ráða af olíufyrirtækjum heimsins.

# Aukið frjálsræði á kínverskum gjaldeyrismarkaði

## Tilslakanir í gengi yuansins og opnun fyrir erlenda fjárfestingu í fjármálafyrirtækjum meðal umbótaverkefna.

**Ágúst Agnarsson**
skrifar

Kínversk stjórnvöld hafa í hyggju að láta gengi gjaldmiðils síns, yuan, ráðast meira á markaði en áður. Gagnrýnt hefur verið hingað til að með aðgerðum kínverskra stjórnvalda hafi gjaldmiðillinn verið stórlega vanmetinn.

Kínversk stjórnvöld endurmátu viðskiptagengið síðasta sumar þegar gengi yuansins var hækkað um 2,1 prósent og fasttenging við dollarann var afnumin. Genginu hefur verið leyft að styrkjast eða veikjast gagnvart körfu gjaldmiðla sem nemur 0,3 prósentum á dag. Gengið hefur samt aðeins styrkst um 0,48 prósent frá því þessar nýju reglur tóku gildi því stjórnvöld hafa enn sterkt taumhald á gjaldmiðli landsins.

Fréttir hafa borist af því að Citibank hafi fengið samþykkt tilboð sitt í 85 prósenta hlut í kínverskum ríkisbanka. Kínversk stjórnvöld þurfa hins vegar að gefa grænt ljós á kaupin þar sem kveðið er á um að erlend fyrirtæki geti ekki eignast meira en tuttugu prósenta hlut í kínverskum bönkum. Kínverjar sækja það fast að ganga í Alþjóða viðskiptaráðið en til þess að það gangi eftir verða stjórnvöld að afnema kvaðir sem takmarka erlenda eignaraðild í kínverskum fjármálafyrirtækjum.



**KÍNAMÚRINN** Stjórnvöld hafa enn sterkt taumhald á gjaldmiðli landsins.



**TORONTO Í KANADA** Kanadamenn leggjast gegn banni Sameinuðu þjóðanna.

## Kanada gegn togveiðibanni

Kanadamenn berjast gegn því að togveiðar verði bannaðar á alþjóðlegum hafsvæðum. Lítið er fylgst með togveiðum á alþjóðlegum hafsvæðum. Nær engar togveiðar eru stundaðar innan 200 mílna lögsögu Kanada af þarlendum sjómönnum en trollveiðar eru 28 prósent af þeim afla sem landað er í kanadískum höfnum. Togveiðar eru enn mikið stundaðar á rækjumiðum rétt utan lögsögunnar, meðal annars af Íslendingum, Færeyingum og Portúgölum. Bann Sameinuðu þjóðanna á togveiðum er ekki bindandi en töluverður þrýstingur er á að þeim sé framfylgt.

Greenpeace hefur, ásamt fimmtíuöðrum umhverfisverndarsamtökum, þrýst á Sameinuðu þjóðirnar að banna togveiðar á alþjóðlegum hafsvæðum.

Umhverfisverndarsinnar líkja togveiðum við jarðýtur sem skafi upp botninn og eyðileggi kóralla og annað sem er mikilvægt í lífkeðju hafsins. Náttúruverndarsamtök halda því fram að 250-300 togskip séu að veiðum á alþjóðlegum hafsvæðum og valdi mikilli eyðileggingu.

Kanada styður ekki bann á veiðarfærum af neinni tegund fyrr en vísindaleg staðfesting fæst á skaðsemi þeirra að sögn talsmanns Kanadastjórnar.

# Starfsmenn grípa til sinna ráða

Fyrir um fjórum árum síðan hrundi efnahagur Argentínu og þúsundir fyrirtækja fóru á hausinn í kjölfarið. Þetta varð einnig til þess að helmingur þjóðarinnar fór undir fátæktarmörk í þessu landi sem áður var efnahagslega sterkast í Suður-Ameríku.

Eitt af þeim fyrirtækjum sem varð gjaldþrota var glerverksmiðjan San Justo. Starfsmenn fyrirtækisins höfðu ekki fengið borgað í marga mánuði og þegar átti að fara að hirða vélar og tæki verksmiðjunnar komu fyrrverandi starfmenn fyrirtækisins í veg fyrir það. Í ár á eftir vöktuðu starfsmennirnir verksmiðjuna allan sólarhringinn til að koma veg fyrir að tækin væru numin á brott. Þetta gerðu þeir í ljósi þess að þeir höfðu átt inni margra mánaða ógoldin laun og töldu sig þess vegna eiga forgangskröfu í verðmæti verksmiðjunnar.

Einu ári seinna samþykkti dómstóll sjónarmið þeirra og starfsmennirnir hófu framleiðslu í verksmiðjunni að nýju.



**MARADONA** Besti knattspyrnumaður heims fyrr og síðar er argentískur.

Í dag er fyrirtækið í það góðum rekstri að hægt er að borga starfsmönnum 500 dali í laun á mánuði en það jafngildir því sem best gerðist áður en verksmiðjan fór í þrot. Reksturinn hefur gengið það vel að tekist hefur að endurnýja framleiðslutækin að hluta.

Glerverksmiðjan er ekki eina tilfellið þar sem starfmenn hafa tekið málin í sínar hendur og komið fyrirtækjum í rekstur á ný. Í dag eru slík fyrirtæki um hundrað talsins og sjá þau um tíu þúsund manns fyrir vinnu.

Geisladiskar:

## Sala geisladiska fer minnkandi

Plötusala dróst saman um sjö prósent á milli áranna 2004 og 2005. Tónlist sem halað var niður af netinu tvöfaldaðist hins vegar á milli ára sem vegur upp á móti minnkandi plötusölu fyrir tónlistariðnaðinn.



Lög sem halað var niður af netinu gegn greiðslu voru tæplega 333 milljónir talsins á móti 134 milljónum árið 2004.





# Dýrkeypt orð

Margir hafa haldið því fram að **Alan Greenspan**, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sé valdamesti maður í bandarísku efnahagslífi. Orð hans hafi ekki eingöngu áhrif þar í landi heldur á mörkuðum um allan heim. Greenspan mun láta af embætti í lok janúar eftir að hafa gegnt því í rúmlega átján ár. Hann verður áttræður á árinu og á það sameiginlegt með Ronald Reagan, sem fyrst tilnefndi hann í stöðuna, að gegna mikilvægu embætti á efri árum.

**Björgvin Guðmundsson**
Skrifar

Alan Greenspan er þrettándi í röðinni til að gegna embætti seðlabankastjóra Bandaríkjanna frá stofnun bankans árið 1913. Í opinberri umræðu hafa margir haldið því fram að hann sé sá valdamesti í sögunni og hafi stýrt peningamálastefnu Bandaríkjanna með prýði. Nokkur áföll hafa riðið yfir bandarískt efnahagslíf frá því hann tók við árið 1987. Aðeins tveimur mánuðum eftir embættistökuna varð verðhrun á hlutabréfamörkuðum í Bandaríkjunum, árið 2000 sprakk netbólan og svo mátti hagkerfið þola áfall í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Eru flestir sammála um að orð og athafnir Greenspan á þessum tímum hafi frekar dregið úr skaðanum en aukið á hann.

**SVIPUÐ VANDAMÁL OG Á ÍSLANDI**

Baráttan fyrir stöðugu efnahagslífi verður seint unnin þótt Greenspan hafi staðið sig vel að flestra mati síðastliðin átján ár. Þegar hann lætur af embætti 31. janúar næstkomandi eru vandamál í bandarísku efnahagslífi ekkert ósvipuð þeim sem þekkjast á Íslandi. Ójafnvægi er nokkuð í nokkrum lykilhagstærðum. Fasteignaverð hefur hækkað mikið og skuldasöfnun aukist, einkaneysla og viðskiptahallinn eykst og vaxtahækkanir Seðlabankans hafa haft lítil áhrif á langtímavexti eins og hér á landi. Því til viðbótar, og það á ekki við um Ísland, er mikill halli á fjárlögum ríkisins.

George W. Bush hefur tilnefnt Ben Bernanke, virtan prófessor í hagfræði við Princeton-háskóla, sem eftirmann Greenspan. Verðbólga er lítil og trúverðugleiki bandaríska seðlabankans mikill. Fyrsta verkefni Bernanke verður að viðhalda þeirri stöðu. Miðað við viðbrögð markaðsaðila þá ætti það að takast fyrst um sinn þar sem hlutabréfaverð hækkaði og gengi Bandaríkjadalsins hélst stöðugt þegar Bush tilkynnti hver tæki við af Greenspan. Létti það nokkurri spennu af mörgum í viðskiptalífinu því óvissan er mörgum erfið. Bush sagði Barnanke rétta manninn til að taka við af goðsögninni.

Verðbólguvæntingar í Bandaríkjunum eru samt að aukast og ekki er vitað hversu mikið Seðlabankinn þarf að hækka vexti til að slá á þær væntingar. Þar reynir á innsæi nýja seðlabankastjórans, sem Greenspan er hvað þekktastur fyrir. Í vikuritinu The Economist sagði í október að Bernanke hefði þekkinguna og svo virtist sem hann hefði pólitísku innsýnina. Stóra spurningin væri hvort hann hefði góða dómgreind. Allt þetta þyrfti að prýða góðan seðlabankastjóra.

**GEGNSÆRRI STEFNA SEÐLABANKANS**

Margt hefur breyst í starfi bandaríska seðlabankans síðan Greenspan tók við starfi sínu árið 1987. Þá var starfsemi og ákvarðanataka seðlabankans ekki eins gegnsæ og hún er í dag, enda hefur þróunin verið í þá átt við stjórnun peningamála vestrænna landa.

Líkt og á Íslandi er ákvörðun stýrivaxta eitt af stjórntækjum bandaríska seðlabankans. Einnig reynir bankinn að hafa áhrif á peningamagn í umferð og síðast en ekki síst með því að hafa áhrif á væntingar markaðsaðila. Þar hefur Greenspan gegnt mikilvægu hlutverki því orð hans hafa vegið þungt. Þeir sem eiga mikið undir leggja við hlustir þegar Greenspan heldur ræðu eða flytur vitnisburð fyrir stjórnvöldum um ástand efnahagsmála.

Alan Greenspan hefur verið þekktur fyrir að gefa ýmislegt í skyn án þess að segja það berum orðum. Hafa margir tekjur af því að túlka orð hans í fjölmiðlum á eftir og segja hinum hvað hann átti eiginlega við. Sjálfur hefur Greenspan sagt í gamni að ef hlustendur hafi áttað sig vel á því hvað hann var að tala um hafi þeir líklega misskilið hann!

**FYLGJANDI VERÐBÓLGUMARKMIÐI**

Samhliða því að gera starfsemi seðlabanka gegnsæja hafa margir tekið upp svokallað verðbólgumarkmið eins og gert var á Íslandi árið 2001. Bandaríski seðlabankinn hefur þó ekkert formlegt verðbólgumarkmið að vinna að. Hefur þetta auðvitað leitt til umræðu meðal fræðimanna, hvort rétt sé að taka það upp. Myndi það gera starfsemina enn gagnsærri, sem margir telja æskilegt.

Nýi seðlabankastjórinn hefur verið fylgjandi þessu í fræðigreinum sem hann hefur skrifað. Greenspan hefur verið fullur efasemda og vill að seðlabankastjóri horfi fyrst og fremst á áhættuþættina í efnahagslífinu og taki ákvarðanir út frá þróun þeirra. Innan þeirrar stefnu rúmast margar stefnur hvað varðar markmið peningamálastefnunnar.

Í erlendum fjölmiðlum hafa verið vangaveltur um það að Bernanke muni vilja taka upp verðbólgumarkmið eftir að hann kemst til valda. Þess ber að geta að það hefur verið hluti af stöðugleika og þá stefnu seðlabankans að halda verðbólgu í skefjum þó að stefnan sé ekki samþykkt formlega. Fáir spá því þó að þetta verði snögg breyting heldur muni þróunin verða í þá átt að verðbólgumarkmið verði tekið upp. Líklegt

## Fylgdi Ayn Rand

Alan Greenspan aðhylltist ungur að árum hugmyndafræði sem rússneskur rithöfundur og heimspekingur, Ayn Rand, setti fram. Síðar var fræðin kölluð hluthyggja eða Objectivism á ensku.

Hluthyggjan byggir á því að raunveruleikinn er hlutlægur - það sem er er óháð því hverjar tilfinningar okkar eru, óskir, vonir og þrár. Rökhugsun og hæfileikinn til að nota skilningarvitin er eina tækið til að skynja raunveruleikann, meðtaka þekkingu og bregðast við á grundvelli hennar. Það er forsenda þess að við komumst lífs af. Einstaklingurinn er grunneining samfélagsins. Hann er til í þágu sín sjálfs; fórnar sér ekki fyrir aðra né á kröfu um að aðrir fórni sér fyrir hann. Æðsta siðferðisleg skylda einstaklingsins er að vinna að rökréttum hagsmunum sínum og hamingju.

Þegar Ayn Rand talar um rökrétta hagsmuni á hún við að einstaklingurinn verður að taka ákvarðanir um líf sitt sem byggir á raunveruleikanum, sem hann skynjar með rökhugsun, og vinna í þágu sjálfs sín.

Að þessum forsendum uppfylltum byggir fyrirmyndaríkið á laissez-faire kapítalisma; algjörum aðskilnaði ríkis og efnahagslífs. Líkti Rand því við aðskilnað ríkis og kirkju í Bandaríkjunum. Sömu aðferð ætti að beita með sömu rökum á efnahagslífið. Hið kapítalíska kerfi er í raun leitt af stöðu mannsins í veröldinni þar sem hann lifir í þágu sjálfs sín og enginn getur gert þá kröfu til hans að hann fórni sér í þágu annarra.

Hlutverk ríkisvaldsins í algjörlega afskiptalausu kapítalísku hagkerfi er að gæta réttar borgaranna. Lögreglan á einungis að beita þá valdi sem brjóta á rétti annarra einstaklinga. Það á t.d. við um glæpamenn og þá sem ráðast inn í landið. Reyndar vildi Ayn Rand líka að ríkið ræki dómstóla til að leysa deilur sem risu milli manna. Í þessum tilvikum þyrfti að beita valdi.



**HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR** Alan Greenspan sagðist 1974 ennþá vera andstæðingur samkeppnislaga eins og kom fram í grein sem birtist í fyrst 1962.
Fréttablaðið/Getty Images




sé að nýr yfirmaður peningamála Bandaríkjanna láti lítið fyrir sér fara til að byrja með.

**TILNEFNDUR AF REAGAN**

Ronald Reagan, þáverandi forseti Bandaríkjanna, var gagnrýndur fyrir að tilnefnda Greenspan sem yfirmann Bandaríska seðlabankans árið 1987. Kjör á bandarískum skuldabréfum féllu meira á einum degi en þau höfðu gert fimm árin á undan. Óttuðust margir að Greenspan yrði pólitískari í störfum sínum en fyrirrennarar hans enda tengdur Repúblikanaflokknum. Hann hafði unnið fyrir Nixon fyrir kosningarnar 1968 og unnið að stefnumótun í efnahagsmálum þegar Reagan var kjörinn forseti 1981.

Greenspan deildi þeirri hugsjón með Reagan að frjálst markaðshagkerfi væri réttlátasta kerfið sem hægt væri að búa einstaklingunum. Það ætti að berjast gegn viðskiptahindrunum. Í ræðu í New York University 14. desember 2005 sagði Greenspan opin hagkerfi vinna gegn ofbeldi í heiminum. Frjáls viðskipti byggðust meðal annars á trausti gagnvart þeim sem við ættum í viðskipti við.

Þrátt fyrir að hafa hneigst til tónlistar og spilað á klarinett í sveiflubandi snemma á lífsleiðinni lagði Greenspan tónlistina til hliðar þegar hann hóf nám í viðskiptafræði tæplega tvítugur að aldri. Rúmum fimm árum seinna kynntist hann í gegnum fyrri eiginkonu sína rússneska rithöfundinum og heimspekingnum Ayn Rand. Það hafði mikil áhrif á hugmyndafræði Greenspan og siðferði.

**FYLGISMAÐUR HLUTHYGGJUNNAR**

Ayn Rand talaði fyrir frelsi einstaklingsins til athafna og gegn ofríki stjórnvalda. Hún lagði fæð á félagshyggju, sem hún sagði brjóta á rétti einstaklingsins til lífs og eigna.

Frægasta bók Rands er Atlas Shrugged. Greenspan var í hópi fólks sem hittist seint á laugardagskvöldum heima hjá Rand til að lesa yfir kafla í bókinni áður en hún var gefin út. Það var fólk sem Rand taldi vera sér samboðið hvað gáfur varðar.

Bill Bradford, sem var ritstjóri mánaðarritsins Liberty, tók viðtöl við marga sem sóttu þessa fundi hjá Ayn Rand. Í grein sem hann skrifaði kemur fram að Greenspan hafi verið í innsta kjarna þeirra sem aðhylltust stefnu Rands, sem kallast hluthyggja (e. Objectivism). Í greininni kemur fram að Greenspan hafi þá strax verið frekar dulur - eins og honum hefur verið lýst sem seðlabankastjóra. Erfitt hafi verið að átta sig á hvað honum lægi á hjarta. Hann hafi ekki tekið þátt í almennum umræðum heldur frekar lagt í púkkið þegar verið var að ræða alvarlegri málefni. Fyrrverandi kona hans, Joan Mitchell Blumenthal, segir hann vita margt um milljón hluti, vera vel gerðan og með góða kímnigáfu.

Hvað varðar hagfræðina fólst í hluthyggjunni stuðningur við austurríska skólann, sem svo er kallaður, og kenningar Ludwig von Mises. Hann er frægur fyrir ritið Sósíalismi þar áætlunarbúskapur er gagnrýndur fyrir að taka verðmyndunarkerfið á frjálsum markaði úr sambandi. Í verði felist mikilvæg skilaboð sem auki hagkvæmni og lífsgæði fólksins.

Ekki töldu allir að Greenspan hefði verið samþykkur öllu sem austuríski skólinn í hagfræði hafði fram að færa. Hann hefur þó sagt vera almennt fylgjandi austurrísku hagfræðinni og alltaf frjálsu markaðshagkerfi.

**Á MÓTI SAMKEPPNISLÖGUM**

Bradford bendir á að margir hafi verið reknir úr þessum félagsskap ef þeir fóru ekki eftir þeirri lífsspeki sem Ayn Rand boðaði. Meðal þeirra var þekktur hagfræðingur að nafni Murray Rothbard. Sömu leið fór helsti talsmaður hennar og samstarfsmaður Nathaniel Branden og var sá viðskilnaður dramatískur. Skrifaði Greenspan undir yfirlýsingu þar sem Branden var sagður svikari. Rand sótti athöfn þegar Greenspan var skipaður í ráðgjafanefnd Gerald Ford um efnahagsmál. Hann sótti svo minningarathöfn um hana eftir að hún lést 1982.

Á þessu tímabili skrifaði Greenspan nokkrar greinar í málgagn þeirra sem aðhylltust hluthyggjuna. Meðal annars gagnrýndi hann samkeppnislög harkalega, sagði þau óþörf og gera meira ógagn en gagn. Löngu síðar, þegar þetta var rifjað upp og hann hafði tekið við opinberri stöðu, sagðist hann vera sömu skoðunar þó ólíklegt væri að lögin yrðu afnumin. Í greininni segir hann meðal annars að engin ástæða hafi verið fyrir því að skipta Standard Oil upp ólíkt því sem enn heyrist í fjölmiðlum.

Ekki slapp Greenspan þó við gagnrýni öll þessi ár. Stuðningsmenn Rand sökuðu hann um að vinna ekki samkvæmt hugmyndafræðinni, sem jaum málamiðlanir og þar af leiðandi yfirgefa þau gildi sem hann hafði tileinkað sér á yngri árum. Andstæðingar hans hafa hins vegar haldið því fram að hann notfæri sér stöðu sína til að hygla þessari stefnu. Markaðsskipulag sem byggir á afskiptaleysisstefnunni (laissez-faire capitalism) hafi styrkst í sessi í hans stjórnartíð.

## ALAN GREENSPAN - LÍFSFERILL

| | |
|---|---|
| 1926 | 6. mars Alan Greenspan fæðist í New York. |
| 1943 | Greenspan hefur nám í Julliard-skólanum til að læra á klarinett. |
| 1944 | Hættir í skólanum og spilar með sveiflubandi Henry Jerome. |
| 1945 | Greenspan skráir sig í viðskiptafræði í Háskólanum í New York. |
| 1948 | Hann útskrifast með BS-gráðu og mastersgráðu tveimur árum seinna. |
| 1950 | Alan byrjar í framhaldsnámi í Columbia-háskólanum en hættir. |
| 1952 | Greenspan giftist Joan Mitchell. Þau skilja tíu mánuðum síðar. |
| 1953 | Greenspan aðhyllist hugmyndafræði Ayn Rand og sækir fundi hennar. |
| 1954 | Greenspan stofnar ráðgjafarfyrirtæki ásamt öðrum manni. |
| 1957 | Lítil grein birtist í New York Times þar sem hann svarar neikvæðri gagnrýni á bók Ayn Rand, Atlas Shrugged. |
| 1961 | Á fundi landssamtaka hagfræðinga gagnrýnir Greenspan samkeppnislög og segir þau gera meira ógagn en gagn. |
| 1966 | Þrjár ritgerðir eftir Greenspan birtast í bók Ayn Rand; Capitalism: The Unknown Ideal. |
| 1968 | Greenspan tekur þátt í kosningabaráttu Richards Nixon. Hann afþakkar að starfa með Nixon eftir sigur. |
| 1970 | Greenspan situr í opinberri nefnd sem síðan leggur til að herskylda skuli afnumin í Bandaríkjunum. |
| 1974 | Nixon tilnefnir Greenspan formann ráðgjafanefndar forsetans um efnahagsmál en Greenspan segir fljótt af sér. |
| 1974 | Gerald Ford tekur við en breytir ekki ákvörðun Nixons. Ayn Rand sækir athöfn þar sem Greenspan sver embættiseið. |
| 1977 | Jimmy Carter verður forseti og Greenspan hættir í ráðgjafanefndinni. Greenspan fær doktorsgráðu í New York University. |
| 1981 | Ronald Reagan forseti velur Greenspan í nefnd um stefnumótun í efnahagsmálum. |
| 1982 | Ayn Rand deyr og Greenspan sækir minningarathöfn um hana. |
| 1983 | Opinber nefnd, þar sem Greenspan er formaður, gefur út skýrslu um endurbætur á velferðarkefi Bandaríkjanna. |
| 1987 | Reagan tilnefnir Greenspan sem næsta yfirmann Bandaríska seðlabankans. Embættistakan fer fram um haustið. |
| 1992 | George Bush eldri tilnefnir Greenspan aftur og er það staðfest af bandaríska þinginu. |
| 1996 | Þriðja tímabil Greenspan sem seðlabankastjóri er samþykkt |
| 1996 | Greenspan flytur þekkta ræðu og talar um óskynsamlegan ofurvöxt á bandaríska hlutabréfamarkaðnum. Hlutabréf um allan heim lækkuðu. |
| 1997 | Greenspan giftist í annað sinn, nú fréttakonunni Andreu Mitchell. |
| 2000 | Fjórða tímabil Greenspans sem yfirmaður seðlabankans hefst eftir tilnefningu Bill Clinton. |
| 2004 | George Bush yngri tilnefnir Greenspan seðlabankastjóra, sem verður þá fimmta tímabilið. |
| 2005 | Eftir miklar vangaveltur er eftirmaður Greenspan tilnefndur. |
| 2006 | 31. janúar mun Greenspan láta af embætti. Hann verður áttræður í mars og hefur gegnt stöðu seðlabankastjóra í rúm átján ár. |



**ALAN GREENSPAN** Hugmyndafræðilegan grunn byggði Greenspan upphaflega á kenningum Ayn Rand. Fréttablaðið/Getty Images




# Öflugt sam

**Ráðgjöf við kaup á 66° Norður**
Hágæða-útivistarfatnaður fyrir innlendan og erlendan markað

**Þátttaka í sambankaláni**
Eitt þekktasta vörumerki heims á sviði snyrti- og heilsuvara

**Senior-lán**
Alhliða fjarskiptaþjónusta við stórfyrirtæki í Bandaríkjunum

**Umsjón með forgangsréttarútboði**
Fimmta stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims

**Endurfjármögnun**
Veiðar, vinnsla og sala á sjávarafurðum

**Ráðgjöf við kaup á KPMG Advisory í Danmörku**
Stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningafyrirtæki á Íslandi

**Umsjón með skuldabréfaútboði**
Veiðar, vinnsla og sala á sjávarafurðum

**Endurfjármögnun**
Eigandi og rekstraraðili Hvalfjarðarganga

**Ráðgjöf við kaup á Merlin**
Verslanakeðja með raftæki í Danmörku

**Senior-lán**
Eigandi og rekstraraðili nýju íþrótta- og sýningarhallarinnar

**Þátttaka í Senior-láni**
Þriðja stærsta merki Bretlands í kventískufatnaði með yfir 500 verslanir

**Ráðgjöf og fjármögnun við kaup**
Leiðandi framleiðandi á tilbúnum fiskréttum fyrir Evrópumarkað

**Umsjón með skuldabréfaútboði**
Eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Norðurlöndum

**Rekstrarfjármögnun**
Veiðar og vinnsla á sjávarafurðum í Chile. Hlutdeildarfélag Fram Foods

**Veltufjármögnun**
Framleiðsla og sala á sjávarafurðum til 35 landa

**Ráðgjöf við fyrirtækjakaup**
Bílaleiga á Íslandi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5003



# starf skilar árangri

AMERICAN SEAFOODS GROUP

**Senior-lán**

Veiðar, vinnsla og sala á sjávarafurðum

BELLA ITALIA

**Umsjón með Senior- og millilagsfjármögnun**

Bresk veitingahúsakeðja með um 65 veitingastaði

FPI

Fishery Products International

**Ráðgjöf við fyrirtækjakaup**

Veiðar, vinnsla og sala á sjávarafurðum

AquaChile

**Klúbblán**

Annað stærsta laxeldisfyrirtæki heims

ICG

Intermeditate Capital Group plc

**Þátttaka í sambankaláni**

Leiðandi fyrirtæki í millilagsfjármögnun í Evrópu

enex

**Fjármögnun**

Hitaveita í Xian Yang í Kína

SAMHERJI HF

**Endurfjármögnun**

Veiðar, vinnsla og sala á sjávarafurðum

FIORD SEAFOOD

Fjord Seafood Chile

**Þátttaka í sambankaláni**

Fimmta stærsta laxeldisfyrirtæki heims

Kate's Cakes

**Samþætt fjármögnun**

Framleiðandi á brauðum og kökum fyrir Bretlandsmarkað

HAVILA

**Umsjón með skuldabréfaútboði**

Leiðandi þjónustufyrirtæki í olíuiðnaði í N-Evrópu

Fitness First

**Þátttaka í Senior- og millilagsfjármögnun**

Á og rekur yfir 400 líkamsræktarstöðvar í Evrópu, Asíu og Ástralíu

PREMIER FOODS

**Ráðgjöf við fyrirtækjasölu**

Matvælaframleiðandi fyrir breskan markað

Fjölmörg fyrirtæki á alþjóðavettvangi kjósa Íslandsbanka til samstarfs í umfangsmiklum verkefnum. Íslandsbanki skilur þarfir viðskiptavina sinna og leggur áherslu á faglega þjónustu byggða á reynslu og þekkingu starfsmanna. Við þökkum samstarfsfyrirtækjum okkar samstarfið á árinu og óskum þeim og landsmönnum öllum velfarnaðar á nýju ári.

ÍSLANDSBANKI | 100%

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Síðasta ár var kraftmikið í íslensku viðskiptalífi.

# *Árið framundan verður spennandi*

**Hafliði Helgason skrifar**

Mikill kraftur og útrás einkenndi síðasta ár í íslensku viðskiptalífi. Kaup Íslendinga á fyrirtækjum erlendis hafa aldrei verið meiri og íslenskt athafnafólk var óhrætt við að grípa þau tækifæri sem gáfust á árinu.

Árið í ár byrjar með krafti. Þegar hefur verið tilkynnt um frekari kaup íslenskra fjárfesta erlendis í upphafi árs. Það má búast við því að framhald verði á sókninni á þessu ári.

Eitt er að kaupa fyrirtæki og annað er að reka þau með góðum árangri og móta skynsamlega framtíðarstefnu fyrir þau. Árið í ár verður sérlega mikilvægt hvað það varðar. Á þessu ári mun líklega koma skýrar fram en áður hvernig mönnum gengur að sigla þeim skipum sem þegar hafa verið keypt. Risafjárfestingar Actavis, Bakkavarar, Baugs og bankanna munu fá á sig skýrari mynd á þessu ári. Oft er það metið sem svo að tólf til átján mánuði taki að innleiða þær breytingar sem menn ætli sér að gera þegar fyrirtæki eru keypt eða sameinuð. Á þessu ári eru einmitt mörg stórverkefni innan þess tímaramma sem gjarnan er settur fyrir verkefni af þessu tagi.

Þegar líða tekur á árið mun liggja fyrir hvort og hvernig áætlanir muni standast. Ekki er ástæða til neinnar svartsýni í þeim efnum. Þau fyrirtæki sem fremst hafa farið hafa náð að byggja upp umtalsverða reynslu af því að yfirtaka fyrirtæki og innleiða sína fyrirtækjamenningu. Munurinn nú er að fyrirtækin hafa aldrei verið stærri eða jafn miklir fjármunir í húfi.

**Ekki er ástæða til neinnar svartsýni í þeim efnum. Þau fyrirtæki sem fremst hafa farið hafa náð að byggja upp umtalsverða reynslu af því að yfirtaka fyrirtæki og innleiða sína fyrirtækjamenningu.**

Takist mönnum vel upp á árinu við að vinna úr þessum stóru fjárfestingum mun það verða til mikilla heilla fyrir íslenskt efnahagslíf. Þegar koma umtalsverðar tekjur af erlendri starfsemi hingað til lands. Velheppnaðar fjárfestingar skila miklum gjaldeyristekjum. Þannig má gera ráð fyrir að af áætluðum hagnaði KB banka upp á ríflega fjörutíu milljarða komi ríflega þrjátíu milljarðar frá útlöndum.

Stundum er talað um að útrásin og árangur íslenskra fyrirtækja fari í vasa fárra. Þeir sem því halda fram gleyma bæði umtalsverðum skattgreiðslum fyrirtækjanna og því að útrásarfyrirtækin eru flest með hátt hlutfall velmenntaðra sérfræðinga á sínum snærum sem teljast til hálaunafólks. Þar við bætist að meðal bakhjarla íslensku útrásarinnar eru lífeyrissjóðir landsmanna, sem á þeim uppbyggingartímum sem nú eru hafa skilað ávöxtun langt umfram markmið sín.

Hagvöxtur hér á landi hefur verið mikill, jafnvel svo að til vandræða gæti horft ef ekki er vel á málum haldið. Við erum í hópi ríkustu þjóða heims þegar horft er á þjóðartekjur á mann. Árið í ár mun ekki færa okkur neðar á þeim lista. Ef vel tekst til og framrás íslenskra fyrirtækja heldur áfram mun það tryggja þá stöðu okkar um ókomin ár.

Það er því full ástæða til bjartsýni um þessi áramót. Vissulega mun einhvern tímann í framtíðinni eitthvað mistakast af þeim verkefnum sem íslensk fyrirtæki ráðast í. Það hefur gerst áður og mun gerast aftur. Staða okkar hefur hins vegar aldrei verið sterkari, hvort heldur litið er til styrks fyrirtækja, fjármálastofnana eða til þeirrar þekkingar, áræðni og krafts sem býr í atvinnulífinu.

Yfir því eigum við að gleðjast og ganga fram hnarreist og af bjartsýni, án þess þó að glata raunsæinu og almennri varúð.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is



Verndum heyrn

Skoðaðu úrval af heyrnahlífum
á www.66north.is/heyrn

66° NORÐUR

66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

# Mikill vöxtur, útrás og uppgangur

## ORÐ Í BELG



**Valgerður Sverrisdóttir**
viðskipta- og iðnaðarráðherra

Árið sem nú er að líða hefur verið viðburðaríkt á vettvangi viðskipta og fjármála líkt og hin síðari ár. Mikill vöxtur fjármálageirans, útrás fyrirtækja og fjárfestingar erlendis hafa öðru fremur einkennt þróunina. Að sjálfsögðu er þetta mjög jákvætt og m.a. afleiðing þeirra skipulagsbreytinga sem unnið hefur verið að í efnahagskerfinu á undanförnum árum. Í því ljósi þótti mér afar skemmtilegt að heyra af því að á aðalfundi danskra iðnrekenda í haust, sem bar yfirskriftina „Meet the Winners“, hafi verið fjallað um það hvernig við Íslendingar förum að því að ná þeim árangri sem raun ber vitni. Umræðan frá gömlu frændþjóðinni er þó ekki eingöngu jákvæð eins og sjá mátti í dönskum sjónvarpsþætti sem sýndur var nýlega í Sjónvarpinu. Mikilvægt er að slíkum röddum verði svarað þannig að órökstuddar fullyrðingar fái ekki að vaða uppi og hlýtur að vera sameiginlegt áhugamál stjórnvalda og fyrirtækja að svo verði gert.

**RÍKIÐ ÁÐUR RÁÐANDI**

Ef litið er til innlends markaðar þá hefur samkeppni aukist á sviðum þar sem ríkisvaldið var áður með ráðandi stöðu, s.s. hvað varðar fasteignalán. Innkoma bankanna þar sýnir glögglega að þeir hafa aukið umsvif sín sem endurspeglast nokkuð í hækkandi gengi hlutabréfa þeirra og væntingum um áframhaldandi vöxt.

**NEYTENDUR SÝNI ÁRVEKNI**

Að mínu mati er aukin samkeppni af hinu góða en hún má ekki leiða til fákeppni og of mikillar samþjöppunar. Að því þarf að huga víða, ekki aðeins hjá fjármálafyrirtækjum heldur einnig á matvörumarkaði, fjölmiðlamarkaði, í samgöngum o.s.frv. Því er mikilvægt að neytendur og eftirlitsstjórnvöld haldi árvekni sinni. Í því skyni voru fyrr á árinu samþykkt ný samkeppnislög ásamt lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda. Með þeim hefur eftirlit með samkeppnishömlum á markaði verið eflt og störf samkeppnisyfirvalda gerð skilvirkari en áður. Á næsta ári á ég von á að betra jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum og að dragi úr einkaneyslu, verðhækkunum íbúðarhúsnæðis og þar með verðbólgu. Með því ætti efnahagslegur stöðugleiki að vera tryggður.



**Mikill vöxtur fjármálageirans, útrás fyrirtækja og fjárfestingar erlendis hafa öðru fremur einkennt þróunina.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Græðgi er góð*

**The Economist** | The Economist segir græðgi af hinu góða, í það minnsta fyrir eldri borgara. Blaðið segir sérstaklega illa komið fyrir eldri borgurum í pólitík og opinbera geiranum. Nýkjörinn formaður breska Íhaldsflokksins, David Cameron, sé aðeins þrjátíu og níu ára gamall. Telur greinarhöfundur að Cameron megi fyrst og fremst þakka sigurinn æskudýrkun samflokksmanna sinna. Þó virðist sem æskudýrkuninni sé ekki fyrir að fara í hópi auðjöfra og múltímilljónera. Þar virðist gamla lögmálið um aldur og visku í fullu gildi. Ástralski fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch er sjötíu og fjögurra ára, gaf nýlega út ævisögu sína í annað sinn. Tveir kappar til viðbótar, báðir á níræðisaldri, eru nefndir til sögunnar; Kirk Kerkorian, oft nefndur konungur Las Vegas, og Sumner Redstone, forstjóri sjónvarpsrisans Viacom. „Af þessu má draga þrenns konar lærdóm; í fyrsta lagi telja hlutafjáreigendur peninga en ekki hrukkur. Í öðru lagi eiga menn aldrei að setjast í helgan stein og síðast en ekki síst er græðgi af hinu góða!“

### *Netbólan bólgnar á ný*

**BBC** | Martin Webber segir á vefsíðu BBC að á nýliðnu ári hafi fjárfestar loks lagt fé í internetfyrirtæki á ný eftir netbóluna svokölluðu, sem sprakk með háum hvelli árið 2000. Bendir Webber á leitarvélina Google máli sínu til stuðnings. Gengi bréfa í fyrirtækinu rúmlega fjórfaldaðist á árinu 2005 og situr nú í fjögur hundruð dölum á hlut. Yfir fjögur hundruð milljónir manna nýta sér nú leitarvél Google daglega. Þá setti fyrirtækið margar nýjar afurðir á markað árið 2005. Þó virðast ekki allir jafn sannfærðir um að netiðnaðurinn hafi loks rankað við sér: „Vissulega hefur fyrirtækjum á borð við Google, eBay og Yahoo vegnað vel. Gengi þessara fyrirtækja mun sveiflast eins og annarra og því mikilvægt að fjárfestar missi sig ekki í bjartsýni,“ sagði Henry Blodgett, internetsérfræðingur og fyrrverandi starfsmaður Merrill Lynch banka.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hægir á aukningu kaupmáttar

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Kaupmáttur hefur vaxið undanfarin misseri og þjóðin naut þess í fyrra að laun hækkuðu töluvert umfram verðlag. Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að kaupmáttur vaxi áfram á þessu ári þó í minna mæli en á því síðasta. „Útlit er fyrir að aukning kaupmáttar launa verði minni í ár en á síðasta ári. Á nýliðnu ári jókst kaupmáttur launa um nálega 3% sé miðað við þróun launavísitölu og vísitölu neysluverðs en útlit er fyrir að aukningin í ár verði ríflega 1%. Undanfarinn áratugur hefur verið launþegum hagfelldur og hefur kaupmáttur launa aukist um rúmlega 30% frá ársbyrjun 1996 til nóvemberloka 2005. Í því ljósi er kannski ekki furða að aðeins hægi á vextinum í ár. Einnig er rétt að hafa í huga að skattalækkanir sem til framkvæmda komu um nýliðin áramót og hin síðustu verða til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst hraðar en ofangreindar tölur gefa til kynna.“

„Samkvæmt launavísitölu hækkuðu heildarlaun landsmanna að meðaltali um 7,3% milli nóvembermánaða 2004 og 2005. Verðbólga á sama tímabili var 4,2% og kaupmáttaraukningin því u.þ.b. 3%. Horfur eru á að launahækkanir verði nokkuð örar á því ári sem nú er nýhafið. Atvinnuleysi er lítið og skortur á starfsfólki í ýmsum atvinnugreinum, þótt vaxandi innflutningur vinnuafls hafi bætt úr skák í sumum geirum atvinnulífsins. Allt bendir til þess að svo verði áfram á þessu ári. Aukin spenna á vinnumarkaði hefur valdið þrýstingi á laun og virðist launaskrið nú vera umtalsvert. Ólíklegt er að úr því dragi að marki fyrr en framleiðsluspenna í hagkerfinu minnkar verulega, en samkvæmt mati okkar nemur hún nú u.þ.b. 4% umfram þá framleiðslugetu sem samrýmist þjóðhagslegu jafnvægi.

Framleiðsluspenna og launahækkanir umfram aukningu á framleiðni vinnuaflsins mynda þrýsting til hækkunar verðlags, og gerum við ráð fyrir töluverðri verðbólgu á þessu ári. Hækkandi verðlag mun því vega gegn launahækkunum á vinnumarkaði að verulegu leyti, en þó gerum við ráð fyrir að kaupmáttur launa aukist allt að 1% á þessu ári að jafnaði. Hins vegar eru líkur á að mikil verðbólga árið 2007 verði til þess að kaupmáttur launa minnki það ár,“ segir í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka.



**Samkvæmt launavísitölu hækkuðu heildarlaun landsmanna að meðaltali um 7,3% milli nóvembermánaða 2004 og 2005. Verðbólga á sama tímabili var 4,2% og kaupmáttaraukningin því u.þ.b. 3%.**

# Milljónir fyrir að þvælast ekki fyrir

AURASÁLIN

**Þeir hljóta** að ná miklum árangri forstjórarnir sem fá 130 milljónir fyrir fimm mánaða starf. Það eru 26 milljónir á mánuði - meira en Róbert Wessmann hjá Actavis var með í mánaðarlaun í fyrra. Hann var bara með tuttugu milljónir á mánuði; og þó var hann ekki einu sinni rekinn.

**Raunar finnst** Aurasálinni ekkert stórmál að Ragnheiður Geirsdóttir fái meira en hundrað milljónir fyrir að láta af störfum hjá FL Group. Það hefur áreiðanlega ekki verið tekið út með sældinni að sitja á þessum forstjórastóli með hinn ofvirka stjórnarformann sífellt að taka allar ákvarðanir sem samkvæmt hefðinni heyra undir forstjórann.

**Við áramótin** ákvað Aurasálin að eyða úr huga sínum bæði öfund og afbrýðisemi á þessu ári en samgleðjast af meiri móð en áður þeim mikla árangri sem íslenska yfirstéttin hefur náð við að skammta sjálfri sér fáheyrð lífskjör. Samtryggingin í pólitíska kerfinu er auðvitað bara algjört grín miðað við samheldnina sem ríkir í viðskiptalífinu. Eftir að menn verða forstjórar einu sinni eru þeir komnir inn um hið gullna hlið fjármálahimnaríkidæmisins.

**Fyrrum forstjórar** fá milljónir þegar þeir eru reknir en geta venjulega gengið umsvifalaust inn í nýtt forstjórastarf sem borgar þeim milljónir á mánuði. Þetta er draumastaða - að vera á fullum launum á einum stað fyrir að vinna og á margföldum launum frá öðrum stað fyrir að vinna ekki. Þetta er ekki ósvipað þeirri draumastöðu sem sumir eiginmenn komast í varðandi heimilisstörfin - að eina krafan sem til þeirra er gerð er að þeir þvælist ekki fyrir. Þannig fá þeir hreint hús og dýrindismat gegn því að gera ekkert annað en að láta lítið fara fyrir sér og borða svo duglega af matnum. Svo uppskera þeir þakklæti fyrir aðgerðarleysi sitt. Það er vart hægt að komast hærra í fæðukeðjunni.

**Aurasálin hefur aldrei** verið sérstaklega hrifin af hefðbundinni vinnu, sem felur í sér mætingu á skrifstofu, mælanleg afköst og þess háttar óþægindi. Aurasálin hefur löngum laðast að óáþreifanlegri vinnu eins og hugmyndavinnu og stefnumótun. Þetta virðist einmitt vera það sem forstjórarnir fá borgað svo mikið fyrir að gera - og gera ekki. Ályktun Aurasálarinnar er því sú að hún sé sniðin í forstjórastéttina íslensku.

**Það er því heppilegt** að Aurasálin skuli vera hætt að öfundast út í nýríku forstjórana á Íslandi - enda mun hún að líkindum ganga til liðs við þá stétt innan skamms. Og þá mun ríða á að skipta nógu oft um vinnu og gera nægilega snjalla starfslokasamninga.



BESTA RÁÐIÐ

## Klæddu þig fyrir tilefnið

Óttarr Proppé, verslunarstjóri Máls og menningar, fékk besta ráðið frá bandarísku söngstjörnunni Huey Lewis: „Ég var á hóteli í Þýskalandi og mætti Huey í lyftunni. Við tókum spjall saman og hann ráðlagði mér að dressa mig ávallt upp fyrir tilefnið, hvað sem ég tæki mér fyrir hendur.“

Huey Lewis var, ásamt hljómsveit sinni the News, feikivinsæll á níunda áratugnum og samdi meðal annars lagið The Power of Love fyrir kvikmyndina Back to the Future.

Hljómsveitin var síðar gerð ódauðleg í bók Bret Easton Ellis, American Psycho. Þar var Huey Lewis and the News tileinkaður heill kafli og taldi söguhetjan, brjálæðingurinn Patrick Bateman, hana bestu hljómsveit níunda áratugarins.

Óttarr segir Huey Lewis ávallt hafa verið fínan í tauinu og að ráðið hafi reynst sér vel gegnum tíðina: „Í fyrsta lagi missir enginn af manni þegar maður mætir á svæðið og í öðru lagi getur maður alltaf notað þá afsökun að maður þurfi að rjúka eitthvað mikilvægara.“ - jsk



**ÓTTARR PROPPÉ, VERSLUNARSTJÓRI MÁLS OG MENNINGAR** Óttarr mætti Huey Lewis, einni af hetjum níunda áratugarins, í lyftu á hóteli í Þýskalandi: „Hann ráðlagði mér að dressa mig ávallt upp fyrir tilefnið, hvað sem ég tæki mér fyrir hendur.“

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Gróskan í tónleikahaldi aldrei verið meiri

## Concert er eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa sprottið upp á síðustu árum í kringum skemmtanaiðnaðinn á Íslandi. *Ágúst Agnarsson* settist niður yfir kaffibolla með **Einari Bárðarsyni** og ræddi við hann um verkefni fyrirtækisins.

Eftir nám við Arizona State háskólann í Bandaríkjunum gerðist Einar rekstrarstjóri Hard Rock Café á Íslandi. Hard Rock var þá í eigu Gaums, sem er eitt af fyrirtækjum Jóhannesar Jónssonar í Bónus og fjölskyldu. Eftir að hafa rekið Hard Rock með ágætum árangri í eitt ár fannst Einari kominn tími á sjálfstæðan rekstur og fór að líta í kringum sig. Áhugasvið Einars var á skemmtanasviðinu og fyrstu verkefni sem hann tók að sér voru sýningar sem haldnar voru á Hótel Borg. Sýningarnar gengu vel og með því má segja að boltinn hafi farið að rúlla.

Einari hefur tekist vel að koma fyrirtæki sínu á framfæri og er í margra augum að verða umboðsmaður Íslands. Aðspurður um umboðsmennskuna segir Einar þó að aðeins 5-8 prósent tekna fyrirtækisins komi í gegnum hana. Aðaltekjulindin er tónleikahald þar sem fyrirtækið flytur inn fræga erlenda listamenn. Fyrir þá sem muna eftir síðasta sumri hefur fjöldi tónleika aldrei verið meiri.

Í dag eru fjórir fastir starfsmenn hjá Concert. Auk Einars eru það Helga Lilja Gunnarsdóttir, Bryndís Lúðvíksdóttir og Heba Júlíusdóttir en einnig kemur fjöldi verktaka að öllum tónleikum sem Concert heldur.

Hin heimsfræga óperusöngkona Kiri Te Kanawa hefur tvisvar haldið tónleika á vegum Einars á Íslandi auk þess að hafa komið til landsins til að stunda laxveiði. Í einni af ferðum hennar hingað bauðst Einari að verða umboðsmaður hennar í Evrópu. Þegar Einar er spurður út í þetta verkefni segir hann það mikinn heiður og hann sé þegar byrjaður að undirbúa tónleikahald hennar næsta sumar.

Plan B útgáfufyrirtækið var stofnað í byrjun síðasta árs og einbeitir sér að útgáfumálum. Plan B gaf út fimm plötur á árinu 2005 og meðal þeirra var söluhæsta plata síðasta árs, frumraun Garðars Thors Cortés. Platan seldist í átján þúsund eintökum, sem verður að teljast góður árangur. Aðrar plötur sem fyrirtækið gaf út voru plata þar sem Hjálpum þeim var endurútgefið, plata Skítamórals, önnur plata Nylon og plata Idolstjörnunnar Hildar Völu. Aðspurður segir Einar að salan á plötu Garðars sé ótrúlegur árangur, sérstaklega í ljósi þess að hér sé um að ræða plötu með klassískum söng. Einar segir einnig að salan á Nylon hafi komið skemmtilega á óvart en milli 6 og 7 þúsund eintök seldust af henni. „Platan náði þetta góðri sölu þrátt fyrir að hafa fengið litla spilun í útvarpi og að önnur plata hljómsveita hafi oft reynst erfið og fái oft verstu gagnrýnina. Það er ljóst að Nylon á sinn aðdáendahóp á Íslandi og miðað við að sex þúsund plötur seljist eru það ekki bara krakkar sem hlusta á hljómsveitina.“

**EKKI ALLTAF JÓLIN**

Alice Cooper kom hingað til lands síðasta sumar á vegum Concert til að halda tónleika. Miðasalan var vægast sagt dræm og tap var í kringum sex milljónir fyrir þessa einu tónleika. Að sögn Einars er það áhættusamur rekstur að flytja inn fræga tónlistarmenn og þeir sem séu í þessum bransa geta alltaf búist við að tapa töluverðum fjármunum. „Ef ekki hefði verið fyrir Alice Cooper-tónleikana hefði orðið ágætis hagnaður af árinu umfram ásættanleg laun. Hinir tónleikarnir sem við vorum með í ár gengu hins vegar ágætlega þannig að árið í heild kemur þokkalega út.“ Spurður hvað hafi klikkað í sambandi við Alice Cooper-tónleikana segir Einar að menn hafi einfaldlega misreiknað sig og ofmetið þá hylli sem Cooper nyti á landinu. Einar bendir einnig á að á svipuðum tíma og Alice Cooper tónleikarnir voru haldnir hafi verið boðið upp á nokkra tónleika sem höfðuðu til sama hóps og það sé ekki lengur svo að menn fari á alla tónleika sem í boði eru því úrvalið sé það mikið. „Ég var kannski með hugann við að Alice næði að trekkja álíka mikið og Deep Purple sem var með tónleika sumarið áður en þar var uppselt á báða tónleikahljómsveitarinnar hér á landi. Ég grínast stundum með það að ég hirti bol hjá honum og að það sé sex milljón króna bolurinn minn.“

**Concert ehf.**
Eigandi: Einar Bárðarson
Starfsmenn: Fjórir
Velta síðasta árs: Um 100 milljónir
Starfsemi: Tónleikahald

**METNAÐARFULLT VERKEFNI**

Nú í vor fékk Einar Bárðarson hóp fjárfesta í lið með sér til að stofna plötuútgáfu í Bretlandi. Ástæðan fyrir því er metnaðarfull tilraun til að flytja út stúlknasveitina Nylon. Einari hefur tekist að fá umboðsmann hljómsveitarinnar Atomic Kitten í lið með sér en það er önnur stærsta stúlknasveit Bretlandseyja fyrr og síðar. Af þessum sökum hefur Einar eytt töluverðum tíma í Bretlandi til að koma þessu verkefni á stað. Þegar Einar fór út í að stofna stúlknaband hristu margir höfuðið og héldu því fram að slíkt gæti aldrei gengið á Íslandi. Annað hefur komið á daginn því samanlögð sala fyrstu tveggja platna Nylon er um fjórtán þúsund eintök. „Ég hafði oft verið fenginn til að dæma í söngvakeppnum þar sem ég sá mikið af hæfileikaríku fólki sem tók kannski þátt í einni keppni og síðan heyrðist ekkert meira frá því. Mér fannst íslenskt tónlistarlíf frekar staðnað því þar voru sömu listamennirnir ár eftir ár sem gáfu út plötur og lítil endurnýjun.“

**VANTAR RAMMA Í KRINGUM TÓNLEIKAHALD**

Í dag eru engar reglur í gildi í sambandi við tónleikahald og telur Einar það til mikilla vansa fyrir greinina. „Það getur hver sem er leigt Laugardalshöllina til að halda tónleika það eina sem þarf er leyfi frá Lögreglustjóra sem kostar 5.000 krónur. Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar stórir tónleikar eru haldnir, til dæmis þarf að vera öflug gæsla. Ef það brjótast út slagsmál, einhver slasast eða eitthvað álíka slæmt gerist leiðir það af sér slæmt umtal sem getur minnkað aðsókn á tónleika í framtíðinni sem bitnar á öllum tónleikahöldurum, þannig að einn maður sem veit ekki hvað hann er að gera getur skemmt fyrir öllum sem eru í þessum bransa.“



**EINAR BÁRÐARSON** Concert er ungt fyrirtæki sem hefur flutt inn marga heimsfræga tónlistarmenn til tónleikahalds.




Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

SÖGUHORNIÐ

## Fríverslunarsamband Evrópu (EFTA)




**FRÍVERSLUNARBANDALAG EVRÓPU** EFTA var stofnað fyrir 46 árum og hefur á þeim tíma breyst gríðarlega. Aðildarríkin eru í dag fjögur.

Sáttmálinn um stofnun Fríverslunarbandalags Evrópu, EFTA, var undirritaður í Stokkhólmi 4. janúar árið 1960. Stofnþjóðirnar voru sjö; Austurríkismenn, Portúgalar, Svisslendingar, Bretar, Norðmenn, Danir og Svíar. Finnar bættust í hópinn árið 1961 og Íslendingar árið 1970.

Upphaflega var EFTA hugsað sem eins konar mótvægi við Evrópubandalagið, valkostur fyrir þjóðir sem af einhverjum ástæðum gátu ekki eða vildu ganga í bandalagið.

Fljótlega fór þó að kvarnast úr EFTA. Þjóðirnar gengu hver á fætur annarri í Evrópubandalagið og eru aðildarríkin aðeins fjögur í dag; Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss.

Auk þess að tryggja fríverslun milli aðildarríkjanna hefur EFTA undirritað fríverslunarsamninga við lönd víða um heim. Sá allra mikilvægasti er þó samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sem gefur löndum EFTA, að Sviss undanskildu, aðgang að innri markaði Evrópubandalaganna.

Með EES-samningnum er leitast við að samræma reglur EFTA-ríkjanna og aðildarríkja bandalaganna á sviði viðskipta, þannig að til verði einsleitur markaður. Aðalatriði samningsins lýtur að fjórfrelsinu svokallaða; að tryggð séu frjáls vöruviðskipti, frjáls þjónustustarfsemi, frjáls för vinnuafls og frjáls flutningur fjármagns.

Í samningnum er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin lögleiði mikinn hluta af rétti bandalaganna. Var það gert á Íslandi með lögum um Evrópska efnahagssvæðið sem tóku gildi 13. janúar árið 1993, en auk þess eiga mörg lög og reglugerðir rætur að rekja til Evrópubandalaganna.

Stofnanir EFTA eru þrjár mikilvægastar; Eftirlitsstofnunin, EFTA-dómstóllinn og Fastanefnd EFTA. Höfuðstöðvar EFTA eru í svissnesku borginni Genf. - jsk

# Tunglkapphlaupið hafið að nýju

### Kínverjar hyggjast senda mannaða geimferju til tunglsins fyrir árið 2020. Bandaríkjamenn og Japanar láta ekki sitt eftir liggja.

**Jón Skaftason**
skrifar

Skammt er í að Kínverjar sendi ómannað geimfar á sporbaug um tunglið. Hafnar hafa verið prófanir á tunglfarinu sem ætlað er til verksins og er búist við að það verði tilbúið til flugtaks árið 2007.

Geimfarið ómannaða er álitið fyrsta skref Kínverja í átt að því markmiði sínu að senda mannað geimfar til tunglsins fyrir árið 2020: „Sérfræðingar okkar hafa leyst öll þau vandamál sem á vegi þeirra hafa orðið. Engra meiriháttar tæknilegra örðugleika hefur orðið vart og tilraunir okkar hafa flestar heppnast sem skyldi,“ sagði Luan Enjie, yfirmaður tunglferðaáætlunar Kínverja.

Kínverjar hafa unnið að tunglferðaáætlun sinni síðan snemma árs 2004. Fyrsta kínverska geimflaugin fór á loft árið 2003 og seint á síðasta ári skutu þeir fyrsta mannaða geimfari sínu á loft.

Kínverjar eru þó ekki þeir einu sem stefna hátt; George W. Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti fyrir skömmu að hann hygðist veita rúmum 6.000 milljörðum króna í að koma Bandaríkjamönnum til tunglsins á ný en þar steig Bandaríkjamaðurinn Neil Armstrong niður fæti fyrstur manna árið 1969. Þá hafa Japanar sett sér það markmið að lenda á tunglinu fyrir árið 2025.

Nýtt kapphlaup til tunglsins virðist því í uppsiglingu, í líkingu við það sem Bandaríkjamenn og Sovétmenn háðu sín á milli á sjöunda áratug síðustu aldar.



**NEIL ARMSTRONG** Svo virðist sem fleiri muni brátt feta í fótspor Neils Armstrong og ferðast til tunglsins. Kínverjar, Bandaríkjamenn og Japanar hafa slíkar ferðir á dagskránni.

## Líftæknifyrirtæki á uppleið

Hlutabréf í stærstu líftæknifyrirtækjum Bandaríkjanna eru í hámarki. Hækkunin hefur aðallega átt sér stað í fyrirtækjum sem hafa einbeitt sér að því að finna lyf gegn krabbameini og öðrum erfiðum sjúkdómum á síðustu árum. Hlutabréf í stórum líftæknifyrirtækjum hafa hækkað um 110 prósent síðan um mitt ár 2004, þar af um 25 prósent á árinu 2005. Miðað við Standard og Poors 500 vísitöluna hefur bandarískur markaður í heildina litið hækkað um fjögur prósent á árinu. Nasdaq-vísitalan sem mælir smærri líftæknifyrirtæki sýnir að þau hafa aðeins hækkað um þrjú prósent á síðasta ári.




**NASDAQ-KAUPHÖLLIN** Mörg líftæknifyrirtæki eru skráð í Nasdaq-kauphöllinni.

## Illa gengur að framfylgja Kyoto

Tíu af fimmtán löndum Evrópusambandsins sem skrifuðu undir Kyoto-samkomulagið munu ekki ná að uppfylla skuldbindingar sínar um minnkun á útbæstri gróðurhúsalofttegunda. Aðeins Bretar og Svíar eru á áætlun.

Með Kyoto-samkomulaginu skuldbundu ríki sig til að minnka mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda niður í 92 prósent af því sem hún var árið 1990. Margir vísindamenn segja að lítill tími sé til stefnu til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda áður en skaðinn verði óafturkræfur.

Bandaríkjamenn, sem búa til mest af gróðurhúsalofttegundum af þjóðum heims, hafa neitað að samþykkja Kyoto-bókunina, sem gerir samninginn að mati gagnrýnenda ótrúverðugan.

Umhverfisstofnun Evrópusambandsins hefur gefið út viðvörun þess efnis að löndin innan sambandsins muni aðeins ná að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 2,5 prósent fyrir árið 2012 ef fram heldur sem horfir.



**MENGUN** Stór hluti gróðurhúsalofttegunda kemur frá bílum.



**HEIMASÍÐA AMAZON** Sala á netinu hefur aldrei verið meiri en í ár.

## Metsala á Amazon

Amazon-vefurinn seldi að meðaltali 480 þúsund hluti á dag síðustu dagana fyrir jól í Bretlandi einu. Á alþjóðavísu voru lagðar inn 3,6 milljón pantanir þann 12 desember síðastliðinn. Þessi jól hafa slegið öll fyrri sölumet hjá þessum öflugsta verslunarvef heims. Árið 2005 hefur verið það besta frá upphafi fyrir verslanir á netinu en mest hefur söluaukningin orðið hjá fyrirtækjum sem eru með rótgrónar verslanir og netverslun samhliða þeim.



**KOLAVINNSLA** Stór hluti orkuvera Kínverja er knúinn með kolum.

## Kol betri kostur á ný

Eftir að hafa verið ýtt til hliðar eru kol aftur orðin raunhæfur kostur í orkuframleiðslu heimsins. Með nýrri tækni hefur tekist að minnka mengun sem kemur frá kolaorkuverum stórlega. Nýjustu kolaorkuverin nýta kolin allt að tuttugu prósentum betur og menga allt að 43 prósentum minna en eldri orkuverin. Kolin eru því orðin sambærilegt eldsneyti til orkuvinnslu og gas og olía.

Hærra verð á olíu og gasi hefur valdið því að kol hefur orðið æ vænlegri kostur því mikið magn er til af þeim og verðið stöðugt miðað við aðra orkugjafa. Ókostur kolanotkunar hefur í gegnum tíðina verið mikil mengun en nú hefur tekist að leysa það vandamál að miklu leyti.



## FÓLK Á FERLI



**Helga Jónsdóttir** hefur verið ráðin sem ráðgjafi í sölu- og þjónustudeild Lánstrausts hf. Helga mun sinna ráðgjöf til viðskiptavina og öflun nýrra viðskiptatengsla. Helga er að ljúka BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



**Björg Arnardóttir** hefur verið ráðin í stöðu útlánasérfræðings í sölu- og þjónustudeild Lánstrausts hf. Hún mun m.a. sinna ráðgjöf til fyrirtækja um útlánareglur og kynningu á útlánahugbúnaði. Björg útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík árið 2004. Hún starfaði áður í SPH, síðast í fyrirtækjadeild sem annast erlend viðskipti, lán og ráðgjöf til fyrirtækja.



**Lilja Samúelsdóttir** hefur verið ráðin sem ráðgjafi í sölu- og þjónustudeild Lánstrausts hf. Hún mun m.a. sinna námskeiðahaldi og hafa umsjón með Greiðsluhegðunarkerfi LT. Lilja útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af fjármálasviði frá Háskólanum á Akureyri árið 2004. Lilja starfaði áður sem verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

# Efni fyrir Vodafone live!

Og Vodafone hefur gert samning við Arvato mobile um að síðarnefnda fyrirtækið sjái efnisgáttinni Vodafone live! fyrir afþreyingarefni. Það sem í boði verður á efnisgáttinni er meðal annars tölvuleikir, hringitónar og myndskeið af mörkum í ensku úrvalsdeildinni og Meistaradeild Evrópu.

Arvato mobile er leiðandi á því sviði að bjóða upp á afþreyingarefni fyrir farsíma og býður auk þess upp á lausnir sem varða stjórnun umboðs- og höfundarlauna.

Aðspurður segir Pétur Rúnar Guðnason, efnisstjóri Vodafone live!: „Arvato mobile hefur í nokkur ár boðið Vodafone fyrirtækjum og samstarfsaðilum framúrskarandi afþreyingarefni. Það er því gríðarlega mikilvægt fyrir Og Vodafone að eiga kost á fjölbreyttu efni frá fyrirtæki eins og Arvato mobile.“




**VERSLUN OG VODAFONE** Vodafone semur við Arvato mobile. Markaðurinn/Páll

# Eimskip tekur við rekstri Herjólfs

Eimskip tók um áramótin við rekstri Herjólfs og í framhaldi af því munu nokkrar breytingar eiga sér stað. Ferðum til Eyja verður fjölgað og verða þær nú 720 á ári þar sem farnar verða tvær ferðir á daga fyrir utan hátíðisdaga. Hægt verður að kaupa sér farmiða á heimasíðunni www.herjolfur.is og er það nýjung. Einnig stendur viðskiptavinum til boða að kaupa sér afsláttarkort sem tryggir þeim fjörutíu prósenta afslátt af almennu fargjaldi.




**VESTMANNAEYJAFERJAN HERJÓLFUR** Eimskip tók nú um áramótin við rekstri Herjólfs. Markaðurinn/Stefán

## FÓLK Á FERLI



**Ester Þorsteinsdóttir** hefur verið ráðin til starfa í Gagnadeild Lánstrausts hf. sinnir þar störfum við gagnaskrár Lánstrausts hf., m.a. Vanskila- og Rekstrarsöguskrá. Ester er prentsmiður að mennt og er með sveinspróf í þeirri iðn frá Iðnskólanum í Reykjavík.



**Bryndís Grétarsdóttir** hefur verið ráðin til starfa í Gagnadeild Lánstrausts hf. og sinnir þar störfum við gagnaskrár Lánstrausts hf., m.a. Vanskila- og Rekstrarsöguskrá. Bryndís hefur lokið námi í skrifstofu- og tölvunámi frá NTV og jafnframt er hún ferðamarkaðsráðgjafi með IATA/UFTAA gráðu.

**Alma Jenný Guðmundsdóttir** hefur verið ráðin sérfræðingur á greiningadeild Fjölmiðlavaktarinnar. Alma sinnir greiningum á umfjöllun viðskiptavina samkvæmt aðferðafræði Fjölmiðlavaktarinnar og sambærilegra erlendra vöktunarfyrirtækja. Alma útskrifaðist með diplomagráðu í ferðamálafræði frá Háskóla Íslands árið 2002, starfaði sem atvinnu- og ferðamálafulltrúi Dalabyggðar og framkvæmdastjóri Eiríksstaðanefndar frá 2002-2004, var forstöðumaður á Sögusetrinu Hvolsvelli frá 2004-2005 og hefur sinnt ýmsum öðrum viðburðar-, kynningar- og markaðsverkefnum síðastliðin ár.




VOLVO S40 | VOLVO V50 | VOLVO S60 | VOLVO V70 | VOLVO S80 | VOLVO XC70 AWD | VOLVO XC90 AWD

# VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

## Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

## Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS





GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.545.000 kr.***

**Volvo V50 dísil.
Verð frá 2.915.000 kr.***

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## FÓLK Á FERLI

**ANNA HULDA SIGURÐARDÓTTIR** hefur verið ráðin sérfræðingur í gagnadeild prentmiðla hjá Fjölmiðlavaktinni. Anna sinnir meðal annars kennitöluskráningum prentmiðla auk almennrar skipulagningar á verkefnaúthlutun í skráningum kennitalna á gagnadeild. Anna Hulda starfaði frá árinu 2000 hjá Lánstrausti hf., systurfélagi Fjölmiðlavaktarinnar, og annaðist þar meðal annars skráningar og meðhöndlun upplýsinga um fyrirtæki.

**INGIBJÖRG ELÍSABET GARÐARSDÓTTIR** hefur verið ráðin sem ráðgjafi á sölu- og þjónustusvið Fjölmiðlavaktarinnar. Ingibjörg annast meðal annars þjónustu og samningagerð við viðskiptavini í vöktun og sérþjónustu hjá Fjölmiðlavaktinni. Ingibjörg er Iðnrekstrarfræðingur af markaðssviði frá Tækniháskóla Íslands og er um þessar mundir að ljúka BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Með námi hefur Ingibjörg starfað við innheimtu- og sölumál hjá stærri símafyrirtækjum.

**LILJA SIF ÞORSTEINSDÓTTIR** hefur verið ráðin sem sérfræðingur í gagnadeild prentmiðla hjá Fjölmiðlavaktinni. Lilja annast meðal annars kennitöluskráningu á gagnadeild, þjálfun starfsfólks í skráningum og þýðingar á sérverkefnum hjá Fjölmiðlavaktinni. Lilja útskrifaðist með BA-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands vorið 2005 og starfaði sem flugfreyja síðastliðið sumar. Lilja Sif var ritstjóri unglingatímaritsins Smells á árunum 2001-2005.



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Forsvarsmenn Saga Boutique og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur nýrra verslana í fríhöfninni.

# Meira úrval í Fríhöfninni

Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Saga Boutique hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur fataverslana í fríhöfninni. Í verslununum er ætlunin að bjóða upp á þekkt merki eins og Burberry og Boss. Einnig munu viðskiptavinir geta keypt föt frá íslenskum hönnuðum.

Samningurinn mun taka gildi 1. júní 2006 en þá verður tekið í notkun nýtt verslunarhúsnæði í flugstöðinni. Með þessum breytingum vonast aðstandendur fríhafnarinnar til að styrkja hana í sessi og auka hlut einkarekinna verslana til að gera fríhöfnina sambærilega við það sem best gerist erlendis.

## FÓLK Á FERLI

**VALGERÐUR JÓNASDÓTTIR** hefur verið ráðin sérfræðingar á greiningadeild Fjölmiðlavaktarinnar. Valgerður sinnir úrvinnslu tölfræði- og greiningarverkefna, skýrslugerð, greiningu á umfjöllun um viðskiptavini auk gerðar almennra kynningargagna fyrir sölu- og þjónustusvið Fjölmiðlavaktarinnar. Valgerður lauk námi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2003, útskrifaðist með BA í sálarfræði hjá Háskóla Íslands árið 1999 og nam myndlist í Lýðháskólanum Thorstedlund í Danmörku 1994.

**ÞÓRÓLFUR SÆVAR SÆMUNDSSON** hefur verið ráðin ráðgjafi á sölu- og þjónustusvið Fjölmiðlavaktarinnar. Þórólfur annast meðal annars vöktunarþjónustu og samningagerð hjá Fjölmiðlavaktinni auk greiningar á umfjöllun um viðskiptavini. Þórólfur, útskrifaðist með BA gráðu í sagnfræði og fjölmiðlafræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Hann lauk diplomagráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2004.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000






VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin líða
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

# Brýnt að laða að erlenda fjárfesta

TÖLVUPÓSTURINN

**Til Þórðar Friðjónssonar**

*Forstjóra Kauphallar Íslands*



**Hvað er Kauphöll?**
Kauphöll er vettvangur fyrir viðskipti með verðbréf, markaður þar sem verðbréf, hlutabréf og skuldabréf eru skráð og viðskipti með þau fara fram. Viðskiptin eru gerð í öflugu rafrænu kerfi, kaup- og sölutilboð parast sjáfkrafa. Jafnframt veitir kerfið margvíslegar upplýsingar um verð, vísitölur o. fl., auk þess sem það tengist fjölmörgum innlendum og erlendum upplýsingaveitum. Margt fleira þarf þó til að reka heilbrigðan markað, meðal annars greiða og örugga upplýsingagjöf og skilvirkt eftirlit.

**Hver er tilgangur kauphalla?**
Tilgangur kauphalla er að stuðla að hagkvæmri ráðstöfun fjármagns með því að miðla fjármagni milli fjárfesta og útgefenda (félaga, fyrirtækja). Annars vegar geta útgefendur sótt áhættufé á skipulegan markað og hins vegar geta fjárfestar lagt fé í verkefni sem þeir hafa trú á með hagnað að markmiði. Fjármagnið leitar því þangað sem það nýtist best sem síðan styður við hagvöxt og skilar sér í betri lífskjörum almennt.

**Hvernig hefur gengið að byggja upp Kauphöllina á svo litlum markaði?**
Það hefur gengið afskaplega vel að byggja upp Kauphöllina. Þótt hún sé ekki nema rétt liðlega tuttugu ára hefur hún náð miklum styrk. Til marks um það er að mikið þróunarstarf hefur skilað skilað sér í öflugri tæknilegri umgjörð og mikilli veltu. Samanburður við aðrar kauphallir sýnir einna best hversu vel hefur gengið hér á landi.

**Hvernig stendur Kauphöll Íslands í samanburði við kauphallir nágrannaríkja?**
Helstu mælikvarðar sýna að Kauphöllin stendur vel í samanburði við aðrar kauphallir. Þannig er hún til að mynda stærsta kauphöllin í heimi þegar tillit er tekið til stærðar hagkerfisins. Markaðsvirði skráðra félaga samsvarar um 180% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall er um helmingi lægra í Danmörku og Noregi, um 110% í Svíþjóð og 140% í Bandaríkjunum. Aðrir mælikvarðar, svo sem seljanleiki, verðbil o. fl., sýna einnig vel viðunandi stöðu.

**Hver er sérstaða Kauphallar Íslands?**
Tvennt vildi ég helst nefna í þessu sambandi. Annars vegar hefur Kauphöllin enn þá fáa fjaraðila og fyrir vikið tiltölulega litla beina þátttöku útlendinga í hlutabréfamarkaðnum. Þessu er reyndar öðruvísi farið á skuldabréfamarkaði. Hins vegar er ákvörðunartakan hröð og því er hægt að veita hér betri þjónustu en víðast hvar.

**Hverjar eru helstu hætturnar í Kauphöll Íslands í fyrirsjáanlegri framtíð?**
Það blasir við aukin aukin samkeppni við aðrar kauphallir, bæði vegna breytinga á umhverfi fjármálamarkaða (EES) og eflingar skráðra félaga. Stærstu félögin geta auðveldlega skráð sig á aðra markaði. Við munum því búa í hörðu samkeppnisumhverfi innan skamms þar sem árangurinn fer einfaldlega eftir því hvernig við stöndum okkur. En þannig á það líka að vera.

**Hver eru helstu tækifærin fyrir Kauphöllina?**
Tækifærin eru vissulega mörg en ég held þó að mestu máli skipti að varðveita sveigjanlegt og viðbragðsskjótt umhverfi á fjármálamarkaði, umhverfi sem byggir á praktískum og skilvirkum lausnum. Í slíku umhverfi getur Kauphöllin náð miklum árangri einfaldlega með því að veita góða en hraða þjónustu. Reynslan sýnir að markaðurinn hér er mjög skilvirkur við að afla fjár fyrir útgefendur og félög fá mikla athygli. Ég held að þetta geti nýst til að laða að erlend félög, einkum lítil og millistór.

**Hver eru brýnustu verkefnin fyrir íslenska markaðinn?**
Umhverfi fjármálaþjónustu er í stöðugri mótun. Við þurfum að sjálfsögðu að sjá til þess að við séum við jafnan í fremstu röð í þeim efnum. Af einstökum verkefnum er mér ofarlega í huga að laða að fleiri erlenda fjárfesta og fá fleiri erlend félög til að skrá sig í Kauphöllina. Jafnframt tel ég brýnt að stofna hér afleiðumarkað og lánamarkað fyrir verðbréf.



# Athyglin á Kauphöllinni í Harvard Business School

*Í nýlegu riti Harvard Business School er fjallað um Kauphöll Íslands; hvaðan hún kemur og hvert hún stefnir. Hafliði Helgason kynnti sér greinina.*

Kauphöll Íslands hefur átt góðu gengi að fagna undanfarin ár. Þrátt fyrir fækkun félaga í Kauphöllinni hefur verðmæti félaga sem þar eru skráð vaxið og umfang viðskiptanna aukist verulega.

Gengi félaga hefur verið gott og á síðasta ári bættust í hóp skráðra félaga fyrirtæki sem eiga rætur sínar í öðrum löndum. Ekki hefur farið hjá því að hækkanir á gengi félaga og velgengni Kauphallar Íslands hafi dregið að sér athygli að utan.

Gregory S. Miller, prófessor í reikningsskilum við Harvard Business School, er einn þeirra sem beint hafa sjónum sínum að uppbyggingu Kauphallar Íslands og skrifaði grein um hana í rit skólans. Þar beinir hann sjónum að vexti efnahagslífsins og árangri og framtíðarsýn Kauphallarinnar og þeirra félaga sem þar eru skráð.

MÁLIÐ ER

**Framtíðin í Kauphöllinni**

Miller rekur aðdraganda þess að íslenskt efnahagslíf og fyrirtæki Kauphallarinnar blómstruðu síðustu ár. Hann segir bankana auðvitað hafa notið vaxtar íslensks efnahagslífs í ríkum mæli. Markaðshlutdeild þeirra í Kauphöllinni endurspegli mikilvægi þeirra fyrir markaðinn, enda nemi hlutdeild fjármálafyrirtækja í vísitölunni 65 prósent.

Bankarnir mynda vissulega kjölfestu á markaðnum, en Miller nefnir einnig lífeyrissjóðakerfið sem ástæðu velgengni Íslendinga. Við þetta bætist svo ung þjóð þar sem saman fer frumkvöðlahugsun og opnun efnahagskerfisins sem getið hafi af sér hóp ungs fólks sem hafi náð árangri í viðskiptum. Niðurstaðan sé öflug eining sem vinni skilvirkt og af miklu afli.

Miller rekur einnig hvernig Kauphöllin hefur leitast við að kynna starfsemi sína á erlendum vettvangi. Það starf hefur miðað að tvennu. Annars vegar að því að laða erlenda fjárfesta að verðbréfum sem skipta um hendur í Kauphöllinni. Hins vegar að fá erlend fyrirtæki til að skrá hlutabréf sín í Kauphöll Íslands.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur Kauphöllin stigið nokkur skref. Miller rekur dæmi um það sem gert hefur verið en beinir síðan sjónum að framtíðarmöguleikum Kauphallarinnar.

Erlendir fjárfestar eru nú þegar í þó nokkrum mæli kaupendur að skuldabréfum skráðum í Kauphöllinni. Á síðasta ári voru tvö erlend félög skráð í Kauphöllinni, færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum og Mosaic Fashions.

Miller rekur dæmi um mögulegar leiðir fyrir Kauphöllina til að skapa sér sérstöðu sem alþjóðleg kauphöll þar sem lögð er rækt við afmörkuð svið. Hægt sé að herja á tiltekin landsvæði og markaðssetja Kauphöllina með þeim hætti.

Önnur leið væri að gaumgæfa vel reglur markaðarins og skapa nýmarkað með tiltölulega litlum fyrirtækjum sem væru í örum vexti. Þar þyrfti að feta einstigi milli einfaldleika og ódýrrar skráningar og þess að regluverkið væri sjálfu sér samkvæmt og jafnræðis- og sanngirniskröfur uppfylltar.

Miller bendir einnig á þann möguleika að beina kröftunum að afmörkuðum atvinnugreinum. Með því að ná saman á markað fjölda fyrirtækja í svipaðri starfsemi væri hægt að ná athygli erlendra fjárfesta sem væru sérhæfðir. Á slíkum markaði yrði til sérþekking á greinum sem nýtast myndi stoðþjónustu við þær. Þessar hugmyndir eru gamalkunnar Kauphöll Íslands, en áhugi var lengi á því að Kauphöllin myndi sérhæfa sig í skráningu sjávarútvegsfyrirtækja. Ytri aðstæður hafa gert slíkt lítt fýsilegt nú um stundir, hvað sem síðar verður.

Fleiri möguleika nefnir Miller. Meðal þeirra er að Kauphöllin sérhæfi sig í að laða að fyrirtæki frá smærri efnahagskerfum þar sem verðbréfamarkað skortir. Færeyjar eru ágætt dæmi, en Miller segir að þótt hvert og eitt land skili fáum fyrirtækjum gæti Kauphöllin orðið alþjóðleg miðstöð fyrir fyrirtæki smárra landa og skapað sér sérstöðu með því.

Enn einn möguleikinn er að sérhæfa Kauphöllina með þeim hætti að bjóða upp á annars konar verðbréf, til dæmis með því að bjóða upp á skortsölu verðbréfa og afleiður ýmis konar. Slíkt myndi að mati Millers skapa möguleika fyrir lánastarfsemi, auk þess sem þeir fjárfestar sem löðuðust að markaðnum vegna þessa myndu einnig kynnast og nýta sér önnur skráð verðbréf í Kauphöllinni.

Í Kauphöllinni er ýmsum framtíðarmöguleikum velt upp og mikið kynningarstarf unnið. Framtíðin mun leiða í ljós hvaða leið verður valin, en grein prófessorsins í Harvard Business School er lóð á þá vogarskál að kynna Kauphöll Íslands erlendis og þá líklega einnig til marks um vaxandi áhuga á íslensku efnahagslífi og skráðum fyrirtækjum í örum vexti.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR


Í FULLKOMNU JAFNVÆGI
VERÐLÆKKUN
Acidophilus+ Bifidus Complex
Betri melting.
Glucosamine Sulphate
Betri liðir.
Ginseng Korean KARLAR
Eykur orku og úthald.
Calcium - Magnesium Zinc og Boron
Öflug steinefnablanda fyrir beinin.
Garlic
Lyktarlaus hvítlaukur.
Ginseng Siberian KONUR
Orka og einbeiting.
Ester-C formula
Sérstaklega gott fyrir viðkvæman maga.
Co-Enzyme Q10
Aukin orka.
Ginkgo Biloba
Eykur blóðstreymi.
Psyllium Fibre
Einstakar trefjar fyrir meltinguna.
Echinacea (sólhattur)
Góð vörn í vetur gegn umgangspestum
Vcaps
Einstakar vörur án allra aukefna
vega
Þú færð Vega í apótekum og heilsuvöruverslunum
Einstök blanda - Hágæða framleiðsla

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**5534,39** stig. Úrvalsvísitalan hækkaði um 64,7 prósent á síðasta ári og hefur hækkað um tæp 1400 prósent frá því árið 1993.

**290** milljónir króna. Fjárútlát FL Group vegna starfslokasamninga tveggja fyrrverandi forstjóra.

**-33,3%** Meðaltap fjárfesta í Kauphöllinni í Venesúela á árinu sem leið.

## BANKAHÓLFIÐ



### Íslandsbanka-hlaupið

Viðræður um kaup á hlut Straums í Íslandsbanka voru langt komnar þegar upp úr slitnaði milli jóla og nýárs. Þá stóð til að selja hlutinn til félaga í eigu Ólafs Ólafssonar, Karls Wernerssonar, Baugs og FL Group.

Eins og gengur þegar upp úr slitnar hefur hver sínar skýringar á atburðarásinni. Deilan stóð um bréf í KB banka sem Straumur vildi fá. Baugur og FL Group vildu halda hluta bréfanna. Þar á bæ segja menn Straum hafa viljað setja skilyrði um að þessi félög ættu ekki í öðrum bönkum og segja Björgólf Thor hafa stjórnað á bak við tjöldin. Úr hinum herbúðunum segja menn hins vegar að FL Group og Baugur hafi allan tímann vitað hverjar forsendur voru og því ekki átt að koma þeim á óvart að ekki yrði af viðskiptum í þetta sinn.

### Næsti kafli

Sagan um hluthafahóp Íslandsbanka ætlar að verða endalaus. Straumur á 28 prósenta hlut og erfitt að kaupa mikið meira. Karl Wernersson hefur um skeið haldið á lykilstöðu í bankanum og samvinna hans við Baug styrkir hann í að halda þeirri stöðu. Þykkja er í mönnum eftir jólasamningalotuna, en öll él birtir upp um síðir og ekki útilokað að menn setjist aftur að samningaborði. Eins og tónninn er núna telja Karl og Baugur sig ekki þurfa að leggja mikið á sig til þess að tryggja stöðu sína enn frekar með kaupum á bréfum. Straumsmenn eru hins vegar keikir og ekki í vafa um að fjárfestingin sé góð og að úr henni leysist fyrr eða síðar.

### Þarnæsti kafli

Straumur hefur verið að beina sjónum sínum í auknum mæli til útlanda eins og fleiri, enda tækifærum farið fækkandi eftir mikla tiltekt innanlands. Úti á markaðnum eru miklar vangaveltur um hvert Straumi verður siglt á árinu. Talið er líklegt að eigendur Straums haldi þeim möguleika opnum að sameina Straum Landsbankanum og yrði það þá lokahnykkur stórfelldrar uppstokkunar sem hófst með kaupum Straums í Eimskipafélaginu og síðan kraftmikilli innkomu Björgólfs-feðga í íslenskt viðskiptalíf.





„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.*"

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK McCANN



Ljós úlpa og peysa kr. 13.900 og kr. 10.990.

Klassískir Timberland, barnaskór kr. 7.990, fullorðins kr. 14.990.

# Bæði fyrir börn og fullorðna

***Í versluninni Timberland í Kringlunni er gott úrval af fatnaði, bæði til daglegs brúks og til útivistar.***

Yfir köldustu mánuðina er nauðsynlegt að vera vel búinn til að verjast veðri og vindum.

Timberland er fyrir löngu orðið heimsþekkt vörumerki og hefur sannað sig með sannkölluðum gæðavörum.

Timberland skórnir eru eflaust hvað þekktastir, sérstaklega þessir klassísku, „vinnumannaskórnir“ svokölluðu, en svo hafa líka bæst við ýmsar útfærslur af þeim, bæði í litum og áferð. Fatnaðurinn í versluninni er hannaður með útivist og heilbrigt líferni í huga enda er Timberland einskonar lífstílsverslun.

Barnafötin eru einstaklega falleg, úr góðum efnum og í mjúkum litum og nú þegar útsölutíðin stendur sem hæst er óvitlaust að verða sér úti um flotta merkjavöru á frábæru verði.

Öll verð án afsláttar.



Timberland hálfstígvél, barna kr. 6.999, fullorðins kr. 7.990.

Ljósblátt vesti, bolur og skór kr. 6.990, 4.890 og 4.490.



Húfa og trefill, sett, kr. 5.490.

Bláir og bleikir Timberland kr. 5.990.


ÚTSALA
hefst í dag
30-50%
afsláttur

French Connection
ACNE
Private Label
Modström
Grab
Custo
Lee
Denim Birds
Fornarina
Traffic People
Shelly's



CENTRUM
Kringlunni s.512 1730



ÚTSALAN
hefst í dag
allt að
50%
afsláttur

Malene Birger - Marithé Francois Girbaud - Bruuns Bazaar
Andy Warhol by Cultura - Vent Couvert - Tentazione
French Connection - Great Plains - Imperial - Now
Mavi Jeans - Arrogant Cat - Pink Soda

Kultur
Kringlunni s. 512 1765



Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára. **Uppl. í s. 897 4796 & 553 8890.**

**Bifreiðastjórar ATH.**
IcelandExcursions Allrahanda, óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs almenningsvagna, við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um. Um framtíðarstarf er að ræða. Upplýsingar gefur Rúnar í s. 540 1313 & 660 1303 eða runar@iea.is. **Icelandexcursions Allrahanda, er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja vera hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi .**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Einnig hlutastörf í boði. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. **Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

**Pylsuvagninn í Laugardalnum**
Pylsuvagninn í Laugardalnum óskar eftir þjónustuliprum starfskrafti á fastar kvöld- og helgarvaktir. 1-2 kvöld í viku og önnur hvor helgi. **Uppl. í s. 896 8583.**

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi. **Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu. **Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Þrif og þvottahús.**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í ræstingar, þrif og þvottahús. Vinnutími 10-18 virka daga. Góð laun í boði. **Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19, 13-19, 08-16 og 07-13. Góð laun í boði. **Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Viltu koma að vinna á**
Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is / loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar hjá veitingastjórum á Sprengisandi og í Smáralind.

**Heggur ehf**
Vantar vana smiði og aðstoðarmann í innivinnu. Næg vinna. Upplýsingar gefur Sæmundur í síma 893 1424

**Kexverksmiðjan Frón óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf**
Pökkun, þrif o.fl. Vinnutími 8-17 virka daga. **Uppl. í s 856 2799.**

SNÆLAND VIDEO

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is.

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16, 111 Rvk.**
Leikskólinn Ösp óskar eftir leikskólakennara eða leiðbeinendum sem fyrst. **Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 557 6989 & 849 5642 Svanhildur.**

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu, reynsla æskileg. **Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481 eða á staðnum milli kl. 14 & 16.30.**

**Kökuhornið Bæjarlind**
Óskum eftir að ráða starfskraft í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 20 ára. **Uppl. í síma 897 0702 Sirrý Halla.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Lágmarksaldur 25 ára. **Uppl. í s. 894 0292.**

**Ræstingar**
Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17. **Upplýsingar í síma 699 8403, Bónbræður ehf.**

Árbæjarbakarí. Starfsfólk óskast í afgreiðslu. Vinnutími 7-13 eða 13-18.30 og aðra hvora helgi. Einnig 7-15 virka daga. Upplýsingar í síma 869 0414 og á staðnum.

Starfskraftur óskast í mötuneyti til afgreiðslustarfa 4 kvöld í viku milli kl. 16-20. Uppl. í s. 892 9814.

Verkland ehf. óskar eftir kranamanni á libheer 112 HC, sem fyrst. Góður aðbúnaður. Laun eftir samkomulagi. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir smiðum í uppmælingu, góður aðbúnaður, næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir verkamönnum, laun eftir samkomulagi, góður aðbúnaður næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Spönginni, Faxafeni, Tindarseli og Smáratorgi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

**Garðabær bakarí**
Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

**McDonald's laus störf**
Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf og hlutastarf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfmann til þrifa í framleiðslu. Upplýsingar gefur Sigurður í síma: 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl. 7.00-13.00 / 13-18.30 virka daga. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma: 561 1433 / 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

**Byggingafélag**
Getur bætt við sig smiðum og verkamönnum í vinnu. Uppl. í s. 893 9722.

**Hellulagnir**
Lítið fyrirtæki vantar duglega og stundvísa menn. Æskilegt er að hafa einhverja reynslu af hellulögnum og annari jarðvinnu. Uppl. í s. 864 1220.

**Lager/útkeyrsla**
Ræstingaþjónustan sf. óskar eftir hraustum starfskrafti í tiltekt og útkeyrslu virka daga, ásamt öðrum störfum innanhúss. Viðkomandi þarf að vera með bílpróf, við góða heilsu og geta unnið sjálfstætt. Æskilegur aldur 40+. Um framtíðarstarf er að ræða. Nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofutíma í síma 587 3111.

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa. Góð laun í boði. Uppl. í s. 664 7408.

Afgreiðslufólk óskast. Dagvinna og hlutastörf. Mokka Kaffi Skólavörðustíg 3a. Sími 552 1174.

Starfsmaður óskast til verksmiðjustarfa, vaktavinna, góður vinnutími, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 697 3426.

**Bakarí**
Bakari óskast í bakarí Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370.

**Bakarí**
Starskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí/kaffihús, Skipholti, hálfan daginn og annan hvern laugardag. Uppl. í s. 820 7370.

Háseta og vélavörð til afleysinga vantar á 600 tonna línuskip frá Grindavík. Uppl. í s. 895 8906.

Skipstjóri með mikla reynslu á flest veiðarfæri, mest á línu, óskar eftir starfi sem fyrst í afleysingar eða fast starf sem stýrimaður eða skipstjóri. Svör sendist Fréttablaðinu Skaftahlíð 24 eða á smaar@visir.is merkt 483979.

**Kaffihús**
Óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu í kaffihús og bakarí. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524.

Óskum eftir vönum háseta á línubát með beitningavél sem gerður er út frá Reykjavík. Uppl. í s. 520 7300 & 892 5374.

Óskum eftir starfsfólki til heilsdags og hlutastarfa. Einnig til hutastarfa kvöld og helgar. Uppl. gefur verslunarstjóri í s. 551 0224 og í versluninni. Melabúðin Hagamel 39.

Veitingahús. Starfskraftur óskast í ca 85% vinnu, 10 dagar frá 7-14, 10 dagar frá 12-19 eða 20 dagar frá 12-19. Uppl. í s. 843 9950.

## Atvinna óskast

Sjómaður óskar eftir góðu plássi. Sími 868 0917.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön og vandvirk! Uppl. í síma 862 8460 eftir kl. 13.

24 ára kk. óskar eftir vinnu. Getur byrjað strax. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 866 3167, Bjarni Rúnar.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst; tvískiptar vaktir. Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**

90,9 | 98,9 BYLGJAN | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Útsalan er byrjuð
**Franska búðin – Du Pareil au meme**

Jakkaföt 25 % afsláttur
**Herrafataverslun Birgis**

Útsalan er hafin
**Belladonna**

Yfirhafnir 25 % afsláttur.
**Herrafataverslun Birgis**

Útsalan er hafin
**Rollingar Kringlunni**

Stakir jakkar 25 % afsláttur
**Herrafataverslun Birgis**

Útsalan 10-70 % afsláttur
**Lene Bjerre Bæjarlind 6**

Gjafavöruútsala
**Birkihíð Kópavogi**

Jólavöruútsala
**Birkihlíð Kópavogi**

Stakar buxur 25 % afsláttur
**Herrafataverslun Birgis**

Skiptibókamarkaður.
**Penninn-Eymundsson.**

Rita auglýsir!
Stórútsalan hafin.
**Rita tískuverslun**

Barnadansar.
**Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.**

Skiptibókamarkaður.
**Bókabúð Máls og Menningar.**

Fyrsti vinningur er tvöfaldur og gæti orðið 125 milljónir.
**Víkingalottó.**

Bókhaldsvörur á ótrúlegu verði!
Skrifstofuvörumarkaður Odda skrifstofuvara
**Suðurlandsbraut 14.**

Salsa.
**Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.**

Útsalan í fullum gangi. Opið til átta.
**Ikea.**

Gerðu góð kaup á skrifstofuvörumarkaði Odda Suðurlandsbraut 14.
**Oddi skrifstofuvörur.**

Tvöfaldur fyrsti vinningur gæti orðið 125 milljónir.
**Víkingalottó.**

Samkvæmisdansar.
**Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.**

Öðruvísi Vínartónleikar 8. janúar.
**Íslenska Óperan.**

Freestyle.
**Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.**

www.dansskóli.is
**Dansskóli Jóns-Péturs og Köru.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**
83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

**allt heilsa**
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# Berjarimi - m. bílskýli

**laus við kaupsamning**

Frum



Vorum að fá í einkasölu fallega velskipulagða útsýnisíbúð á 3. hæð í vönduðu nýl. máluðu fjölbýli á mjög góðum stað í Grafarvogi ásamt bílskýli. Parket, góðar innréttingar, sérþvottahús í íbúð. Mjög góð sameign. **Áhv. 8,2 millj. húsbréf. V. 19,7 millj./tilboð.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA **Síðumúla 27 – Sími 588 4477**
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*





**Eitt símtal**
550 5000



**Fimm miðlar**

# Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

98,9 Bylgjan · Létt 96,7 · Talstöðin FM 90,9 · vísir · Fréttablaðið

**Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna**


## Atvinna í boði.

Tækniteiknari, byggingafræðingur eða iðnfræðingur óskast sem fyrst til starfa hjá okkur.

**Sólark-Arkitektar**
Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, Sími 5612707,
arkitektar@solark.is


allt matur
**Alla föstudaga**


## SKJÓL

**HJÚKRUNARHEIMILI, KLEPPSVEGI 64**
**104 REYKJAVÍK**

**Hjúkrunarfræðingar !**
Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa. Einkum vantar á kvöld- og helgarvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

**Sjúkraliðar.**
Sjúkraliðar óskast til starfa á morgun- og kvöldvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

**Starfsfólk í aðhlynningu.**
Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra á morgun og kvöldvaktir. Starfshlutfall samkomulag

***Skjól** er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Að vinna við umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla. Góð starfsaðstaða. **Reyklaus vinnustaður.***

Nánari upplýsingar veitir
Aðalheiður Vilhjálmsdóttir hjúkrunarforstjóri
(alla@skjol.is) virka daga í síma 522-5600

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## MENNTASVIÐ-GRUNNSKÓLAR

### Grunnskólakennarar

**Víkurskóli, í síma 545-2700**
• Kennari óskast vegna forfalla í 70% stöðu á yngsta stigi.

**Langholtsskóli, í síma 553-3188/664-8280**
• Sérkennari eða almennur kennari með reynslu af sérkennslu óskast í 100% stöðu.

**Vesturbæjarskóli, í síma 562-2296**
• Umsjónarkennari óskast í 6. bekk frá byrjun febrúar 2006 vegna barnsburðarleyfis. Um er að ræða 100% stöðu.

**Hæfniskröfur:**
Kennarapróf
Hæfni í mannlegum samskiptum
Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

### Stuðningsfulltrúar

**Árbæjarskóli, í síma 567-2555**
• Stuðningsfulltrúi óskast í 70% stöðu í ótiltekin tíma vegna forfalla. Staðan er laus frá áramótum.

**Langholtsskóli, í síma 553-3188/664-8280**
• Stuðningsfulltrúi óskast í 75-80% stöðu.

**Helstu verkefni stuðningsfulltrúa eru:**
Að vera kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum

**Hæfniskröfur:**
Nám stuðningsfulltrúa æskilegt
Hæfni í samskiptum
Reynsla og áhugi á að vinna með börnum
Auðvelt að vinna í hópi

### Skólaliðar

**Álftamýrarskóli, í síma 570-8100**
• Skólaliði óskast.

**Árbæjarskóli, í síma 567-2555**
• Skólaliði óskast í 100% stöðu.

**Fellaskóli, í síma 557-3800**
• Skólaliði óskast í 50% stöðu.

**Háteigsskóli, í síma 530-4300**
• Skólaliðar óskast í tvær 50% stöður. Vinnutími er annarsvegar frá kl. 8-12 og hinsvegar frá kl. 9-13.

**Korpuskóli, í síma 411-7880**
• Skólaliði óskast í 50 til 100% stöðu.

**Réttarholtsskóli, í síma 553-2720**
• Skólaliðar óskast í 50-60% stöður.

**Selásskóli, í síma 567-2600**
• Skólaliði óskast í 100% stöðu.

**Víkurskóli, í síma 545-2700**
• Skólaliði óskast til starfa í mötuneyti.

**Helstu verkefni skólaliða eru:**
Að sinna nemendum í leik og starfi og að sjá um daglegar ræstingar ásamt tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**
Hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
Nákvæmni í vinnubrögðum

### Aðstoð í eldhús

**Árbæjarskóli, í síma 567-2555**
• Starfsmaður óskast í 100% stöðu í afgreiðslu í mötuneyti starfsmanna.

**Hæfniskröfur:**
Áhugi á matreiðslu
Snyrtimennska
Hæfni í mannlegum samskiptum

### Baðvarsla

**Fellaskóli, í síma 557-3800**
• Baðvörður óskast í íþróttahús í 100% stöðu í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur:**
Hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
Nákvæmni í vinnubrögðum

### Ræstingar

**Réttarholtsskóli, í síma 553-2720**
• Starfsmaður óskast í ræstingar síðdegis, um er að ræða hlutastarf.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.grunnskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## Menntasvið-Leikskólar

**Á leikskólum Reykjavíkurborgar starfar fólk sem nýtur þess að vinna á lifandi vinnustað þar sem ólíkir hæfileikar fá að njóta sín.**

## Deildarstjórar

**Bakki, Bakkastöðum 77.**
Upplýsingar veitir Ingibjörg E. Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 557-9270.

**Berg, við Kléberg Kjalarnesi.**
Upplýsingar veitir Valdís Ósk Jónasdóttir leikskólastjóri í síma 566-6039.

**Lyngheimar, við Mururima**
Um er að ræða afleysingu vegna barnsburðarleyfis.
Upplýsingar veitir Júlíana Hilmisdóttir leikskólastjóri í síma 567-0277

**Hraunborg, Hraunbergi 12**
Um er að ræða afleysingu vegna barnsburðarleyfis.
Upplýsingar veitir Sigurborg Sveinbjörnsdóttir leikskólastjóri í síma 557-9770.

**Helstu verkefni:**
Annast daglega verkstjórn á deildinni og er með yfirumsjón með faglegu starfi. Deildarstjóri tekur þátt í þróunarstarfi leikskólans og heldur utan um þjálfun nýrra starfsmanna.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði í starfi
Jákvæðni og áhugasemi
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## Leikskólakennarar/leiðbeinendur

**Árborg, Hlaðbæ 17**
Upplýsingar veitir Sigríður Þórðardóttir leikskólastjóri í síma 587-4150.

**Austurborg, Háaleitisbraut 70**
Upplýsingar veitir Guðrún Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 553-8545.

**Drafnarborg, Drafnarstíg 4**
Upplýsingar veitir Elín Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 552-3727.

**Funaborg, Funafold 42**
Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 587-9160.

**Grænaborg, Eiríksgötu 2**
Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi.
Upplýsingar veitir Gerður Sif Hauksdóttir leikskólastjóri í síma 551-4470.

**Hagaborg, Fornhaga 8**
Upplýsingar veitir Sigríður Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 551 0268.

**Heiðarborg, Selásbraut 56**
Upplýsingar veitir Emelía Möller leikskólastjóri í síma 557-7350.

**Hof, Gullteigi 19**
Upplýsingar veitir Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 553-9995.

**Hraunborg, Hraunbergi 12**
Um er að ræða 50% stöðu í stuðning inn á deild.
Upplýsingar veitir Sigurborg Sveinbjörnsdóttir leikskólastjóri í síma 557-9770.

**Jöklaborg, Jöklaseli 4**
Upplýsingar veitir Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 557-1099.

**Klambrar, Háteigsvegi 33**
Upplýsingar veitir Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólastjóri í síma 511-1125.

**Klettaborg, Dyrhömrum 5**
Upplýsingar veitir Lilja Eyþórsdóttir leikskólastjóri í síma 567-5970.

**Kvarnaborg, Árkvörn 4**
Upplýsingar veitir Sigrún Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 567-3199.

**Lyngheimar, við Mururima**
Upplýsingar veitir Júlíana Hilmisdóttir leikskólastjóri í síma 567-0277

**Rauðaborg, Viðarási 9**
Upplýsingar veitir Ásta Birna Stefánsdóttir leikskólastjóri í síma 567-2189.

**Rofaborg, Skólabæ 6**
Upplýsingar veitir Þórunn Gyða Björnsdóttir leikskólastjóri í síma 567-2290 og 587-4816.

**Seljakot, Rangárseli 15**
Upplýsingar veitir Sigríður K. Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 557-2350.

**Sólbakki, Stakkahlíð 19**
Upplýsingar veitir Sigfríður Marinósdóttir leikskólastjóri í síma 552-2725.

**Sólhlíð, Engihlíð 8**
Upplýsingar veitir Elísabet Auðunsdóttir leikskólastjóri í síma 551-4870.

**Sunnuborg, Sólheimum 19**
Upplýsingar veitir Hrefna Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 553-6385.

**Völvuborg, Völvufelli 7**
Upplýsingar veitir Regína Viggósdóttir leikskólastjóri í síma 557-3040.

**Ægisborg, Ægisíðu 104**
Upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen leikskólastjóri í síma 551-4810.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með t.d. myndlistar-leiklistar- tónlistarmenntun og/eða reynslu af starfi með börnum.

**Helstu verkefni:**
Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna og fylgist með velferð þeirra. Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs. Stuðlar að góðu samstarfi bæði við samstarfsmenn og foreldra barnanna.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði í starfi
Jákvæðni og áhugasemi
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## Sérkennsla

**Funaborg, Funafold 42**
Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 587-9160.
Um er að ræða 70% stöðu.

**Klambrar, Háteigsvegi 33**
Upplýsingar veitir Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólastjóri í síma 511-1125
Um er að ræða 50% stöðu í afleysingu.

**Seljakot, Rangárseli 15**
Upplýsingar veitir Sigríður K. Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 557-2350.

**Helstu verkefni:**
Að skipuleggja sérkennslu á deildinni í samráði við leikskólastjóra. Vinnur að frumgreiningu, veitir ráðgjöf, fræðslu og vinnur í nánu samstarfi við foreldra, samstarfsfólk og sérfræðinga.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólasérkennari, þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg
Færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
Nákvæmni í starfi

## Matráður

**Hulduheimar, Vættaborgum 11**
Upplýsingar veitir Bryndís Markúsdóttir leikskólastjóri í síma 586-1870.
Um er að ræða tímabundna 75-100% stöðu vegna forfalla.

**Seljakot, Rangárseli 15**
Upplýsingar veitir Sigríður K. Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 557-2350.

**Sólbakki, Stakkahlíð 19**
Upplýsingar veitir Sigfríður Marinósdóttir leikskólastjóri í síma 552-2725.

**Helstu verkefni:**
Skipuleggur og annast matreiðslu, sér um innkaup á hráefnum. Hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsinu.

**Hæfniskröfur:**
Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
Góð þekking á næringarfræði
Þekking á rekstri
Hæfni í mannlegum samskiptum

## Aðstoð í eldhús

**Hraunborg, Hraunbergi 12**
Upplýsingar veitir Sigurborg Sveinbjörnsdóttir leikskólastjóri í síma 557-9770.

**Klettaborg, Dyrhömrum 5**
Um er að ræða tímabundið starf í janúar, vinnutími getur verið sveigjanlegur.
Upplýsingar veitir Lilja Eyþórsdóttir leikskólastjóri í síma 567-5970.

**Lyngheimar, við Mururima**
Upplýsingar veitir Júlíana Hilmisdóttir leikskólastjóri í síma 567-0277

**Ægisborg, Ægisíðu 104**
Um er að ræða 50% stöðu.
Upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen leikskólastjóri í síma 551-4810.

**Helstu verkefni:**
Aðstoðar við matreiðslu, annast frágang og þrif í eldhúsi.

**Hæfniskröfur:**
Áhugi á matreiðslu
Snyrtimennska
Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

## TOPP 5: COCTEAU TWINS



**1. Treasure (1984).** Meðlimir hljómsveitarinnar hafa aldrei verið neitt sérlega ánægðir með plötuna. Er samt sem áður yfirleitt talin þeirra helsta plata. Öll lagaheitin á plötunni eru nöfn á persónum.
**2. Blue Bell Knock (1988).** Fyrsta plata Cocteau Twins sem gefin var út í Bandaríkjunum. Fyrsta plata hljómsveitarinnar þar sem hún var í sinni eðlilegu mynd, það er að segja með Robin Guthrie, Elizabeth Fraser og Simon Raymonde, síðan Treasure kom út.
**3. Head Over Heals (1983).** Hljómsveitin var á þessum tíma dúó, því stofnmeðlimur hljómsveitarinnar Will Heggie, hafði nýhætt í hljómsveitinni og Simon Raymonde hafði enn ekki hafið störf með sveitinni. Platan sem kom hljómsveitinni á kortið í Bretlandi og hafði gríðarleg áhrif á tónlistarstefnur sem eftir komu, til dæmis Shoegaze og Twee Pop.
**4. Heaven or Las Vegas (1990).** Seinasta plata sveitarinnar undir merkjum 4AD. Sú plata sem hefur náð hvað hæst inn á vinsældalista víða um heim, til dæmis sjöunda sæti í Bretlandi. Margir textar Fraser fjalla um nýfætt barn hennar.
**5. Victorialand (1986).** Raymonde tók ekki þátt í gerð plötunnar þar sem hann var að vinna að plötu með The Mortal Coil. Richard Thomas úr Dif Juz spilaði hins vegar lítillega með þeim á plötunni. Náði í tiunda sæti breska vinsældalistans. Victorialand er svæði á Suðurskautslandinu.

## SJÓNARHORN



Rigning í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## HVUNNDAGURINN:
### *Alltaf nóg að gera*

„Mér finnst það æðislegt að labba í vinnuna og reyni að gera það sem oftast en get það ekki alltaf," segir Yesmine Olsson, sem hefur verið áberandi í íslenskum skemmtanabransa undanfarin ár.

„Ég byrja nú samt snemma af því ég er einkaþjálfari og er oft komin í vinnuna klukkan 7 eða 8 á morgnana. Svo vinn ég sem einkaþjálfari í Laugum hálfan daginn, og æfi sjálf ef ég er í stuði. Seinnipartinn, ef það eru einhverjar sýningar í gangi þá reyni ég að undirbúa þær eftir hádegi, en það er alltaf eitthvað í gangi. Svo á kvöldin, þá eru oftast æfingar fyrir þessar sýningar. Ég var alltaf með þriggja klukkustunda dans í Kramhúsinu, en verð að taka mér smá pásu frá því núna því það er svo mikið að gera," segir Yesmine sem er á leið til Rúmeníu í lok febrúar til að taka þátt í Fitness Woman World Grandprix keppninni fyrir Íslands hönd.

Aðspurð hvort hún hafi gaman af starfi sínu, svarar hún játandi. „Annars myndi ég ekki nenna þessu, það er allt of mikið að gera til þess að hafa ekki gaman af því," segir Yesmine.



YESMINE OLSSON. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.





## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 5.654 +2,16%

Fjöldi viðskipta: 607
Velta: 6.316 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

Íslandsbanki +4,05%
Landsbankinn +3,16%
KB banki 2,28%

**MESTA LÆKKUN**

Icelandic Group -0,52%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 50,20 +0,80% ... Atorka 6,4 +0,00% ... Bakkavör 51,40 +1,00% ... Dagsbrún 6,03 +0,50% ... FL Group 19,40 +1,60% ... Flaga 4,61 +0,00% ... Íslandsbanki 18,00 +4,10% ... KB banki 763,00 +2,30% ... Kögun 61,40 +0,00% ... Landsbankinn 26,10 +3,20% ... Marel 65,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 19,10 +1,60% ... SÍF 4,09 +0,30% ... Straumur-Burðarás 16,10 +1,30% ... Össur 116,00 +1,80%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fylkin hækka lágmarkslaun

Þrátt fyrir að ná ekki í gegnum Bandaríkjaþing hafa 18 ríki nú þegar hærri lágmarkslaun en alríkislög kveða á um. Lágmarkslaun í Bandaríkjunum eru 5,15 dollarar á klukkutímann en þingið hefur ekki hækkað þau í tæpan áratug síðan launin voru hækkuð úr 4,75 í 5,15 dollara. Þingmenn úr hópi repúblikana hafa hingað til stoppað frumvörpin á leið sinni í gegnum þingið.

Miklar deilur hafa staðið um lágmarkslaun í Bandaríkjunum síðan Franklin D. Rosewelt kom þeim á árið 1938. Íhaldssamir hagfræðingar og fyrirtækjasamtök halda því fram að lög um lágmarkslaun sé óæskilegt inngrip ríkisvaldsins sem skekki markaðinn fyrir vinnuafl. Lágmarkslaun hafi keðjuverkandiáhriftilhækkunar upp allan launaskalann. Lög um lágmarkslaun bitni verst á ófaglærðu og ungu starfsfólki án reynslu.

Talsmenn þeirra sem vilja hækka lágmarkslaun segja að verðbólga hafi rýrt launin það mikið síðustu níu ár að kaupmáttur lágmarkslauna hafi ekki verið minni síðan 1955. Varðandi það að hækkun lágmarkslauna auki atvinnuleysi benda menn á Oregon fylki, en þar eru lágmarkslaun þau hæstu í landinu eða 7,25 dollara á klukkustund. Þar hafi störfum fjölgað helmingi meira en í öðrum fylkjum Bandaríkjanna. ■






**T.S. ELIOT (1888-1965) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Í dag felast viðskipti í því að sannfæra fjöldann."*

***T.S. Eliot var breskt skáld, leikritaskáld og bókmenntafræðingur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 4. JANÚAR 1785

## *Grimm bróðir kemur í heiminn*

Á þessum degi árið 1785 fæddist eldri Grimm-bróðirinn, Jakob, í Hanau í Þýskalandi. Yngri bróðir hans Vilhelm fæddist árið eftir. Sem ungir menn aðstoðuðu þeir bræður vini sína sem rannsökuðu þjóðlög og texta. Einum höfundanna þótti mikið koma til verka þeirra bræðra og hvatti þá til að gefa út eitthvað af þeim þjóðsögum sem þeir höfðu safnað. Þjóðsagnasafnið kom síðar út í mörgum bindum á árunum 1812 til 1822 og varð síðar þekkt sem Grimmsævintýrin. Meðal þeirra ævintýra sem þar birtust voru Hans og Gréta, Mjallhvít, Rauðhetta, Þyrnirós og sagan um dverginn Rumpelstiltskin.



Jacob hélt áfram að rannsaka sögur og tungumál og gaf út áhrifamikla bók um þýska málfræði. Árið 1829 urðu Jakob og Vilhelm bókasafnsfræðingar og prófessorar við háskólann í Gottingen. Árið 1940 urðu þeir félagar í konunglegu vísindaakademíunni. Þeir bræður hófu þá gerð mikillar orðabókar en Vilhelm lést 1859 þegar þeir voru komnir að bókstafnum D. Jakob lést aðeins ári síðar og hafði þá aðeins komist í F. Aðrir luku gerð orðabókarinnar, sem kom út mörgum árum síðar.

**JAKOB OG VILHELM GRIMM**

## MERKISATBURÐIR

**1877** Ríkasti maður heims á þessum tíma, Cornelius Vanderbilt, andast.

**1917** Ríkisstjórn Jóns Magnússonar tekur við völdum en þetta er fyrsta íslenska ráðuneytið.

**1958** Edmund Hillary kemur á suðurpólinn.

**1967** Donald Campbell lætur lífið þegar hann reynir að setja hraðamet á vatni.

**1974** Nixon Bandaríkjaforseti neitar að afhenda upptökur sem tengjast Watergatemálinu.

**1989** Stórbruni verður á Réttarhálsi 2 í Reykjavík þar sem Gúmmívinnustofan hf. og önnur fyrirtæki eru til húsa.

**1994** Samið er við Bandaríkjamenn um samdrátt í rekstri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

---

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Vilhjálmsdóttir**

lést að kvöldi 31. desember síðastliðins.

| | |
|---|---|
| Jósef Magnússon | Rut Magnússon |
| Guðríður Helga Magnúsdóttir | Þórir Ragnarsson |
| Jakob Magnússon | Valgerður Jóhannsdóttir |

ömmubörn og langömmubörn.

---



*Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,*

**Pétur Sigurðsson**

frá Grundarfirði,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 13. Fyrir hönd afkomenda,

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Pétursdóttir | Magnús Karl Pétursson |
| Halldóra Karlsdóttir | |
| Kristján Pétursson | Erla Magnúsdóttir |
| Sigrún Pétursdóttir | Björn Ólafsson |
| Sigurður Kr. Pétursson | Helga Magnúsdóttir |
| Sigþór Pétursson | Colleen Mary Pétursson |

---



*Ástkær sonur minn, faðir, afi, bróðir og vinur,*

**Þórnýr Heiðar Þórðarson**

Hátúni 12

lést 26. desember og verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 15. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Aðalheiður Þorsteinsdóttir,Trausti Már Þórnýsson, Elín Rós Traustadóttir, Móna Traustadóttir, Guðrún Jóhanna Þórðardóttir, Þorsteinn Víðir Þórðarson, Hlynur Smári Þórðarson, Sigríður Gunnarsdóttir.**

Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Sjálfsbjargar.

---



*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, systir, tengdamóðir og amma*

**Bjarnfríður H. Guðjónsdóttir**

(Fríða), Orrahólum 7, Reykjavík

verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Lára Hjartardóttir | |
| Ester Gísladóttir | Haukur Barkarson |
| Eyrún Helga Jónsdóttir | Sigurður Sigurðsson |
| Elva Rut Jónsdóttir | |
| Erna Ósk Guðjónsdóttir | |
| Þórdís M. Guðjónsdóttir | Margeir Elentínusson |
| Lára Samira Benjnouh | Yann Le Pollotek |

**Telma Rún, Mikael Elí og Sóley Nadía**

---

**ÓLAFUR SIGURÐSSON:** LÆTUR AF STÖRFUM EFTIR ÁRATUGASTARF HJÁ RÚV

# Lætur sér aldrei leiðast



**VANUR MAÐUR** Ólafur Sigurðsson er alls ekki óvanur því að láta sminka sig fyrir útsendingu. Hér er hann ásamt Báru Alexandersdóttur, sminku hjá NFS, áður en hann kom fram í Fréttavaktinni eftir hádegi með Þorfinni Ómarssyni, enda hefur brotthvarf hins kunna fréttamanns vakið nokkra athygli. FRETTABLADID/GVA

„Ég mun sakna þess að umgangast fólk og fréttir en ég ætla ekkert að setjast niður og láta mér leiðast," segir hinn kunni fréttamaður Ólafur Sigurðsson sem lét af störfum sem varafréttastjóri Sjónvarps nú um áramótin. Ólafur hefur verið viðriðinn fréttamennsku lengi. Hann var blaðamaður á Vísi árið 1961 til 1963 en hefur lengstan tíma starfað hjá Ríkisútvarpinu. Hann var fyrst fréttamaður á RÚV árið 1974 til 1975 og aftur 1977 til 1981. Þá færði hann sig yfir í Sjónvarpið þar sem hann hefur starfað æ síðan, fyrst sem fréttamaður og sem varafréttastjóri frá 1988.

Ólafur hefur því starfað hjá Sjónvarpinu í tæpan aldarfjórðung og á þeim tíma hafa orðið gríðarlega miklar breytingar. Þær stærstu segir Ólafur vera fjölgun starfsmanna. „Þegar ég byrjaði þarna voru fjórir innlendir fréttamenn, ég var einn af þeim, og tveir á vakt í einu. Tveir erlendir fréttamenn, einn á vakt í einu. Þetta var heildarstarfsliðið," rifjar Ólafur upp, sem hefur ekki fullmótað skoðun sína á því hvað hann ætli að taka sér fyrir hendur næst. Hann íhugar þó að rita niður eitthvað um það sem hann hefur fjallað um á síðustu árum. „Ég er við þokkalega heilsu og líður vel. Viðbrigðin verða fyrst og fremst þau að ég hef undanfarin fjörutíu ár unnið á stórum vinnustað þar sem er mikið af fólki og ég mikið á ferðinni. Það verður breyting en ég kvíði ekki fyrir því," segir Ólafur keikur enda hefur hann aldrei látið sér leiðast. „Að láta sér leiðast er líka ákvörðun," segir hann glettinn.

Inntur eftir áhugamálum segist Ólafur ekki eiga nein eiginleg hobbí. „Það er mjög langur listi yfir það sem ég geri ekki. Ég spila ekki bridds, spila ekki skák, veiði ekki lax, á ekki hesta og spila ekki golf og ég ætla ekki að byrja á neinu af þessu," segir hann og hlær. „Ég hef gaman af að tala við fólk og svo les ég mikið. Í stöðugt minnkandi mæli les ég bækur en í vaxandi mæli tímarit," segir Ólafur sem er áskrifandi að mörgum tímaritum sem fáir þekkja, en inn á heimili hans og eiginkonu hans, Albínu Thordarson arkitekts, koma um fjörutíu tímarit á mánuði.

---



*Elskulegur sonur minn og bróðir,*

**Kristinn Sólberg Jónsson**

Laugavegi 144, Reykjavík,

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Guðmundsson**

**Nikólína Jónsdóttir og Snorri Jónsson**

Aðstandendur Kristins vilja þakka öllum þeim er auðsýndu þeim samúð og hlýhug við andlát hans og útför. Guð blessi ykkur öll.

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Tómas Tómasson**

frá Helludal,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, aðfaranótt 31. desember.

| | |
|---|---|
| Tómas Tómasson | Guðríður Guðbjartsdóttir |
| Kristófer Arnfjörð Tómasson | Sigrún Jóna Sigurðardóttir |

**og barnabörn.**

---

## ANDLÁT

**Fjóla Leósdóttir**, Reykjasíðu 7, Akureyri, lést þriðjudaginn 27. desember.

**Jón Bergmann Guðmundsson,** fyrrverandi bóndi á Breið, lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki fimmtudaginn 29. desember.

**Dagur Hermannsson**, Snægili 6, Akureyri, lést á heimili sínu föstudaginn 30. desember.

**Margrét Sveinbjörnsdóttir**, Víðilundi 25, Akureyri, lést á heimili sínu föstudaginn 30. desember.

**Ingibjörg Vilhjálmsdóttir** lést að kvöldi laugardagsins 31. desember.

**Níels Helgi Jónsson**, Birkihlíð 14, Reykjavík, lést laugardaginn 31. desember.

**Tómas Tómasson** frá Helludal andaðist á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, aðfaranótt laugardagsins 31. desember.

**Elín Björg Gísladóttir** frá Naustakoti á Vatnsleysuströnd lést á Sólvangi, Hafnarfirði, á nýársnótt.

**Ástdís Stefánsdóttir**, áður Smiðsgerði, Skagafirði, lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki aðfaranótt 1. janúar.

## AFMÆLI

**Davíð Scheving Thorsteinsson** athafnamaður er 76 ára.

**Gunnar Þórðarson** tónlistarmaður er 61 árs.

**Steingrímur Guðmundsson** tónlistarmaður er 48 ára.

**Páll Axel Vilbergsson** körfuknattleiksmaður er 27 ára.

## JARÐARFARIR

**11.00** **Einar Guðnason** viðskiptafræðingur verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**11.00** **Sigríður Svava Kristinsdóttir**, Espilundi 5, Garðabæ, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju.

**13.00** **Elísabet Jóhanna Sigurbjörnsdóttir (Hanna Beta)**, Gnoðarvogi 20, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

**13.00** **Ingimundur Ólafsson** kennari, Langholtsvegi 151, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**13.00** **Sólveig Ósk Sigurðardóttir**, Veghúsum 31, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

**13.00** **Þorleifur Hólm Gunnarsson**, Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

**14.00** **Kristgerður Þórðardóttir**, Skagabraut 25, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

**15.00** **Aðalbjörg S. Guðmundsdóttir** frá Mosfelli, Hlíðarvegi 46, Kópavogi, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1643** Isaac Newton vísindamaður.

**1710** Giovanni Battista Pergolesi tónskáld.

**1809** Louis Braille, sem fann upp blindraletrið.


ÚTSALA
30%
afsláttur af völdum
hlýjum, mjúkum
og góðum vörum
í verslunum okkar
66°
NORÐUR
Klæddu þig vel
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - Akureyri: Glerárgata 32

**Frönskunámskeið**

**Hefjast 16. janúar**

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Nettang: alliance@simnet.is

**Innritun í síma 552 3810. 2.-13. janúar.**


# STUÐ MILLI STRÍÐA Bómullarís í tívolí

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** MINNIST SÍÐASTA ÁRS HUNDSINS



Þá hefur ár hundsins samkvæmt kínverskri stjörnuspá litið dagsins ljós á ný. Hundurinn er tengdur við góðvild og heppni svo þetta ætti alls ekkert að verða neitt slæmt. Það þótti góður fyrirboði í Kína til forna ef ókunnur hundur elti mann heim og átti að fylgja honum mikil gæfa. Einnig var talið að fólk hefði að einhverju leyti lík karaktereinkenni og dýr fæðingarárs þess. Ég verð að fá að vera ósammála þessu þar sem ég er fædd á ári svínsins.

Síðasta ár hundsins var árið 1994. Þá var ég ellefu ára og var ennþá proffi með gleraugu. Nördi jafnvel. Furðulegt hvað maður man lítið frá æskunni. Ég gæti ekki sagt ykkur frá mörgu sem ég gerði þetta ár en ég man þó að ég fór til Danmerkur með mömmu og fór í tívolí og fékk kandíflos. Eða bómullarís eins og systir mín, sem var einmitt tveggja ára þá, kallaði hann.

Ég var með sítt hár niður á mjóbak og hafði litlar sem engar áhyggjur af útlitinu. Mér fannst Elvis æðislegastur í heiminum og var í Elvis-klúbbi með vinkonum mínum. Við fórum reglulega á Hardrock og borðuðum hamborgara og báðum um óskalög. Lugum því að við ættum afmæli svo við fengjum ís. Hlustuðum á Gest Einar Jónasson á Rás 2 því hann var sá eini sem spilaði lög með kónginum í hverjum þætti.

Annars held ég að þetta hundsár verði ekkert síðra en það seinasta. Til dæmis þá á ég núna hund sem er alveg sérlega við hæfi í ár og ætti að veita mér jafnvel meiri gæfu. Ég elska ennþá Elvis en nördalúkkið hefur hægt og sígandi verið að flagna af mér þó svo að það fari nú sennilega aldrei alveg. Allavega verður alltaf svolítill nördi inni í mér og það er bara gott. En ég er þó ekki lengur með gleraugu og ekki lengur kölluð Bogga proffi. Það er alltaf jákvætt held ég....





Heimsferðum er það sönn ánægja að bjóða eitt glæsilegasta skíðasvæði Austurríkis, Flachau, í hjarta Ski-amadé svæðisins í Salsburg-hérðaði. Þaðan liggja leiðir inn á eitt stærsta skíðasvæði Austurríkis, sem er snjóöruggt með góðum brekkum af öllu tagi og net af afbragðslyftum tryggir skíðamönnum það besta sem völ er á. Með einum skíðapassa er hægt að ferðast á milli 5 svæða með 25 þorpum, 865 km. af brekkum og 276 lyftum af öllu tagi. Brettafólk er velkomið á öllu svæðinu og þar er 1,5 km löng flóðlýst brekka, brettaskemmtigarður og þjónusta við brettafólk. Heimsferðir bjóða einnig skíðaferðir til eins vinsælasta skíðabæjar í austurrísku ölpunum, Zell am See. Í boði eru gistiheimili og góð þriggja og fjögurra stjörnu hótel í hjarta Zell, rétt við skíðalyfturnar, veitingastaði, verslanir og kvöldlífið. Í Zell er afbragðs aðstaða fyrir alla skíðamenn. 56 lyftur eru á svæðinu og hægt er að velja um allar tegundir af brekkum, allt eftir getu hvers og eins og snjóbretti og gönguskíði eru þar ekki undanskilin.

**Frá 39.990 kr.**
Flugsæti með sköttum. Netverð.

**Frá 66.390 kr.**
Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á gististað „án nafns“, í Zell am Zee/Schüttdorf, 4. eða 11. feb., vikuferð með morgunmat.

ENNEMM / SIA / NM18903

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík, sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099
Hafnarfjörður, sími 510 9500 • www.heimsferdir.is


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 |
| 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 3 |
| 1 | 2 | 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 4 | 5 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 3 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 |
| 2 | 1 | 5 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | 2 | 5 | |
| 1 | 2 | 4 | | | | | 9 | |
| 8 | | | | | 2 | | 4 | |
| | | 9 | | 6 | | | | |
| 2 | | | 3 | | 4 | | | 9 |
| | | | | 2 | | 3 | | |
| | 3 | | 4 | | | | | 2 |
| | 4 | | | | | 7 | 6 | 8 |
| | 7 | 2 | | 5 | | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ SECURITAS

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Hvað dreymir þig um að eignast?
Aðeins
13,35%
vextir
Óvenju hagstætt lán...
...fyrir hverju sem er
Sæktu um lán...
www.s24.is
Helstu kostir:
Betri vextir, aðeins 13,35%* óverðtryggðir og breytilegir
Lægra lántökugjald, aðeins 1%
Lán til allt að 8 ára
Engin lágmarksupphæð
Þú þarft ekki að byrja að borga af láninu fyrr en eftir 3 mánuði. Fyrsta greiðsla er einungis vaxtagreiðsla, síðan byrja venjulegar afborganir
Þú þarft ekki að vera í viðskiptum hjá S24 til þess að fá lán
S24
...og þú hagnast
533 2424 – Sætún 1
* Miðað við vaxtatöflu S24 11. 12. 2005 • Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar • Tilboð þetta gildir til 20. 01. 2006.

**Kl. 17.30**

*Hvað er betra en að fagna nýju ári með hressilegum hlátri. Fyrsta hláturæfing **Hláturkætiklúbbsins** á nýju ári verður í dag í fundarsal heilsumiðstöðvarinnar Maður lifandi, Borgartúni 24. Hláturæfingar eru haldnar vikulega og standa í hálfa klukkustund. Ekki þarf að skrá sig sérstaklega í klúbbinn né heldur að skuldbinda sig til að mæta á æfingar.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Carmen og Ronja koma

Ásgerður Júníusdóttir verður hin blóðheita Carmen í sýningu Borgarleikhússins á söngleik, sem byggður er á hinni frægu óperu Bizets. Söngleikurinn verður frumsýndur 14. janúar á stóra sviði leikhússins.

Þetta verður sannkölluð stórsýning sem sett er upp í samvinnu við Íslenska dansflokkinn. Á sviðinu verða tíu leikarar, átta dansarar og sex manna hljómsveit.

Sveinn Geirsson mun leika Don José, Erlendur Eiríksson leikur Excamillo og með önnur hlutverk fara Bergur Þór Ingólfsson, Birna Hafstein, Guðmundur Ólafsson, Marta Nordal, Kristjana Skúladóttir, Pétur Einarsson og Theódór Júlíusson. Leikstjóri er Guðjón Pedersen.

Önnur stór persóna mætir á stóra sviðið tólfta febrúar, en þar er á ferðinni sjálf Ronja ræningjadóttir sem Arnbjörg Hlíf Valsdóttir ætlar að leika. Í þessari sýningu, sem byggð er á síðustu bók Astrid Lindgren, fer Friðrik Friðriksson með hlutverk Birka Borkasonar, en foreldra Ronju leika Þórhallur Sigurðsson og Sóley Elíasdóttir. Eggert Þorleifsson leikur Skalla-Pétur.



Hljómsveitina skipa þeir Agnar Már Magnússon á harmoniku. Ólafur Jónsson og Óskar Guðjónsson á saxófóna, Ásgeir Ásgeirsson á gítar-tambura, Erik Qvick á trommur og slagverk, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet, Róbert Þórhallsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa.

Leikstjóri er Sigrún Edda Björnsdóttir.

## > Ekki missa af ...

... stórtónleikum Náttúrufélags Íslands í Laugardalshöll á laugardaginn þar sem **Ham, Trabant, Magga Stína, Múm, Sigur Rós, Hjálmar, KK, Rass, Björk, Zeena Parkins, Ghostigital, Damon Albarn, Egó** og fleiri sýna í verki hug sinn til náttúru Íslands.

... hádegistónleikum **Hlífar Pétursdóttur** sópransöngkonu og **Antoniu Hevesi** píanóleikara í Hafnarborg á fimmtudaginn, þar sem þær ætla að flytja franska og freistandi dagskrá.

... lokahófi í sýningarýminu Suðsuðvestur í Keflavík á þrettándanum. Þar hefur hljómsveitin **Hellvar** gert sig heimakomna með allar sínar græjur og tekið upp nýja tónlist.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 örfá sæti laus, 9. sýn. sun. 8/1 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 12/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 14/1 örfá sæti laus, fös. 20/1, lau. 21/1, fös. 27/1.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fös. 6/1 örfá sæti laus, lau. 7/1 **kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 8/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1, lau. 14/1, fös. 20/1, lau. 21/1.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið

SALKA VALKA
Su 8/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20
Fi 26/1 kl. 20 SÝNINGUM FER FÆKKANDI

WOYZECK
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
Su 8/1 kl. 14 Su 15/1 kl. 14
Lau 21/1 kl. 14 Su 22/1 kl. 14

CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Gul kort
Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort
Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort

Nýja svið/Litla svið

MANNTAFL
Su 8/1 kl. 20 Lau 14/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í FEBRÚAR!

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
EFTIR GARY OWEN.
Í SAMSTARFI VIÐ STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚT
Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Fö 13/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20

Naglinn
e. Jón Gnarr í samstarfi við 540 Gólf leikhús
Fö 20/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 21 /1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20
Lau 28/1 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN** Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sannkölluð flugeldasýning þar sem búast má við óvæntum innskotum hvenær sem er.

# Vínartónlist er vandasöm

**Færri komast að en vilja á hina árlegu Vínartónleika Sinfóníunnar, þrátt fyrir að tónleikarnir verða haldnir fjórum sinnum þetta árið. Mörgum finnst jafn ómissandi að fara á Vínartónleika til að fagna nýju ári og að skjóta upp flugeldum.**

„Johann Strauss var álíka heitur og Snoop Dog eða Eminem í dag, nú eða Bubbi. Nýrra tónsmíða frá Strauss var beðið með eftirvæntingu og konurnar kiknuðu í hnjánum yfir yfirvaraskegginu."

Þetta segir Eggert Pálsson, slagverksleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eggert stundaði á sínum tíma nám í Vínarborg og fékk þar Vínartónlistina beint í æð.

„Þeir sem hafa verið í námi í Austurríki komast ekki hjá því að kynnast þessari tónlist, rétt eins og þeir sem hafa verið í Skotlandi kynnast sekkjapípum. Það er bara svoleiðis."

Eggert stígur á sviðið í Háskólabíói í kvöld ásamt félögum sínum í Sinfóníuhljómsveitinni til þess að flytja glæsilega Vínardagskrá fyrir prúðbúna gesti. Stjórnandi á tónleikunum er Austurríkismaðurinn Peter Guth, sem er að koma hingað til lands í tíunda sinn til þess að stjórna Vínartónleikum Sinfóníunnar. Einsöngvari tónleikanna verður karlmaður í þetta sinn, Anton Scharinger, sem einnig er Austurríkismaður.

Eggert segir miklu muna að fá til liðs við hljómsveitina menn sem þekkja vel til Vínartónlistarinnar því það er engan veginn sama hvernig hún er flutt.

„Þótt þessi tónlist sé í eðli sínu mjög einföld er ákaflega snúið að spila hana vegna þess að hún krefst mikils léttleika og natni hljóðfæraleikaranna."

Þótt hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit séu þaulvanir nótnalestri dugar jafnvel það ekki til þegar flytja þarf Vínartónlistina.

„Maður þarf að lesa þetta með allt öðrum augum. Til dæmis eru allar nótur styttar og ekki endilega alltaf jafnt í takti og þá þurfa líka allir að vera sammála um hvernig þetta á að vera."

Til eru ógrynnin öll af tónlist sem flokka má til Vínartónlistar og á tónleikum Sinfóníunnar í ár verður boðið upp á fjölmarga gullmola eftir tónskáld á borð við Offenbach, Adolph Müller, Emmerich Kálmán, Ludvig Gruber og fleiri, að ógleymdum feðgunum Strauss.

„Mikið af þeim anda sem einkennir tónlistina er að finna í samfélaginu í Vín. Það gengur mjög mikið út á elegans og svo snerpu í húmor og öðru. Þetta voru líka umbrotatímar og það kemur svolítið fram í tónlistinni. Menn voru að skrifa polka og valsa af öllu möguleg tilefni," segir Eggert og nefnir sem dæmi komu símans eða þegar lestirnar voru að ryðja sér til rúms. „Það má finna polka eða valsa fyrir nánast hvaða tilefni sem er. Svo geta komið krassandi innskot eins og oft má sjá á Vínartónleikum, því við erum með grín og gaman sem oft kemur mjög á óvart. Slegið er í steðja eða skotið af haglabyssu og guð má vita hvað. Þetta gerir tónlistina svolítið óvænta og sjarmerandi."

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 19.30 og verða þeir endurteknir á sama tíma á fimmtudags- og föstudagskvöld. Fjórðu og síðustu tónleikarnir í ár verða svo á laugardaginn kemur klukkan 17. ■


ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga-föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

1 2 3 **4** 5 6 7

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Austurríski bassabarítónsöngvarinn **Anton Scharinger** syngur á Vínartónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói. Stjórnandi verður **Peter Guth**. Þetta eru fyrstu tónleikarnir af fernum.

### SAMKOMUR

☐ 17.30 Fyrsta **hláturæfing Hláturkætiklúbbsins** á nýju ári verður í fundarsal heilsumiðstöðvarinnar Maður lifandi, Borgartúni 24.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


BRYNJA
BJÖRK
NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006
ÁRIÐ 2006 BYRJAR AF KRAFTI Á SIRKUS. VIÐ KYNNUM 20 NÝJA ÞÆTTI, EN Á MEÐAL ÞEIRRA ERU VINSÆLUSTU ÞÆTTIR HEIMSINS Í DAG. INNLENDA DAGSKRÁRGERÐIN ER SVO Í HÖNDUM FERSKASTA HÆFILEIKAFÓLKS LANDSINS.
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is








# Helmingur Smiths aftur saman á svið

Hin goðsagnakennda hljómsveit The Smiths, sem lagði upp laupana árið 1987, hefur ákveðið að koma aftur fram - eða helmingur hennar að minnsta kosti. Þetta kemur fram á tónlistarvefnum dotmusic.com.

Johnny Marr, gítarleikari sveitarinnar og bassaleikarinn Andy Rourke hafa ákveðið að snúa bökum saman og leika opinberlega saman í fyrsta sinn í tæpa tvo áratugi. Munu þeir fara fyrir fríðu föruneyti tónlistarmanna frá Manchester á góðgerðartónleikum sem ætlað er að safna fé fyrir sjúkrahús í borginni. Marr kveðst hafa viljað óður og uppvægur taka þátt þegar hann heyrði af tónleikunum sem Rourke skipuleggur.

Á heimasíðum sem helgaðar eru hljómsveitinni hafa verið miklar bollaleggingar þess efnis að jafnvel muni söngvarinn sjálfur, Morrissey, stíga á svið með félögum sínum, en því neita aðstandendur tónleikanna.



**MORRISEY** Aðdáendur hljómsveitarinnar gera sér vonir um að hann komi líka fram en því neita skipuleggjendur.

Hljómsveitin Smiths gaf út fjórar plötur á fimm ára ferli á 9. áratugnum. Tónleikarnir verða haldnir 28. janúar og meðal þeirra sem koma fram eru New Order, Badly Drawn Boy og Doves.






**BRAD OG ANGELINA** Frægasta par kvikmyndaborgarinnar er loksins komið út úr skápnum en News of the World greinir frá óléttu Jolie í nýársblaði sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Ofurfjölskylda í fæðingu

**Árið 2005 hófst með fréttum af skilnaði Brads Pitt og Jennifer Aniston. Það er því ekki úr vegi að hefja árið 2006 með fréttum af Brad Pitt og Angelinu Jolie en breska götublaðið News of the World heldur því fram að Jolie gangi með barn undir belti.**

Fréttin birtist í nýárshefti blaðsins og hafa blaðamenn þess, þau Rav Singh og Jane Atkinson, eftir nánum vini skötuhjúanna að þau séu í skýjunum yfir þessum fréttum. „Það er of snemmt að gefa einhverjar yfirlýsingar en allir sem eru í kringum þau sjá hversu hamingjusamt parið er,“ sagði náinn vinur stjörnuparsins og heldur áfram. „Angelina getur ekki hætt að brosa og Brad gerir allt fyrir hana. Hún var smá veik í fyrstu en það er að mestu liðið hjá,“ sagði hann.

Samkvæmt heimildum blaðsins á Jolie að hafa farið í „leynilega“ ómskoðun á Santa Monica heilsugæslustöðinni í Kaliforníu. „Hún var með gleraugu og hatt þannig að enginn myndi þekkja hana. Þau fara að öllu með gát,“ sagði annar heimildarmaður News of the World.



**PITT OG ZAHARA MARLEY** Ákveðið hefur verið að stúlkan fái nafnið Zahara Marley Jolie Pitt þar sem „foreldrarnir“ vilja ekki mismuna börnunum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Angelina lauk nýverið tökum á myndinni The Good Shepherd með Matt Damon og Robert De Niro. Starfsmenn á tökustað tóku eftir því að hún var komin með kúlu því þegar hún sneri aftur eftir smá frí komst hún ekki í upphaflega búninginn vegna bumbunnar.

Pitt hefur þegar gengið ættleiddum börnum Jolie í föðurstað þannig að ný ofurfræg fjölskylda er senn að verða til. Brad hefur þegar tilkynnt fyrrverandi eiginkonu sinni, Jennifer Aniston, um að hann verði bráðum pabbi til að koma í veg fyrir að hún heyrði af því í gegnum einhvern annan. Eins og flestum ætti að vera kunnugt skildu Aniston og Brad og sagði Pitt ástæðuna vera að hann vildi eignast fjölskyldu. Honum virðist nú ætla að verða að ósk sinni. „Þau eru yfir sig ástfangin og það að Jolie skuli ekki lengur vera kona einsömul er rúsínan í pylsuendanum,“ hefur blaðið eftir heimildarmanni sínum.

Það er þó ekki bara óléttan sem ber hæst í fréttum af parinu hjá News of the World því blaðið greinir einnig frá því að Brad Pitt hafi keypt tvo hringa hjá Cartier skartgripasala. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur parið þó ákveðið að fresta brúðkaupinu fram yfir fæðingu barnsins. - fgg

Gleðilegt ár!










**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 3.45-5.50-8-10.10 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 4-5-7-8-10 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 4-7-10 | |
| KING KONG | KL. 6-8-10.10 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 8 | |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8 | |
| SAW 2 | KL. 10 | B.I. 16 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.30 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8-10.10 | |
| KING KONG | KL. 5.40-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.05 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8-10.45 | |
| KING KONG | KL. 5-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5-8-10.45 | B.I. 10 |

SAMBÍÓIN

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ofurfyrirsætan Kate Moss er sögð hafa fundið ástina á nýjan leik eftir að hafa hætt með rokkaranum Pete Doherty. Hinn heppni heitir James og er aðeins tvítugur að aldri. Nýverið sást til þeirra á skíðum í Aspen og gátu þau vart litið hvort af öðru. Talið er að Moss og James hafi hist á eyju viðskiptamógúlsins Richard Branson, Necker, sem er í Karíbahafi. Þangað fór Moss í meðferð til að jafna sig á kókaínfíkn sinni.

Barnastjarnan fyrrverandi Macaulay Culkin, sem sló í gegn í Home alone-myndunum, ætlar að taka þátt í nýrri þáttaröð af breska raunveruleikaþættinum Celebrity Big Brother. Vonast framleiðendur þáttarins til að Culkin muni þar láta allt flakka um dularfullt samband sitt við popparann Michael Jackson. Körfuboltakappinn fyrrverandi Dennis Rodman og hin brjóstgóða Anna Nicole Smith munu einnig koma fram í þættinum.



Poppprinsessan Britney Spears birtist óvænt með son sinn Sean Preston í hádegismat á uppáhaldsveitingastað sínum Moonshadows í Kaliforníu á gamlársdag. Spears hefur haldið syninum frá sviðsljósinu að undanförnu en ákvað að tími væri kominn til að hleypa honum út á meðal almennings. Að sögn sjónarvotta virtust mæðginin mjög hamingjusöm.



Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur samþykkt lög sem banna ágengum ljósmyndurum að ráðast á fólk til að ná ljósmyndum. Schwarzenegger lenti sjálfur illa í slíkum ljósmyndurum á sínum tíma er þeir þvinguðu hann og fjölskyldu hans út af vegi í miklum bílaeltingaleik. Má því segja að hann hafi náð fram einhvers konar hefndum með því að samþykkja lögin.




# Velkomin um borð!




**Þann 1. janúar tók Eimskip við rekstri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs**

Við tökum við því verkefni með stolti og ánægju og hlökkum til samstarfsins við heimamenn, gesti þeirra og starfsfólk ferjunnar. Þegar er hafin vinna sem miðar að því að bæta enn frekar þjónustu við farþega og auka vellíðan þeirra – milli lands og eyja.
Nú er hægt að bóka far, greiða og prenta út miða á *herjolfur.is*.
Einfalt, skilvirkt og þægilegt!

**Við bjóðum Vestmannaeyinga, landsmenn og aðra þá sem leið eiga milli lands og eyja, velkomna um borð.**

**HERJÓLFUR**
– milli lands og eyja

EIMSKIP | Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 5481 2991 | www.herjolfur.is



## Jón Arnór og Helena best

Körfuknattleikssamband Íslands útnefndi í gær Jón Arnór Stefánsson, leikmann Carpisa Napoli á Ítalíu, og Helenu Sverrisdóttur sem körfuknattleiksmenn ársins. Ekki er hægt að segja að valið komið á óvart en Jón Arnór varð Evrópumeistari í vor og Helena leiddi ungt lið Hauka til bikarmeistaratitilsins hér heima.

**sport**

sport@frettabladid.is

KVENNALIÐ ÍBV Í HANDBOLTANUM: TVEIR LEIKMENN EIGA VON Á BARNI

# *Frjósemin heggur skörð í kvennalið ÍBV*

Lið ÍBV í DHL-deild kvenna í handbolta hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku en tveir leikmanna liðsins eru barnshafandi og spila ekki meira með liðinu á leiktíðinni. Ungverski leikmaðurinn Nikolett Varga tilkynnti forráðamönnum ÍBV fréttirnar í fyrrdag og var ákveðið að segja upp samningi hennar við félagið þegar í stað. Eva Björk Hlöðversdóttir fylgdi strax í kjölfarið og greindi liðsfélögum sínum frá því að hún ætti einnig von á barni, en svo skemmtilega vill til að eiginmaður Evu Bjarkar er Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV.

„Okkur fannst ekki sanngjarnt gagnvart liðinu að leyna þessu lengur því það er komið að því að hún getur ekki æft mikið lengur. En það er ljóst að hún spilar ekki fleiri leiki,“ segir Alfreð og neitar því ekki að hentugra hefði verið ef barneignir hefðu beðið þar til eftir tímabilið. „En maður stjórnar því svo sem ekki,“ sagði Alfreð.

Ljóst er að frjósemin í Eyjum hefur höggvið stór skörð í kvennalið bæjarins. Eftir standa 11 leikmenn, þar af aðeins einn markmaður og segir Alfreð að ástandið sé vissulega orðið mjög erfitt. Þegar er búið er að loka fyrir leikmannagluggann og því ljóst að Eyjaliðið mun ekki geta fyllt skarð þeirra Evu Bjarkar og Varga. „Það verður mjög erfitt úr þessu að haldast á þeim stalli sem liðið hefur verið hingað til. En við höfum alla burði til að vera á meðal þeirra efstu og við ætlum okkur að gera það. Ég held að þetta velti svolítið á hvernig liðið bregst við strax í upphafi. Karlaliðið lenti í skakkaföllum fyrir ekki svo löngu og barði sig saman. Vonandi gerum við slíkt hið sama,“ segir Alfreð.



## > Háskólameistari til KR-B

B-lið KR í körfubolta karla, betur þekkt sem KR-Bumban, er að ganga frá samningum við bandaríska bakvörðinn Melvin Scott, sem liðið ætlar að tefla fram í leiknum gegn Grindavík í Powerade-bikarnum á laugardag. Melvin þessi er enginn aukvissi í íþróttinni heldur varð háskólameistari með North-Carolina í Bandaríkjunum í fyrra. Melvin hefur leikið í grísku og þýsku úrvalsdeildinni í vetur en er án liðs í augnablikinu. Ljóst er að þetta er mikill fengur fyrir Bumbuna, sem auk þess mun tefla fram mörgum gömlum stjörnum í leiknum gegn Grindavík.



Íþróttamaður ársins ferðast með stæl:

# Eiður til London í einkaþotu Baugs

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var krýndur íþróttamaður ársins við hátíðlega athöfn á Grand hóteli í gær. Þessi frábæri knattspyrnumaður hefur staðið í ströngu með Chelsea yfir hátíðirnar og fengið lítið frí. Hann flaug til landsins með Flugleiðavél seinni partinn í gær og stoppaði stutt því Chelsea vildi fá hann aftur á æfingu í dag.

Hann varð því að fljúga með einkaþotu til Lundúna snemma í morgun og samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins var það Baugur sem borgaði brúsann en til þeirra var leitað þegar ljóst varð að Eiður yrði að komast fljótt aftur til Lundúna. Annars hefði hann tæplega komist á athöfnina í gær.

Þetta er í annað sinn í sögunni sem íþróttamaður ársins flýgur heim í einkaþotu með styttuna góðu en það gerði fyrstur manna faðir Eiðs, Arnór Guðjohnsen, þegar hann var kjörinn íþróttamaður ársins 1987. - hbg



**EINKAÞOTAN GÓÐA** Þotan sem Eiður og fjölskylda flugu heim með í morgun er ekki ólík þessari, en með henni kom Jón Ólafsson í boði Baugs þegar hann seldi Norðurljós sællar minningar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Sjálfstraust og þrautseigja lykillinn að velgengni

**Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu og leikmaður enska úrvalsdeildarfélagsins Chelsea, var í gær útnefndur íþróttamaður ársins 2005, annað árið í röð.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í gær útnefndur Íþróttamaður ársins af samtökum íþróttafréttamanna en hann fékk atkvæði í fyrsta sætið frá öllum sem greiddu atkvæði í kjörinu, en hann er annar hópíþróttamaðurinn sem hlýtur þessa viðurkenningu tvö ár í röð.

Árið 2005 var einkar minnisstætt fyrir Eið Smára en hann varð enskur meistari með Chelsea, fyrstur Íslendinga, auk þess að verða deildarbikarmeistari og að komast annað árið í röð í undanúrslit meistaradeildar Evrópu.

Eiður Smári sagðist hafa átt alveg eins von á því að verða íþróttamaður ársins í kjölfar mikillar velgengni á síðasta ári. „Ég var nú ekki búinn að vera að leiða hugann mikið að þessu heldur reyndi ég að einbeita mér að því að spila vel með Chelsea og landsliðinu. Árið í fyrra var ár mikillar velgengni hjá mér og þess vegna bjóst ég alveg eins við því að fá viðurkenninguna, það sem þær hanga saman við góðan árangur á sviði íþróttana. Það er mikill heiður fyrir mig að vera útnefndur íþróttamaður ársins á Íslandi og ég er mjög stoltur af þessari viðurkenningu.“

Þetta er annað árið í röð sem Eiður Smári hlýtur þennan titil en í fyrra hafði knattspyrnumaður ekki hlotið viðurkenninguna síðan Arnór faðir hans fékk hana árið 1987. „Það var sérstaklega ánægjulegt í fyrra að hljóta viðurkenninguna, þar sem enginn knattspyrnumaður hafði fengið hana síðan pabbi fékk hana sautján árum áður.“

Ekkert knattspyrnufélag hefur skotist hraðar í átt að toppnum en Chelsea hefur gert á síðustu árum en eigandi liðsins, rússneski auðkýfingurinn Roman Abramovich, hefur eytt miklum fjármunum í félagið.

### Í uppáhaldi hjá Mourinho

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hefur látið Eið Smára leika í stöðu fremsta miðjumanns að undanförnu en áður var hann ávallt í fremstu víglínu. „Miðað við leikskipulagið sem við notum hjá Chelsea þá hentar mér að mörgu leyti betur að vera á miðjunni. Mourinho hefur talað um ég geti leikið sem framherji ef þess þarf. Mourinho hefur bætt viss smáatriði í leik mínum sem skipta samt miklu máli. Sigurvilji allra leikmanna hjá Chelsea er orðinn meiri. Þá er ég farinn að hreyfa mig meira án bolta inn á vellinum en ég gerði áður en ég er þó meðvitaður um að ég get enn bætt mikið.“

Eftir 1-3 sigurleik Chelsea á West Ham United kallaði Mourinho Eið Smára hinn ljóshærða Maradona, en Eiður lék afar vel í leiknum og var potturinn og pannan í sóknarleik Chelsea eftir að hafa komið inn á 12. mínútu leiksins fyrir Michael Essien sem meiddist. „Það er gott að fá klapp á bakið þegar vel gengur og gott að vita til þess að knattspyrnustjórinn hefur trú á manni.“

### Bjart framundan hjá landsliðinu

Íslenska landsliðið olli töluverðum vonbrigðum í undankeppni heimsmeistaramótsins í fyrra, en Eiður Smári bar leik liðsins uppi og lék vel í flestum leikjum liðsins. „Ég er tiltölulega bjartsýnn á gengi landsliðsins og sannfærður um að við getum betur en við sýndum í fyrra. Oft á tíðum var óheppnin að elta okkur. Það þarf að vinna betur í hugarfari leikmanna, sjálfstrausti og sigurvilja liðsheildarinnar. Stundum eru þetta kölluð smáatriði en þau skipta miklu máli ef árangur á að nást.“

### Miðlar til ungu kynslóðarinnar

Eiður Smári segist vel finna fyrir því að krakkar og unglingar á Íslandi líti upp til hans þar sem hann er fyrirliði íslenska landsliðsins auk þess að vera áberandi á alþjóðlegu leiksviði fótboltans. „Vitaskuld finn ég vel fyrir því að upp til mín er litið. Því miður gefst mér ekki mikill tími til þess að heimsækja knattspyrnufélög hér á landi á veturna en ég reyni þó að gera það eftir bestu getu á sumrin. Allir ungir krakkar sem hafa hug á því að ná langt í íþróttum verða að hafa mikla trú á sjálfum sér og sýna óbilandi þrautseigju þegar á móti blæs. Saman við hæfileika og dugnað við æfingar eru allir vegir færir.“

magnush@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI OG ARNÓR GUÐJOHNSEN** Eiður Smári sést hér með styttuna góðu sem faðir hans vann árið 1987, árið sem hann var kosinn besti leikmaðurinn í Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS

| | |
|---|---|
| 1. Eiður Smári Guðjohnsen, knattsp. | 460 |
| 2. Guðjón Valur Sigurðsson, handb. | 287 |
| 3. Ásthildur Helgadóttir, knatts. | 203 |
| 4. Jón Arnór Atefánsso, körfub. | 131 |
| 5. Þóra B. Helgadóttir, knattsp. | 78 |
| 6. Gunnar H. Þorvaldsson, knattsp. | 72 |
| 7. Hermann Hreiðarsson, knattsp. | 71 |
| 8. Ólöf María Jónsdóttir, golf | 58 |
| 9. Snorri S. Guðjónsson, handkn. | 6 |
| 10. Jakob Jóhann Sveinsson, sund | 37 |
| 11. Róbert Gunnarsson, handkn. | 34 |
| 12.-13. Jón O. Halldórsson, frjálsar | 29 |
| 12.-13. Sigurður Sigurðars., hestar | 29 |
| 14. Birgir Leifur Hafþórsson, golf | 25 |
| 15. Þórey Edda Elísdóttir, frjálsar | 21 |
| 16. Árni Gautur Arason, knattsp. | 19 |
| 17. Björn Þorleifsson, tækvondo | 16 |
| 18. Heiðar Davíð Bragason, golf | 12 |
| 19. Ólafur Stefánsson, handkn. | 11 |
| 20. Kristjana S. Ólafsdóttir, fimle. | 10 |
| 21. Arnar Sigurðsson, tennis | 7 |
| 22.-24. Margrét L. Viðarsdóttir, knattsp. | 4 |
| 22.-24. Ragnhildur Sigurðard., golf | 4 |
| 22.-24. Þormóður Jónsson, júdó | 4 |
| 25.-26. Björgvin Björgvinsson, skíði | 3 |
| 25.-26. Kristín R. Hákonardóttir, sund | 3 |
| 27.-28. Berglind Hansdóttir, handb. | 2 |
| 27.-28. Greta M. Samúelsdóttir, knatt. | 2 |
| 29. Grétar Rafn Steinsson, knatt. | 1 |

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska Úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ARSENAL - MAN. UTD | 0-0 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **21** | **19** | **1** | **1** | **46-10** | **58** |
| MAN. UTD. | 21 | 13 | 5 | 2 | 40-17 | 45 |
| **LIVERPOOL** | **19** | **12** | **5** | **2** | **28-11** | **41** |
| TOTTENHAM | 20 | 10 | 7 | 3 | 29-18 | 37 |
| **WIGAN** | **21** | **11** | **1** | **9** | **25-26** | **34** |
| ARSENAL | 20 | 10 | 3 | 6 | 27-15 | 34 |
| **BOLTON** | **19** | **9** | **5** | **5** | **25-20** | **32** |
| BLACKBURN | 20 | 9 | 3 | 8 | 26-25 | 30 |
| **MAN. CITY** | **20** | **8** | **4** | **8** | **27-22** | **28** |
| WEST HAM | 21 | 7 | 5 | 9 | 27-30 | 26 |
| **NEWCASTLE** | **20** | **7** | **5** | **8** | **20-23** | **26** |
| ASTON VILLA | 21 | 6 | 7 | 8 | 25-30 | 25 |
| **CHARLTON** | **19** | **8** | **1** | **10** | **24-30** | **25** |
| FULHAM | 21 | 6 | 5 | 10 | 25-30 | 23 |
| **EVERTON** | **21** | **7** | **2** | **12** | **14-31** | **23** |
| M´BROUGH | 20 | 5 | 7 | 8 | 25-30 | 22 |
| **WBA** | **21** | **5** | **4** | **12** | **20-31** | **19** |
| PORTSMOUTH | 21 | 4 | 5 | 12 | 16-33 | 17 |
| **BIRMINGHAM** | **20** | **4** | **4** | **12** | **15-29** | **16** |
| SUNDERLAND | 20 | 1 | 3 | 16 | 15-38 | 6 |



**EIÐUR OG MOURINHO** Portúgalski þjálfarinn hefur greinilega ekki misst trúna á sínum Maradona.

Eiður Smári Guðjohnsen:

# Ljóshærði Maradona

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, var svo ánægður með frammistöðu Eiðs Smára Guðjohnsen í leiknum gegn West Ham í fyrradag að hann líkti honum við sjálfan Diego Maradona eftir leikinn. Eiður Smári kom inn á á 13. mínútu fyrir Michael Essien og lagði meðal annars upp síðasta mark liðsins fyrir Didier Drogba.

„Ég sagði honum eftir leikinn að hann væri hinn ljóshærði Maradona. Utanfótar sendingar hans voru stórkostlegar," sagði Mourinho við enska fjölmiðla í gær og bætti við að Eiður Smári gæti leyst allar þær stöður sem hann væri í vandræðum með að fylla. Ekki er vitað hversu alvarleg meiðsli Essien eru en auk þess tognaði Hernan Crespo lítillega í leiknum og þá eru Geremi og Drogba á leið á Afríkumótið.

„Hann spilaði frábærlega gegn Man. City og Birmingham svo að hinn ljóshærði Maradona getur vel spilað framherja er þörf krefur," segir Mourinho. **- vig**

Maraþonleikur í NBA:

# Þrjár framlengingar og 273 stig

**KÖRFUBOLTI** Leikmenn New York Nicks og Phoenix Suns í NBA-deildinni skoruðu samtals 273 stig í sannkölluðum maraþonleik í fyrrinótt þar sem úrslit réðust ekki fyrr en eftir þrjár framlengingar. Það voru að lokum heimamenn í New York sem fögnuðu sigri, 140-133.

„Þetta var ótrúlegur sigur í ótrúlegum leik. Ég er mjög þreyttur," sagði Stephon Marbury, leikmaður New York, eftir leikinn en hann skoraði 32 stig og gaf 10 stoðsendingar í leiknum sem var sá lengsti í NBA það sem af er leiktíð, en alls stóð leikurinn yfir í rúmar þrjár klukkustundir. Jamal Crawford bætti við 29 stigum fyrir New York, en þetta var aðeins annar sigur liðsins í síðustu 12 leikjum.

Frábær leikur Steve Nash, leikstjórnanda Pheonix, dugði ekki til að þessu sinni en hann skoraði 28 stig og gaf 22 stoðsendingar. Stighæstur Phoenix var þó Shawn Marion en hann skoraði heil 39 stig. **- vig**

Leikur Arsenal og Man. Utd í gærkvöld:

# 0-0 Baráttujafntefli á Highbury

**FÓTBOLTI** Arsenal byrjaði betur leikinn á heimavelli sínum í gær og ógnaði marki Man. Utd í tvígang, án þess þó að skapa mikla hættu upp við mark andstæðingana.

Manchester United komst svo smám saman inn í leikinn og ógnuðu ungu mennirnir Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo sérstaklega mikið.

Ronaldo fékk besta færi fyrri hálfleiks þegar hann skaut langt yfir markið úr vítateignum eftir að Jens Lehmann, markvörður Arsenal, hafði varið skot frá Ruud van Nistelrooy.

Manchester United kom svo ákveðið til leiks í seinni hálfleik og hafði ágætis tök á leiknum framan af hálfleiknum. Heimamenn gáfust þó ekki upp og settu leikmenn Man. Utd mikla pressu í þrígang á andstæðingana, en sterk vörn Man. Utd stóð vaktina vel og varðist öllum áhlaupum. **- mh**



**SOL CAMPBELL OG RUUD VAN NISTELROOY** Campbell og Nistelrooy börðust oft harkalega um knöttinn í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 – 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt – atvinnu, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt - atvinna

– mest lesna atvinnublaðið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Man has a choice and it's a choice that makes him a man."**

**Svar:** Cal Trask úr kvikmyndinni East of Eden frá árinu 1955.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SAKNAR TANTRA ÞÁTTANNA

# *Hvar er hagnýt fræðsla í sjónvarpi?*

Þegar ég var yngri hundleiddust mér kennsluþættir sem sýndir voru í sjónvarpi. Hægt var að læra frönsku, þýsku og ítölsku í gegnum illa framleidda þætti. Sem betur fer lögðust þeir fljótlega af enda netið og skyndikúrsar orðnir allsráðandi í símenntun landans. Reyndar er þessi möguleiki enn fyrir hendi hjá BBC og ég sá einu sinni grískukennslu sem minnti frekar á lélegt karókí-myndband en fræðslu um gríska tungu. Fyrir nokkrum árum tók Skjár einn sig til og bauð upp á kennslu sem vakti mikla athygli og naut ómældra vinsælda meðal ungra elskenda sem eldri para. Guðjón Bergman, íslenski jóga–gúrúinn, birtist eins og skrattinn úr sauðarleggnum og kenndi Íslendingum kúnstina að tantra. Vegna áhugaleysis hins kynsins náði ég ekki að nýta mér þessar kvöldstundir en vikulega sátu Íslendingar límdir fyrir framan skjáinn og horfðu á venjulegt fólk auðga samlíf sitt með þessari fornu aðferð.

Það er söknuður að svona rammíslensku efni sem höfðar til veruleikans eins og hann er og leysir vandamál sem hið venjulega meðalljón fæst við . Hvernig væri að íslenskar sjónvarpsstöðvar tækju upp á því að kenna Íslendingum eitthvað hagnýtt eða sniðugt og nýttu sjónvarpstæknina til að koma einhverju jákvæðu til leiðar. Væri ekki ráð að fá einhverja sniðuga fjármálaráðgjafa til að vera með stutt innslög sem hjálpað gætu taugaveikluðum visakortshöfum að leysa komandi reikning? Gæti Yasmine Olsen ekki kennt taktlausum karlpeningi, sem treður niður kvenmannstær í hverri viku, nokkur grundvallar dansspor á örskömmum tíma? Hvernig væri að fá áðurnefndan Guðjón til að sýna okkur lystisemdir Kama Sutra? Þetta er fræðsla sem við gætum nýtt okkur á þessum síðustu og verstu tímum.



**GUÐJÓN BERGMAN** Kenndi okkur að tantra fyrir ekki margt löngu og nú er kominn tími fyrir kennslu af slíku tagi aftur.



▶ 21.25 *Gaman*

EXTRAS



▶ 21.15 *Spjall*

OPRAH



▶ 21.00 *Kvikmyndir*

OPEN WATER



▶ 21.00 *Lífsstíll*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 19.10 *Körfubolti*

HARLEM GLOBETROTTERS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Steini (30:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (16:42)

**18.31 Líló og Stitch (54:65)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (16:22)**
▶ **21.25 Aukaleikarar (2:6)** (Extras) Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu, meðal annarra Ben Stiller, Kate Winslet og Samuel L. Jackson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Kveðja frá Ríkisútvarpinu**

**23.10** Gerð myndarinnar A Little Trip to Heaven **23.40** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Whose Line Is it Anyway? **13.30** Sjálfstætt fólk **14.05** Wife Swap **14.55** Kevin Hill **15.55** BeyBlade **16.20** Ginger segir frá **16.40** Smá skrítnir foreldrar **17.05** Könnuðurinn Dóra **17.30** Pingu **17.35** Bold and the Beautiful **18.00** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (14:22)**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Supernanny (9:11)**
▶ **21.15 Oprah (23:145)** (George Clooney, Faith Hill and Kirstie Alley: What You Didn')
**22.00 Detective** (Rannsóknarlögreglan) Framhaldsmynd mánaðarins er spánýsakamálamynd í tveimur hlutum byggð á sögueftir Arthur Hailey. Í myndinni leikur Tom Berenger rannsóknarlögreglumann og fyrrverandi kaþólskan prest sem sneri baki við kirkjunni er hann ákvað að gifta sig og eignast fjölskyldu. Bönnuð börnum.

**23.25** Stelpurnar **23.50** Numbers (Bönnuð börnum) **0.35** ABC Special – Teri Hatcher **0.55** Pandaemonium **2.55** Deadwood **3.50** Supernanny **4.35** Third Watch **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki.
**19.30 Game TV!**
**20.00 Friends 6 (1:24)**
**20.30 Party at the Palms (7:12)**
▶ **21.00 Open Water** Ungt par fer í fríinu sínu í köfunarleiðangur en gleymist síðan út í miðju hafinu. Þar eru þau föst á reki án þess að vita hvar þau eru, hvert þau rekur eða það sem meira er, hvað sé fyrir neðan þau. Engar tæknibrellur voru notaðar við gerð myndarinnar og þurftu leikarar myndarinnar að vera í sjónum umkringdir raunverulegum hákörlum.
**22.20 Laguna Beach (3:17)**
**22.45 Fabulous Life of (8:20)**

**23.10** Friends 6 (1:24) (e) **23.35** The Newlyweds (23:30)

## SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 9. þáttaröð

**18.30 Innlit / útlit (e)**
**19.30 Fasteignasjónvarpið**
**19.40 Will & Grace (e)**
**20.10 Jamie Oliver's School Dinners** Skólinn er byrjaður aftur eftir frí og Jamie er bæði kvíðinn og spenntur að sjá hvort kokkarnir í skólanum standi sig vel í eldamennskunni.
▶ **21.00 Queer Eye for the Straight Guy** Samkynhneigðar tískulöggur gefa gagnkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.
**22.00 Law & Order: SVU**
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.50** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Íþróttamaður ársins 2005**
▶ **19.10 Harlem Globetrotters: The Team** Liðið sem breytti heiminum. Liðsmenn Harlem Globetrotters eru vægast snillingar með körfubolta.
**20.05 Bestu bikarmörkin** (FA Cup Greatest Goals 1)
**21.00 Enski boltinn** (Tottenham – Man. City) Leikur frá 4. febrúar 2004.
**22.45 Erlendur íþróttaannáll 2005** Rifjum upp öll helstu atvikin á íþróttaárinu 2005. Liverpool Evrópumeistari, Tiger Woods átti draumahögg, boxbardagi allra tíma, FH tapaði aðeins tveimurleikjum í sumar í deildinni, fyrsti bikar Eiðs Smára og margt fleira.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Majestic **8.30** Jón Oddur og Jón Bjarni **10.05** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **12.00** Uncle Buck **14.00** The Majestic **16.30** Jón Oddur og Jón Bjarni **18.05** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **20.00 Uncle Buck** (Buck frændi) **22.00 The Stepford Wives** (Stepford-eiginkonurnar) Aðalhlutverk: Bette Midler, Glenn Close, Matthew Broderick og Nicole Kidman. Bönnuð börnum. **0.00** A Guy Thing (Bönnuð börnum) **2.00** Bandits (Bönnuð börnum) **4.00** The Stepford Wives (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Hot Love Gone Bad **14.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **15.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **16.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **17.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** Party @ the Palms **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Style Star **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Fulham – Sunderland frá 2.1 **16.00** Everton – Charlton frá 2.1 **18.00** W.B.A. – Aston Villa frá 2.1

**19.50 Man. City – Tottenham (b)**
**22.15 Arsenal – Man. Utd. frá 3.1** Leikur sem fram fór í gærkvöld.

**0.15** West Ham – Chelsea frá 2.1 **2.15** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

My Sweet Fat Valentina **Stöð 2** kl. 10.20

## *Ný sápuópera á Stöð 2*



*Aðalleikarar í þessari nýju s-amerísku sápuóperu*

Nýir framhaldsþættir, s-amerísk sápuópera af bestu gerð, sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan hefur göngu sína á Stöð 2. Framhaldsþættirnir fjalla um Valentínu, unga og svolítið svera konu sem karlmönnum þykir ómótstæðileg, enda er hún yndislega ljúf og góð og með kímnigáfuna í lagi. Þættirnir My Sweet Fat Valentina eru fullir af hlátri og rómantík. Leikkonan Natalia Streignard fer með hlutverk Valentínu, ungrar konu sem hefur lært að samþykkja sjálfa sig eins og hún er í raun og veru: með helling af aukakílóum en full af ást og einlægni þó hún geti alls ekki hætt að borða. Hún fyllir upp í tómleikakenndina með sælgætisáti en það eina sem hún hefur upp úr því eru blessuð aukakílóin. Það er enginn vafi á að leikkonan, Streignard, hefur þurft að reyna á hæfileika sína til að ná að skapa þennan skemmtilega karakter, persónu sem sést ekki oft í sjónvarpi. Aðrir leikarar í þáttunum eru Amilia Pérez Díaz, Carlos Marquez, Hilda Abrahms og Flavio Caballero. Þættirnir verða sýndir alla virka daga á morgundagskrá Stöð 2.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Áramót **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Sáðmenn söngvanna **21.00** Hátíð á fjöllum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Átjánda landsmót hagyrðinga **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶ 20.10**

*Fréttir*

SKAFTAHLÍÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegi-fréttaviðtal

**13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og verðurs.

**20.00** **Fréttir**
▶ **20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Frontline** (Let's Get Married) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og verðurs. **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

### EUROSPORT

**12.30** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **16.00** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **16.15** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **18.00** Ski Jumping: World Cup Innsbruck **19.45** All Sports: Wednesday Selection **20.00** Equestrianism: World Cup Mechelen **21.00** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **21.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Kick Boxing: Praag **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**12.00** Porridge **12.30** Butterflies **13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Popcorn **21.00** The Divine Michelangelo **22.00** Final Demand **23.25** Alistair McGowan's Big Impression **0.10** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Trouble with Love **1.30** Trouble with Love **2.00** Flooded Britain

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Gladiator Wars **13.00** Rome – The Model Empire **14.00** Inside 9/11 **15.00** Inside 9/11 **16.00** Inside 9/11 **17.00** Inside 9/11 **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** Hunter Hunted **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** War of the Worlds – The Real Story **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Seconds from Disaster **1.00** War of the Worlds – The Real Story

### ANIMAL PLANET

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Wild Indonesia **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Wild Indonesia **2.00** The Snake Buster

### CLUB

**12.20** Innertainment **12.45** Matchmaker **13.10** Fashion House **13.35** E-Love **14.00** It's a Girl Thing **14.30** Fantasy Open House **15.00** Weddings **15.30** Crime Stories **16.30** Design Challenge **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Paradise Seekers **18.15** Fantasy Open House **18.40** E-Love **19.05** Girls Behaving Badly **19.30** Weddings **20.00** Awesome Interiors **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Women Talk **23.00** My Messy Bedroom **23.30** Staying in Style **0.00** Power Food **0.30** The Villa **1.25** Weddings **1.50** Innertainment






## HRÓSIÐ

*...fær Quentin Tarantino fyrir að skemmta Íslendingum yfir áramótin með vel heppnaðri bíóveislu.*

**ÞRÍR SPURÐIR** 130 MILLJÓNIR RAGNHILDAR GEIRSDÓTTUR HAFA VAKIÐ ATHYGLI

# Hvað myndir þú gera við 130 milljónir?

### Byrja á góðverki



Ég myndi byrja á því að vinna eitthvað góðverk og svo myndi ég fara að hugsa málið. Sennilega myndi ég eyða þessu í eitthvað skynsamlegt. Maður á nú í rauninni allt sem maður þarf en ég myndi kannski endurnýja eitthvað. Það er erfitt að taka svona ákvörðun að óyfirlögðu ráði en ég myndi láta góðverkið ganga fyrir.

Signý Sæmundsdóttir söngkona.

### Gæti keypt heiminn



Ég var reyndar að hugsa þetta í gærmorgun. Þessi upphæð er eiginlega það stór að mér finnst eins og ég gæti keypt allan heiminn með henni. En svona í alvöru þá myndi ég helst vilja geta sinnt hönnunarvinnu minni af fullum krafti án fjárhagsáhyggja. Sú vinna er ofboðslega tímafrek ef maður ætlar að ná árangri en hún er aldrei verðlögð og erfitt er að fá styrk eða fjármagn í hana, eins nauðsynlegt og það er.

Ólöf Erla Bjarnadóttir leirkerasmiður.

### Gítara og flygil



Ætli ég myndi ekki bara algjörlega missa mig. Nei ætli maður myndi ekki reyna að vera vitur og setja meirihlutann í banka og spara. En auðvitað myndi maður kannski kaupa eitthvað sem mann hefur alltaf langað í. Persónulega myndi ég kaupa mikið af gíturum og örugglega flygil í stofuna og eitthvað þess háttar.

Vignir Snær Vigfússon tónlistarmaður.



**LÁRÉTT**
2 mjög 6 bardagi 8 skordýr 9 erfiði 11 skóli 12 eggjarauðu 14 spaug 16 dreifa 17 efni 18 frændbálkur 20 tónlistarmaður 21 þekkja leið.

**LÓÐRÉTT**
1 spjall 3 tveir eins 4 dagatal 5 sefa 7 ágiskun 10 sunna 13 besti árangur 15 svall 16 haf 19 tveir eins.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 afar, 6 at, 8 flö, 9 bís, 11 ma, 12 blóma, 14 glens, 16 sá, 17 tau, 18 ætt, 20 kk, 21 rata.
**LÓÐRÉTT:** 1 rabb, 3 ff, 4 almanak, 5 róa, 7 tilgáta, 10 sól, 13 met, 15 sukk, 16 sær, 19 tt.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1 Hann var sleginn til riddara
2 Kolbeinn Gunnarsson
3 Pólverjar

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



**SIGURLÍNA OG SALKA** Halldóra Geirharðsdóttir og Ilmur Kristjánsdóttir í hlutverkum mæðgnanna MYND/ BORGARLEIKHÚSIÐ

BORGARLEIKHÚSIÐ: FRJÓSEMISGYÐJA Í LEIKSTJÓRASTÓL

# Salka Valka í fæðingarorlof

Senn fer hver að verða síðastur til að berja Sölku Völku augum á sviði Borgarleikhússins - á þessu leikári að minnsta kosti. Svo er mál með vexti að aðalleikkonurnar, Ilmur Kristjánsdóttir, sem leikur Sölku, og Halldóra Geirharðsdóttir, sem leikur Sigurlínu móður hennar, ganga eru báðar með barni og verður sýningum því hætt mun fyrr en gert var ráð fyrir.

„Þetta kemur sem betur fer til af góðu, þær eru svo frjósamar hjá mér konurnar,“ segir Edda Heiðrún Backman, leikstjóri Sölku Völku og kveðst síður en svo hugsa Ilmi og Halldóru þegjandi þörfina. „Alls ekki, ég er svo ánægð þegar gott fólk fjölgar sér.“

Eddu finnst það býsna merkilegt að frjósemin virðist elta hana á röndum: auk Ilmar og Halldóru varð Jóhanna Vigdís Arnardóttir aðstoðarleikstjóri líka ófrísk, tvær leikonur í Mýrarljósi sem Edda Heiðrún leikstýrði fyrir skemmstu urðu ófrískar á meðan sýningum stóð, og brátt leikstýrir hún Átta konum þar sem fjórar leikkonur eru ófrískar. Er nema von að sú spurning vakni hvort Edda Heiðrún sé frjósemisgyðja leikhússins? „Það vona ég að minnsta kosti,“ svarar hún og hlær.

Hún segist ennfremur dást að aðalleikonunum sínum „Þetta eru svo ótrúlega sterkar konur og það hefur ekki þurft að breyta neinu eða taka sérstakt tillit til þeirra hingað til, en það fer að breytast því þær eru gengar svo langt. Það byði reyndar upp á nýjar túlkanir að hafa mæðgurnar kasóléttar á sviðinu; þetta eru nefnilega dálítið dónalegar stelpur,“ segir Edda og hlær.

Þetta eru ekki einu breytingarnar sem hafa orðið á sýningunni; um jólin æfði Edda Heiðrún þær Hildigunni Þráinsdóttur og Kristjönu Skúladóttur í rullur Höllu Vilhjálmsdóttur og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur, sem hurfu til annarra starfa. „Þetta minnir mann á það að það er ekki hægt að sleppa höndunum af verkinu sama hvað líður á sýninguna,“ segir hún. „Þetta er eins og að ala upp ungling; maður þarf að vera í stöðugu sambandi, fylgjast vel með og vera tilbúinn að grípa inn í ef með þarf.“

Þeir sem vilja sjá Sölku Völku á þessu ári þurfa að hafa hraðann á, aðeins þrjár sýningar eru eftir í janúar og óvíst er hvort þeim verður haldið áfram í febrúar. „Það veltur allt á líðan Halldóru en hún er komin á síðustu metrana,“ segir Edda. „Kannski verður hægt að bæta við aukasýningum ef það blæs í seglin sem ég vona að gerist.“

Þar sem sýningar hætta fyrr en ráðgert var segir Edda hins vegar ekki loku fyrir það skotið að þær verði teknar upp að nýju í haust.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bart Cameron, ritstjóri tímaritsins Reykjavík Grapevine, íhugar að kæra DV fyrir meiðyrði vegna skrifa þess um Sindra Eldon, blaðamann á tímaritinu og son Bjarkar Guðmundsdóttur. Bart segist í yfirlýsingu sinni hingað til hafa staðið með DV í opinskáum skrifum blaðsins en nú verði ekki lengur við unað því greinin um Sindra sé langt yfir öllum velsæmismörkum. Segist hann sjálfur hafa sloppið við slæma umfjöllun þrátt fyrir að hafa skrifað oft á tíðum harðorða tónlistargagnrýni en Sindra hafi aftur á móti ekki verið hlíft, einfaldlega vegna þess að hann sé Íslendingur. Bart ber Sindra jafnframt vel söguna og segir hann afar færan blaðamann þrátt fyrir ungan aldur.



Skáksnillingurinn sérlundaði Bobby Fischer, sem fluttist hingað til lands síðasta vor, hefur verið lítið í sviðsljósinu að undanförnu. Farþegar með strætisvögnum Reykjavíkur hafa þó orðið töluvert varir við hann því nýverið keypti Fischer rauða kortið sem veitir honum greiðan aðgang að hvaða strætisvagni sem er. Þrátt fyrir að vera vel stæður virðist Fischer ekki hafa áhuga á að aka eigin bíl eða taka leigubíl fyrir ferðalög sín um höfuðborgarsvæðið og þykir mörgum þetta bera vott um sérvitringshátt hans.



Leikstjórarnir Quentin Tarantino og Eli Roth fengu báðir úr hjá Gilberti úrsmiði áður en þeir fóru heim til Bandaríkjanna eftir eftirminnilega dvöl hér á landi. Um sérstök úr af gerðinni JS er að ræða sem eru sett saman hér á landi og voru þeir félagar hrifnastir af frumgerðinni. Tarantino fékk úr númer 35 og Roth númer 34. Tim Goldberg, framleiðandi hjá Ocean Park Pictures í Hollywood, mætti einnig til Gilberts og fékk sér úr númer 20.



Glæný Ýsa
Hrogn
Lifur
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# 8000 manns á Himnaförina

A Little Trip to Heaven fór vel af stað í kvikmyndahúsum Breiðfjörð hjá Senu sem sér um dreifingu myndarinnar hér á landi. „Tæplega átta þúsund manns komu á hana á einni viku sem við teljum nokkuð gott enda hafa íslenskar kvikmyndir ekki haft tilhneigingu til þess að byrja með hvelli eins og bandarísku myndirnar,“ útskýrði hann og sagði ennfremur að tónlist Mugison úr myndinni hefði einnig selst vel.

Baltasar Kormákur leikstýrir, skrifar handritið og er annar aðalframleiðandi myndarinnar og hann var að vonum sáttur við viðtökurnar. „Það hefur yfirleitt ekki gengið vel þegar íslenskar myndir hafa verið á ensku,“ sagði hann. „Þetta hefur hins vegar gengið vonum framar enda er samkeppnin mikil um jólin og þetta er ekki auðveldasti tíminn til að frumsýna mynd,“ bætti hann við. Framundan hjá honum eru nú æfingar á leikritinu Pétri Gaut sem hann leikstýrir en svo tekur við ferðalag til Bandaríkjanna þar sem A Little Trip verður sýnd á Sundance-hátíðinni. „Það er gott að fara með þetta veganesti í slíkt ferðalag.“



**WHITAKER OG STILES** Hollywood stjörnurnar Forest Whitaker og Julia Stiles eru í aðalhlutverkum í kvikmyndinni A Little Trip to Heaven sem fékk prýðisgóða aðsókn yfir jólin og áramót.

A Little Trip gerist í smábænum Hastings og segir frá því þegar tryggingarrannsóknarmaðurinn Holt mætir á svæðið til að rannsaka dularfullt andlát manns sem skilur eftir sig eina milljón dollara í líftryggingu. Sú á að falla í skaut Isoldar en við rannsókn málsins kemst Holt að því að ekki er allt sem sýnist. Með helstu hlutverk í myndinni fara þau Forest Whitaker og Julia Stiles. -fgg

LOKAÐ Í DAG
ÚTSALAN HEFST
Í FYRRAMÁLIÐ
KL.07.00

NEXT
KRINGLUNNI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

## Heit og óskir

Í fyrsta sinn strengdi ég áramótaheit nú á gamlárskvöld. Þótt ég hafi velt því fyrir mér áður hef ég alltaf gleymt mér í töfrum augnabliksins á miðnætti á gamlárskvöld og þess í stað óskað mér einhvers sem ég vildi að rættist á hinu nýja ári.

**ÉG** veit að það er eintóm sjálfselska fólgin í því að óska sér einhvers. Það krefst einskis að vænta þess að maður fái eitthvað upp í hendurnar. Ármótaheitin fela hins vegar í sér jákvæða breytingu á lífi manns og krefjast þess að maður leggi eitthvað á sig til þess að halda þau. Ég ætla mér alls ekki að óska mér einhvers á áramótunum, heldur bara gerist það. Tólfta högg kirkjuklukknanna dynur og algleymið nær yfirhöndinni.

**MÉR** til varnar er að þessar óskir mínar eru ekki af veraldlegum toga spunnar heldur hef ég óskað heilbrigðis fyrir mig og fjölskyldu mína, hamingju, jákvæðni, lífsgleði og fleiru í þá áttina. Kannski er allt í lagi að leyfa sér það á annarri eins töfrastundu en samt sem áður ákvað ég að beita mig hörðu um þessi áramót. Þegar klukkan sló tólf og nýja árið gekk í garð hét ég því að ég skyldi leggja mig alla fram á þessu ári að verða betri manneskja. Ég skyldi gæta sérstaklega að því að koma vel fram við þá sem ég elska og minna mig á, dag hvern, hversu heppin ég er að eiga jafngóða ástvini og raun ber vitni.

**ÉG** hét sjálfri mér því að leggja mig sérstaklega fram við að sýna ástvinum mínum þá ást, hlýju, umhyggju, þolinmæði, kurteisi, einlægni, hreinskilni og alúð sem þeir eiga skilið. Ég hef nefnilega staðið sjálfa mig að því að leyfa mér ýmsa framkomu við ástvini mína sem ég myndi aldrei leyfa mér gagnvart kunningjum eða starfsfélögum. Kannski er ég svo örugg um að ástvinirnir fyrirgefi mér miklu meira en þeir sem standa mér fjær, og því hef ég ósjálfrátt gengið á lagið með það. Leyft mér að pirrast, sýna ósanngirni eða óþolinmæði þegar enginn á það skilið frá mér. En það er einmitt það sem maður á ekki að gera. Því hvað er mikilvægara í lífinu en þeir sem standa manni næst? Og hví gerir maður ekki sömu kröfur til sín í samskiptum við þá eins og maður gerir í samskiptum sínum við ókunnugt fólk?

**ÞESSAR** spurningar komu upp í huga mér nú um jólahátíðina og því ákvað ég að strengja þess heit um áramótin að á árinu 2006 skyldi ég gera meiri kröfur til mín í samskiptum mínum við ástvini mína og leggja mig fram við að koma enn betur fram við þá. Og vonandi verð ég betri manneskja fyrir vikið. ■

www.volkswagen.is

Volkswagen Golf
Vinsælasti bíll í Evrópu




Aukabúnaður á mynd: álfelgur og litasamsetning

Trendline-tilboð
Golf 1,6 Trendline. Verð áður 1.890.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.
10% útborgun og 23.990 kr. afborgun á mánuði*

600 þúsund bílar seldir

Volkswagen Golf er langvinsælasti bíllinn í Evrópu. Á síðasta ári voru nýskráningar á Golf um 600 þúsund. Volkswagen er jafnframt með mestu markaðshlutdeild allra bílaframleiðenda í Evrópu samkvæmt European Automobile Association (ACEA).

Vinsældir Golf og annarra tegunda frá Volkswagen koma okkur ekki á óvart þar sem framsækin hönnun á traustum grunni er aðalsmerki fyrirtækisins.

Komdu og finndu sjálf(ur) hvað það er sem heillar Evrópubúa.

Aus Liebe zum Automobil

* Miðað við bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Skráning á heimasíðu skólans
4. - 17. janúar

FJARNÁM
ÖFLUGT OG ÓDÝRT

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS